

**allt**

Vigdís Másdóttir:

*Stundar líkamsrækt í vinnunni*

• heilsa

**Í MIÐJU BLAÐSINS ▶**

Salmann Tamimi:

*50 ára í dag*

• bíður eftir að verða hundrað ára

**SÍÐA 18 ▶**



Clint Eastwood:

*Gamli jaxlinn fékk Óskar á ný*

• leið eins og krakka

**SÍÐA 26 ▶**



21 árs landsliðið á heimavelli:

*Handboltahátíð um páskana*

• nóg að gera hjá hsí

**SÍÐA 20 ▶**




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

1. mars 2005 – 58. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir


**ÞRIÐJUDAGUR**



**BONDEVIK ÁHUGASAMUR** Kjell Magne Bondevik, forsætisráðherra Noregs, segir í viðtali við Fréttablaðið að Norðmenn og Íslendingar reiði sig mjög hvorir á aðra. Ef annað landið gengi í Evrópusambandið yrði hitt að fylgja á eftir. Norðmenn yrðu að gefa upp forræði yfir fiskimiðum gengju þeir í ESB. **Sjá síðu 14**

**STÓR ÁKVÖRÐUN AÐ HÆTTA Á ÞINGI** Bryndís Hlöðversdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, hættir á þingi 1. ágúst og tekur við starfi deildarforseta lögfræðideildar á Bifröst. Hún segir að lögfræðin hafi togað í sig og hún hafi ekki viljað sleppa þessu tækifæri.**Sjá síðu 2**

**HARMLEIKUR Í HILLAH** Að minnsta kosti 115 manns týndu lífi í Írak í gær þegar bílsprengja var sprengd í bænum Hillah. Aldrei hafa jafn margir farist í einni hryðjuverkaárás í landinu síðan hernám þess hófst. **Sjá síðu 4**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**BJART MEÐ KÖFLUM** vestan til og sumstaðar fyrir norðan. Annars léttskýjað. Hiti 1-5 stig en vægt frost fyrir norðan. **Sjá síðu 4**

**DAGURINN Í DAG**



**SKÁLDASPÍRUR SKEGGRÆÐA** Dágóður hópur rithöfunda kemur fram á Skáldaspírukvöldi sem verður haldið á Kaffi Reykjavík klukkan átta í kvöld. Þar koma fram Bragi Ólafsson, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, Þórarinn Kristjánsson, Anna Hrefnudóttir og Sóley Þorvaldsdóttir.


| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 26 | Myndlist | 24 |
| Tónlist | 24 | Íþróttir | 20 |
| Leikhús | 24 | Sjónvarp | 28 |



**Dagblaðalestur á þriðjudögum***




*Landið allt skv. fjölmiðlakönnun Gallups, nóv. 2004.


# Krónan hefur kallað á stríð

## Verðstríðið er komið til að vera segir talsmaður Krónunnar. Bónus og Nettó segja að ekkert verði gefið eftir.

**NEYTENDUR** Verðstríðið er komið til að vera, segir Hróar Björnsson, rekstrarstjóri Krónunnar. Fyrirtækið tók upp nýja verðstefnu um helgina og fór á fullt í samkeppni við Bónus og Nettó á lágvöruverðsmarkaði.

„Við ætlum ekkert að beygja okkur,“ sagði hann. „Samfara nýju verðstefnunni leggjum við áherslu á nauðsynjavörurnar. Við ætlum fyrst og fremst að vera með samkeppnishæfar vörur og vera mjög virk í samkeppninni.“

Hróar segir að Krónan ætli sér að vera mjög nærri Bónus í verðum.

„Við erum búnir að kalla á stríð,“ sagði hann. Spurður hvað þær lækkanir sem orðið hafa í Krónunni um helgina myndu vega í matarkörfunni sagði Hróar að það lægi ekki nákvæmlega fyrir. „Við lækkuðum sumar vörur um allt að 25 prósent. Þannig voru mjólkurvörurnar keyrðar niður ásamt þurrvörunni.“

Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss, sagði að neytendur hefðu getað treyst lágu vöruverði í Bónusverslunum og þar yrði engin breyting á. „Bónus verður lægst eins og verið hefur. Krónan er að lækka örfáa vöruflokka og við munum bregðast við því. Við að skanna þúsund til fimmtán hundruð vörunúmer hjá þeim á hverjum degi og þeir eru í heildina rúmlega 16 prósentum dýrari en Bónus.“

Hróar sagði að Krónumenn kæmu til með að verða mjög virkir í verðstríðinu. Þeim hefði verið tekið gríðarlega vel um helgina og þeir haldi ótrauðir áfram.

Nettó mun einnig taka virkan þátt í verðstríðinu að sögn Guðjóns Stefánssonar framkvæmdastjóra. „Við fylgjum markaðnum eins og hann er hverju sinni,“ sagði hann. „Við höfum verið með lægsta verðið í landinu, stundum með öðrum, og við ætlum okkur að halda því áfram. Við höfum fært til verð á um 600 til 800 liðum í síðustu viku, en breytt um áður verði á um það bil 100 liðum vikulega.“

- jss



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**MÓTMÆLT Í BEIRÚT**
Búist er við að mótmælendur beini spjótum sínum næst að Emile Lahoud, forseta Líbanons.

Líbanon:

## Stjórnin farin frá

**BEIRÚT, AP** Omar Karami, forsætisráðherra Líbanons, baðst í gær lausnar fyrir ríkisstjórn sína eftir umræður á þingi um morðið á Rafik Hariri, fyrrverandi forsætisráðherra landsins, sem framið var fyrir tveimur vikum.

Mikil ólga hefur verið í Líbanon eftir tilræðið og hafa þúsundir manna mótmælt ráðaleysi stjórnarinnar í málinu síðustu daga í höfuðborginni Beirút. Stjórnin þykir allt of höll undir sýrlensk yfirvöld en ítök þeirra í líbönsku þjóðlífi eru mikil og eru þau jafnvel talin bera ábyrgð á morðinu. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**ÓLAFI VEITT ORÐA** Longin, biskup rétttrúnaðarkirkjunnar í Dusseldorf, nældi orðu heilags Valdimars konungs í barm Ólafs Ragnars Grímssonar forseta. Forsetinn var sæmdur heiðursorðunni fyrir að beita sér í þágu rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar.

Rétttrúnaðarkirkja:

## Forsetinn sæmdur orðu

**ORÐUVEITING** Rússneska rétttrúnaðarkirkjan sæmdi Ólaf Ragnar Grímsson, forseta Íslands, heiðursorðu heilags Valdimars konungs í gær. Athöfnin fór fram í sendiráði Rússlands á Íslandi og afhenti Longin, biskup rétttrúnaðtrúnaðarkirkjunnar með aðsetur í Dusseldorf í Þýskalandi, Ólafi orðuna.

Að sögn Kseniu Ólafsson, talsmanns rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar á Íslandi, hefur Ólafur Ragnar stutt söfnuðinn hér á landi frá því að hann hitti Alexei II patríarka í opinberri ferð til Moskvu. Í kjölfarið gaf borgarráð Reykjavíkur söfnuðinum leyfi til að byggja kirkju nálægt Öskjuhlíð og vonast Ksenia til að kirkja rísi þar innan tíðar.

-jab

Varaformannsslagur hjá frjálslyndum:

# Gunnar gegn Magnúsi Þór

**STJÓRNMÁL** Gunnar Örlygsson, alþingismaður Frjálslynda flokksins, ætlar að bjóða sig fram gegn Magnúsi Þór Hafsteinssyni varaformanni á landsþingi flokksins sem fram fer um næstu helgi.

Gunnar vill með framboði sínu meðal annars færa flokkinn lengra til hægri. „Ég tel mig vera sterkan kandídat til að ná fram frjálslyndum, alþýðlegum hægri glampa á flokkinn því þar liggja sóknarfærin fyrir okkur í dag. Ef Frjálslyndi flokkurinn á að verða sterkur flokkur á landsvísu með 15-20 prósenta fylgi verður hann að greina sig frá stjórnarandstöðuflokkunum tveimur.“



**GUNNAR ÖRLYGSSON**

Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður flokksins, hefur lýst yfir óánægju sinni með framboð Gunnars. „Það hefur tekið tíma að þjálfa menn til starfa og Gunnar hefur minnsta þingreynslu af þingmönnum flokksins. Maður hlýtur að standa með þeim varaformanni sem er að vinna með manni.“

Gunnar undrast þetta og segist heldur vilja að Guðjón horfi til framtíðar. „Ég hefði frekar kosið að hann lýsti ánægju yfir því að það væri metnaður hjá hans fólki.“ Hann hafnar því hins vegar að framboðið sé andvana fætt vegna þessa.

- shg






## SPURNING DAGSINS

*Magnús, er Framsóknarflokkurinn að missa tökin á Bifröst?*

**Við höfum að sjálfsögðu okkar áhrif áfram enda eru þar margir framsóknarmenn í skóla.**

Magnúsi Stefánssyni, alþingismanni Framsóknarflokksins, líst vel á að Bryndís Hlöðversdóttir Samfylkingarkona verði senn deildarforseti lagadeildar Viðskiptaháskólans á Bifröst. Þar eru fyrir kunnir samfylkingarmenn, til dæmis Magnús Árni Magnússon, aðstoðarrektor og fyrrverandi alþingismaður.

Smákaupmaðurinn í Kjötborg um verðstríð:

# Viðskiptavinirnir eru tryggir

**NEYTENDUR** Verðstríð stórmarkaðanna hefur lítil sem engin áhrif á viðskipti hjá þeim smákaupmönnum sem enn lifa. Kjarni þeirra viðskiptavina er mjög tryggur og heldur sig við sinn kaupmann og sína hverfisverslun hvað sem á gengur.

Þetta segir Gunnar Jónasson kaupmaður í versluninni Kjötborg í Vesturbænum.

„Ég skil nú ekki hvaða útspil þetta er hjá Krónunni," sagði Gunnar. „Þeir þóttust vera ódýrir þegar þeir byrjuðu. Okkar skoðun, smákaupmannanna, er sú að ríkissjóður sé að fjármagna þetta mest út af virðisaukanum. Þessir peningar skila sér ekki í ríkiskassann því það er verið að borga með vörunum til þess að drepa aðra. Í nágrannalöndunum er þetta bannað, en við Íslendingar höfum leyft þetta til að halda verðbólgunni niðri."

Gunnar sagði að búið væri að drepa alla smákaupmenn sem hægt væri að drepa.

„En Vesturbæingar eru tryggir við sínar búðir," sagði hann. „Hérna hafa skapast persónuleg samskipti við fólk, svo sem reikningsviðskipti, heimsendingar og ýmis þjónusta sem er ekki í nýrri hverfunum." - jss



**GUNNAR JÓNSSON KAUPMAÐUR** Verslunin Kjötborg á tryggan hóp viðskiptavina, segir Gunnar Jónasson kaupmaður. Hann segir smáverslanirnar svipaðar í verði og milliverðsbúðirnar.

## NORÐURLÖND

**EITURLEST ÚT AF SPORINU** Mikill viðbúnaður var í Svíþjóð í gær þegar flutningalest fór út af sporinu nálægt Gautaborg. Tólf vagnar voru hlaðnir klór og er ljóst að mikill skaði hefði orðið ef efnin hefðu lekið út í umhverfið. Að sögn Aftonbladet fór þó betur en á horfðist.

**ÞRÓUNARMÁLARÁÐHERRA Í BOBBA** Ulla Tornæs, þróunarmálaráðherra Dana, á í vök að verjast eftir að upp komst að eiginmaður hennar sem er svínabóndi hafði ráðið til sín í vinnu ólöglega innflytjendur. Tornæs neitaði allri vitneskju um málið í samtali við Berlingske Tidende. Ekki er langt síðan Henrietta Kjær fjölskyldumálaráðherra varð að segja af sér vegna fjármálaóreiðu.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**TINNA GUNNLAUGSDÓTTIR** Þjóðleikhússtjóri tilkynnti um uppsagnir þriggja leikara sem verið hafa á föstum samningi.

Þjóðleikhúsið:

# Sjö leikarar sögðu upp

**LEIKHÚS** Þremur fastráðnum leikurum við Þjóðleikhúsið var sagt upp störfum í gær. Sjö aðrir leikarar höfðu þá sagt störfum sínum lausum að fyrra bragði í kjölfar yfirlýsingar Tinnu Gunnlaugsdóttur þjóðleikhússtjóri um að tíu leikurum yrði sagt upp.

Tinna segist hafa sent frá sér yfirlýsinguna á föstudag vegna þess að hún hafi þurft að „búa til ákveðið óvissuástand, ákveðna knýjandi þörf" til að þrýsta á fastráðna leikara að hugsa sinn gang.

Þeir sjö leikarar sem sögðu upp að fyrra bragði eru Þórhallur Sigurðsson, Stefán Jónsson, Edda Heiðrún Backman, Pálmi Gestsson, Sigurður Sigurjónsson, Randver Þorláksson og Ívar Örn Sverrisson. - gb

Kjarasamningar:

# Náðu saman

**KJARASAMNINGAR** Félag sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara og nefnd heilbrigðisráðherra undirrituðu nýjan kjarasamning í gærkvöld en sá fyrri rann út á miðnætti. Þar með var afstýrt að viðskiptavinir sjúkraþjálfara þurfi að greiða meðferð sína sjálfir að fullu.

24 aðildarfélög BHM og samninganefnd fjármálaráðherra undirrituðu einnig nýjan kjarasamning í gærkvöld. - shg

# Stór ákvörðun að hætta á þingi

**Bryndís Hlöðversdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, hættir á þingi 1. ágúst og tekur við starfi deildarforseta lögfræðideildar á Bifröst. Hún segir að lögfræðin hafi togað í sig og hún hafi ekki viljað sleppa þessu tækifæri.**

**STJÓRNMÁL** Bryndís Hlöðversdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, hættir á þingi 1. ágúst til að taka við starfi deildarforseta lögfræðideildar við Viðskiptaháskólann á Bifröst.

„Það er stór ákvörðun að hætta á þingi. Ég hef hins vegar leitt hugann að því síðustu mánuði að láta þetta kjörtímabil nægja. Ég er búin að vera 10 ár á þingi. Það er búinn að vera góður og skemmtilegur tími en fagið mitt, lögfræði, hefur dálítið togað í mig," segir Bryndís.

„Mér bauðst þetta tækifæri hér á Bifröst og vildi ekki sleppa því. Maður má ekki bíða of lengi með það að skipta um starfsvettvang ef maður ætlar sér það á annað borð," segir hún.

Bryndís neitar því alfarið að ákvörðun hennar tengist eitthvað þeim formannslag sem nú stendur yfir í Samfylkingunni. „Að láta af starfi eins og þingmennsku er eitthvað sem maður gerir á sínum eigin forsendum og ekki fyrir nokkurn mann annan en sjálfan sig. Ég var hinsvegar tilbúin að taka þessa ákvörðun vegna þess að mér býðst annað spennandi tækifæri. Ég trúi því að stuðningsmenn mínir og kjósendur hafi skilning á því að þetta tækifæri kemur á miðju kjörtímabili þannig að ég get ekki klárað kjörtímabilið," segir hún.

Því hefur verið haldið fram að Bryndís sé með þessu að víkja úr sæti á Alþingi svo Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fái meira vægi í formannslagnum. Um það segir Bryndís: „Ég get ekkert sagt annað en það að samsæriskenningar af þeim toga eru fullkomlega á villigötum. Ég geri þetta algjörlega á mínum eigin forsendum og maður getur ekki látið Gróu á Leiti eða samsæriskenningar stjórna sínu lífi og ég held mig við mínar skýringar og treysti því að fólk skilji þær."

Að sögn Bryndísar tók forysta flokksins ákvörðun hennar vel og sýndi henni mikinn skilning. Spurð um hvaða viðbrögð hún hafi fengið segir hún þau yfirleitt jákvæð.

„Fólk hefur að minnsta kosti sýnt þessu skilning þó svo að sumir séu misjafnlega ánægðir með að ég sé að hætta í pólitík. Hingað til hef ég ekki fengið annað en skilning frá þeim sem standa mér nærri. Þeir vita að þessi ákvörðun er tekin á mínum forsendum og ég veit í hjartanu að ég er að gera rétt," segir Bryndís.

Spurð hvort hún sé hætt í pólitík fullt og allt svarar hún: „Í það minnsta af þeim krafti sem ég var í henni." - amg



FRÉTTABLAÐIÐ/ATLI MÁR GYLFASON

**BRYNDÍS HLÖÐVERSDÓTTIR OG RUNÓLFUR ÁGÚSTSSON** Bryndís segir það stóra ákvörðun að hætta á þingi en hún tekur við starfi deildarstjóra lögfræðideildar við Viðskiptaháskólann á Bifröst.

Össur Skarphéðinsson:

# Mikil eftirsjá að Bryndísi

**SAMFYLKING** Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, segir mikla eftirsjá að Bryndísi Hlöðversdóttur sem tilkynnt hefur að hún hætti störfum á Alþingi fyrsta ágúst.

„Menntun hennar og reynsla af störfum fyrir verkalýðshreyfinguna, stjórnunarhæfileikar og reynsla sem móðir tveggja sona gerði hana að mikilvægum stjórnmálamanni fyrir okkar hreyfingu," segir Össur og óskar Bryndísi velfarnaðar í starfi á Bifröst.

Össur segir komu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur á Alþingi án efa auka styrk flokksins. - gag



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON** „Án efa verður koma Ingibjargar á Alþingi hreyfingunni aukinn styrkur."

Umferðarslys:

# Manndráp af gáleysi

**DÓMSMÁL** Tvítugur maður var í gær fundinn sekur um að hafa valdið banaslysi í maí síðastliðnum þegar bakkaði hann bifreið sinni á tæplega níræða konu sem lést skömmu síðar af áverkum sínum.

Héraðsdómur Reykjavíkur taldi að ökumaðurinn hefði ekki sýnt nægjanlega aðgæslu og tillitssemi undir stýri þegar hann bakkaði bíl sínum á konuna og var hann því dæmdur til þrjátíu daga fangelsisvistar. Fullnustu refsingar er þó frestað þar sem um fyrsta brot mannsins var að ræða en hann missir ökuleyfi sitt í eitt ár. ■






Sjóvá keypti öll útgefin lög Bubba Morthens:

# Tímabær viðurkenning

**TÓNLIST** Bubbi Morthens, Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka, og Þorgils Óttar Mathiesen, forstjóri Sjóvá, skrifuðu í gær undir samning um kaup Sjóvá á Hugverkasjóði Bubba Morthens, fyrir tilstilli Íslandsbanka.

Samningurinn felur í sér að tekjur af 530 hugverkum Bubba, sem þegar er búið að gefa út, renna í Hugverkasjóðinn í tiltekinn árafjölda. Á móti fær hann greiðslu upp á tugi milljóna.

Bubbi Morthens sagði í samtali við Fréttablaðið að samningurinn hefði heilmikla þýðingu fyrir íslenskan tónlistariðnað. „Þetta er mikil viðurkenning og kannski löngu tímabær viðurkenning að því að íslenskir tónlistarmenn búa til pening hér innanlands."

Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka, segir að með þessu geti Bubbi leyst inn framtíðartekjur, en á móti komi greiðslur til bankans í tiltekinn árafjölda, eða þar til greiðslan sé uppgreidd. „Við teljum þetta örugga ávöxtun en viljum ekki gera listamanninn að féþúfu." Aðspurður hvort fyrir liggi svipaðir samningar við aðra listamenn segir Bjarni að framleiðni Bubba sem listamanns sé einstök, og safn hans sé stærra en annarra. Ekki sé borðliggjandi hvort gerðir verða samningar við fleiri listamenn. - ss



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**HUGVERKASJÓÐUR BUBBA SELDUR** Þorgils Óttar Mathiesen, Bubbi Morthens og Bjarni Ármannsson skrifuðu í gær undir samning um kaup á Hugverkasjóði Bubba Morthens. Allar tekjur af útgefnum lögum Bubba renna í þennan sjóð, en á móti kemur tugmilljóna greiðsla til listamannsins.

# Oft kemur  þá getið er.

Mercedes-Benz er þekktur fyrir gæði, fegurð og þægindi. Nú er hann kominn aftur af fullum krafti til Íslands. ASKJA er nýr umboðsaðili. Í glæsilegum sýningarsal við Laugaveg 170 má sjá úrval bíla úr framleiðslulínu Mercedes-Benz auk þess sem boðið er upp á framúrskarandi viðhalds- og viðgerðarþjónustu.

Mercedes-Benz

ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 28.02.2005**

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 60,37 | 60,65 |
| Sterlingspund | GBP | 116,14 | 116,70 |
| Evra | EUR | 80,03 | 80,47 |
| Dönsk króna | DKK | 10,75 | 10,82 |
| Norsk króna | NOK | 9,72 | 9,78 |
| Sænsk króna | SEK | 8,84 | 8,89 |
| Japanskt jen | JPY | 0,58 | 0,58 |
| SDR | XDR | 92,46 | 93,02 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**109,66 -0,03%**

Heimild: Seðlabanki Íslands

Nær 160 þúsund manns fóru inn á Vísi á einni viku:

# Fjölsóttasti vefur landsins

**FJÖLMIÐLAR** Vísir.is er orðinn fjölsóttasti vefur landsins. Þetta kemur fram í samræmdri vefmælingu Modernus fyrir vikuna 21. til 27. febrúar.

Tæplega 160 þúsund manns heimsóttu Vísi síðustu heilu vikuna í febrúar og varð það til þess að vefurinn er kominn í efsta sæti á lista Modernus yfir þá vefi sem flestir netnotendur fara inn á. Mbl.is, sem hefur verið fjölsóttasti vefur landsins um árabil, er í öðru sæti með um 159 þúsund heimsóknir og leit.is í því þriðja með um 96 þúsund heimsóknir.

„Mæling síðustu viku kom okkur þægilega á óvart og þó ekki miðað við vinnu undanfarinna mánaða. Notendur kunna greinilega vel að meta fjölbreytt og vaxandi efnisframboð Vísis,“ segir Þröstur Emilsson, efnisstjóri Vísis.

Vísir hefur verið í mikilli sókn síðustu mánuði en heimsóknir á vefinn hafa aukist um 69% frá áramótum. ■

**FJÖLDI NOTENDA SAMKVÆMT MODERNUS**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | visir.is | 159.692 |
| 2. | mbl.is | 158.648 |
| 3. | leit.is | 96.061 |
| 4. | hugi.is | 88.929 |
| 5. | eve-online.com | 61.824 |
| 6. | barnaland.is | 46.980 |
| 7. | ruv.is | 31.026 |
| 8. | vikurfrettir.is | 16.146 |
| 9. | bt.is | 15.490 |
| 10. | visindavefur.hi.is | 14.043 |



**VÍSISMENNIRNIR**
Þröstur Emilsson efnisstjóri t.h. og Þorsteinn Eyfjörð voru að vonum ánægðir með samræmda vefmælingu Modernus enda visir.is orðinn fjölsóttasti vefur landsins.

## DÓMSMÁL

**REFSINGU FRESTAÐ** Héraðsdómur Reykjavíkur frestaði refsingu pars sem fundið var sekt um að hafa haft í sinni vörslu rúm 170 grömm af marijúana og tæp 16 grömm af amfetamíni. Hefur maðurinn þrívegis áður gerst sekur við lögin en stúlkan var að hljóta sinn fyrsta dóm.

**SÍBROTAMAÐUR Í FANGELSI** Maður sem ítrekað hefur komist í kast við lögin undanfarin 20 ár var í gær dæmdur til 30 daga fangelsisvistar fyrir að hafa ekið bifreið óvarlega um Bankastræti og valdið þar tjóni á annari bifreið síðasta sumar. Viðkomandi hefur margoft áður gerst brotlegur við áfengis- og umferðarlög.



**MICHAEL JACKSON**
Söngvarinn virtist glaður í bragði þegar hann kom til dómstólsins í gær.

Michael Jackson:

# Réttarhöldin að hefjast

**KALIFORNÍA, AP** Málflutningur hófst í gær í réttarhöldunum yfir Michael Jackson en hann er ákærður fyrir að hafa misnotað ungan pilt. Yfir 1.500 blaða- og fréttamenn eru staddir í smábænum Santa Maria þar sem réttarhöldin fara fram en heimili Jacksons er í lögsagnarumdæmi hans.

Jackson neitar þráfaldlega sök en bæði verjendur og sækjendur hyggjast kalla fram yfir 350 vitni til að sanna mál sitt. Þar á meðal verða ýmsir þekktir einstaklingar, til dæmis Liz Taylor, Stevie Wonder, Eddie Murphy, Diana Ross, Macaulay Culkin og Jay Leno.■

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**TEKNIR MEÐ HASS** Þrír karlmenn um tvítugt voru teknir vegna fíkniefnamisferlis í Borgarnesi aðfaranótt sunnudags. Lögreglan lagði hald á sjö grömm af kannabisefnum og var mönnunum sleppt að loknum yfirheyrslum. Málið telst upplýst.

**EKIÐ Á BARN** Ekið var á barn á hjóli á Selfossi á áttunda tímanum í gærmorgun. Samkvæmt lögreglunni á Selfossi var barnið á leið yfir götu þegar ekið var á það. Barnið hlaut minniháttar áverka á andliti og var það fært á Heilbrigðisstofnun Suðurlands til frekari rannsókna.

MYND/AP



**VETTVANGUR HILDARLEIKSINS**
Bíllinn sem sprengjan var í flettist í sundur, svo öflug var hún. 115 manns dóu í sprengingunni og 132 slösuðust alvarlega.

# Harmleikur í Hillah

**Að minnsta kosti 115 manns týndu lífi í Írak í gær þegar bílsprengja var sprengd í bænum Hillah. Aldrei hafa jafn margir farist í einni hryðjuverkaárás í landinu síðan hernám þess hófst.**

**ÍRAK, AP** Í það minnsta 115 manns fórust í sjálfsmorðssprengjuárás í Írak í gærmorgun. Tilræðið er það mannskæðasta síðan landið var hernumið fyrir tæpum tveimur árum.

Hryðjuverkið var framið í bænum Hillah í sunnanverðu Írak snemma í gærmorgun. Tilræðismaðurinn ók bifreið fullri af sprengiefni að heilsugæslustöð þar sem fjöldi umsækjenda um störf í lögreglunni beið eftir að komast í læknisskoðun. Sprengingin var svo öflug að nánast ekkert var eftir af bifreiðinni nema vélin. Í það minnsta 115 týndu lífi og á annað hundrað manns særðist alvarlega þannig að búast má við að tala látinna eigi enn eftir að hækka.

Mikið öngþveiti skapaðist þegar reiðir ættingjar þustu á vettvang og vildu vita um afdrif ástvina sinna. Gatan var lituð blóði og sjá mátti handleggi, fætur og aðra líkamshluta liggja eins og hráviði úti um allt.

Árásin er sú mannskæðasta síðan Írak var hernumið fyrir tæpum tveimur árum. Í ágúst 2003 dóu 85 manns þegar sprengja sprakk fyrir utan mosku í Najaf en í mars á síðasta ári týndu tæplega 200 manns lífi þegar margar hryðjuverkaárásir voru gerðar á sama tíma gegn sjíum í Bagdad og Karbala.

Ekki er vitað hverjir standa að baki tilræðinu en þorri íbúa Hillah er sjíar. Því er talið líklegt að öfgafullir súnníar beri ábyrgð á því en þeir hafa verið stórtækir í árásum á sjía síðastliðnar vikur. Yfir hundrað sjíar dóu í sprengjuárásum á meðan Ashoura-hátíð þeirra stóð yfir í síðasta mánuði.

Einnig var gerð bílsprengjuárás í gær við eftirlitsstöð lögreglu í bænum Musayyib, skammt frá Bagdad. Þar dó að minnsta kosti einn lögreglumaður og fleiri særðust.

Hryðjuverkin voru framin aðeins degi eftir að sýrlensk yfirvöld handsömuðu Sabawi Ibrahim al-Hassan, hálfbróður Saddams Hussein, ásamt 29 félögum hans en al-Hassan er talinn hafa fjármagnað hermdarverk í Írak síðustu misserin.

Ráðamenn víða um heim fordæmdu tilræðin harðlega í gær. Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, hét Írökum stuðningi sínum við að koma tilræðismönnunum á bak við lás og slá. ■

Karl Bretaprins:

# Óvinsæll í Ástralíu

**ÁSTRALÍA, AP** Ástralíuheimsókn Karls Bretaprins hófst í gær en hann ráðgerir meðal annars að hitta fórnarlömb hryðjuverkanna á Balí sem voru framin haustið 2002.



**KARL BRETAPRINS**
Meirihluti Ástrala vill að Vilhjálmur, sonur Karls, taki við veldissprotanum af ömmu sinni.

Bretadrottning er þjóðhöfðingi Ástrala og því vekur heimsókn Karls mikla athygli í landinu. Skoðanakannanir sýna að meirihluti þjóðarinnar telur að Ástralía eigi að verða sjálfstætt lýðveldi og hafa sjaldan jafn margir verið þeirrar skoðunar. Telja margir að hjónabandsvafstur Karls og Camillu Parker Bowles hafi þar sitt að segja. ■

Sparisjóður Skagafjarðar:

# Lögbann staðfest

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð Héraðsdóms Norðurlands vestra um lögbann við því að stofnfé í Sparisjóði Skagafjarðar verði aukið.

Meirihlutinn í sparisjóðnum samþykkti á fundi stofnfjáreigenda í nóvember að auka stofnféð í sjóðnum úr 22 milljónum króna í 88 milljónir. Miklar deilur urðu um málið sem snerust um völd yfir sparisjóðnum. Kaupfélag Skagfirðinga átti 40 prósenta hlut í Sparisjóði Skagafjarðar en mátti bara fara með 5 prósenta atkvæðisrétt. Á fundi stofnfjáreigenda í nóvember seldi kaupfélagið einstaklingum og fyrirtækjum hlut í sjóðnum til að fullnýta atkvæðisréttinn og komast framhjá fimm prósenta reglunni. - th§




Lífsval–lífeyrissparnaður

Hvað langar þig að gera

þegar þú hættir að vinna?

SPARISJÓÐURINN

– fyrir þig og þína

www.spar.is


## Veðrið

**HLÝNAR SMÁM SAMAN Á NÝ**
Norðanáttin er köld á þessum árstíma ekki síst þegar vindur er nokkur eins og var í gær. En hann er að lægja smám saman og um hádegi ætti að vera orðið hæglætisveður vestan til en austan til lægir síðdegis. Á morgun hlýnar, fyrst vestan til og hætt er við dálítilli súld þar en áfram bjartviðri fyrir austan.

**NÆSTA HELGI**
Ákveðin vestlæg átt og milt í veðri um allt land. Súld eða rigning vestan til en bjart með köflum eystra.



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

**Um hádegi í dag**




**Á morgun**




Fremur hægur vindur. Hætt við lítilsháttar súld vestan til.

**Fimmtudagur**




Víðast nokkur vindur með súld eða rigningu sunnan og vestan til.

**Veðrið úti í heimi í dag**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 0°C snjóél | París | 1°C léttskýjað | Torrevieja | 11°C skúrir |
| Osló | -6°C alskýjað | Prag | -4°C léttskýjað | Róm | 7°C skýjað |
| Stokkhólmur | -6°C léttskýjað | Amsterdam | 2°C skúrir | New York | 2°C snjókoma |
| London | 7°C skúrir | Varsjá | -3°C alskýjað | Miami | 24°C léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



# Ertu að ná til viðskiptavinarins?

## BETRI MARGMIÐLUNARLAUSNIR

### Sterkari ímynd – Aukinn árangur

Margmiðlunarlausnir Nýherja mæta þörfum verslunar- og þjónustufyrirtækja til að koma upplýsingum á framfæri við neytendur með markvissum hætti og þannig að ná auknum árangri.

### Á réttum tíma og stað

Margmiðlunarlausnir gera fyrirtækjum kleift að miðla sérsniðnu efni til viðskiptavina sinna á nákvæmlega réttum tíma og réttum stað með hámarks myndgæðum. Lausnirnar geta m.a. samanstaðið af flatskjáum og netspilurum, myndvörpum, upplýsingastöndum og hljóðlausnum.

### Síminn í fararbroddi með margmiðlunarlausnum

Verslanir Símans búa yfir margmiðlunarlausnum frá Nýherja og hafa þær átt þátt í að styrkja ímynd verslana þeirra og skila auknum árangri í sölu. Með Sony netspilurum geta starfsmenn Símans t.a.m. stjórnað kynningarefni miðlægt frá einum stað en þannig er hægt að bjóða tilboð á ákveðinni vöru samtímis á landinu öllu. Með upplýsingastöndum hefur Síminn aukið þjónustu við viðskiptavini þar sem þeir geta sótt með aðstoð snertiskjás upplýsingar eftir sínum þörfum um þá þjónustu sem Síminn veitir.

### Sala eykst um 650% hjá verslunum 7-11 í Danmörku

Mörg dæmi eru um að margmiðlunarlausnir Sony hafi aukið verulega sölu á auglýstri vöru en t.a.m. jókst sala á auglýstri vöru um allt að 650% hjá 7-11 verslununum í Danmörku er þær tóku lausnina í notkun. Um er að ræða sams konar lausnir og Nýherji býður fyrirtækjum hér á landi.



Hafðu samband við söluráðgjafa Nýherja sem bjóða þér faglega ráðgjöf við val á réttu margmiðlunarlausninni sem styrkir ímynd fyrirtækisins og stuðlar að auknum árangri.

Síminn er 569 7700 og netfangið er myndlausnir@nyherji.is

NÝHERJI

Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is



## KJÖRKASSINN

*Þarf Ísland að ganga í Evrópusambandið ef Noregur gerir það?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 42,9% |
| Nei | 57,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á ástandið í Írak eftir að versna?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Lyfjafyrirtæki greiðir Tryggingastofnun 4,5 milljónir:

# Fá endurgreitt vegna Vioxx

**LYFJAMÁL** Lyfjafyrirtækið Merck Sharp & Dohme á Íslandi greiðir 4,5 milljónir króna til Tryggingastofnunar ríkisins. Greiðslan er vegna kostnaðar sem féll á stofnunina vegna niðurgreiðslu gigtarlyfsins Vioxx til sjúklinga. Jón Kristjánsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra kveðst fagna þessum málalokum og því frumkvæði sem fyrirtækið hefur sýnt í þessu máli.

Lyfið Vioxx var tekið af markaði í lok september í fyrra að frumkvæði framleiðendanna. Rannsóknir höfðu þá sýnt of tíðar og hættulegar aukaverkanir á æðar í hjarta og heila.

Merck Sharp & Dohme á Íslandi bauðst til þess að endurgreiða sjúklingahlutann þegar lyfið var innkallað. Í desember féllst það síðan á að endurgreiða lyfið að fullu. Sú hálfa fimmta milljón sem fyrirtækið greiðir TR samsvarar greiðsluhluta stofnunarinnar í lyfjapakkningunum sem sjúklingar skiluðu inn frá því lyfið var innkallað til síðustu áramóta. - jss




**LYFJAPAKKNINGAR**
Framleiðandi gigtarlyfsins Vioxx tekur þátt í þeim kostnaði sem Tryggingastofnun hafði af niðurgreiðslum á lyfinu.

## EVRÓPUMÁL

**DANIR KJÓSA Í SEPTEMBER** Danir kjósa um stjórnarskrá Evrópusambandsins 27. september næstkomandi. Anders Fogh Rasmussen forsætisráðherra tilkynnti þetta í gær. Danir hafa tvisvar fellt tillögu um aðild landsins að myntbandalagi Evrópu en samt er talið að þjóðin muni leggja blessun sína yfir stjórnarskrána.

**FRAKKAR SKEGGRÆÐA STJÓRNARSKRÁNA** Þingmenn beggja deilda franska þingsins hittust í gær til að ræða nauðsynlegar breytingar á frönsku stjórnarskránni svo þjóðaratkvæðagreiðsla geti farið fram um stjórnarskrá Evrópusambandsins. Búist er við að Frakkar gangi að kjörborðinu í maí eða júní en ekki er víst að þeir greiði stjórnarskránni atkvæði sitt.

Efnahagsbrotadeild:

# Rannsókn enn í gangi



**JÓN H. SNORRASON**
Mál Baugs og olíufélaganna eru enn í rannsókn tæpum þremur árum eftir að fyrst var hafist handa.

**LÖGREGLA** „Rannsókn þessara mála er enn í fullum gangi og engar upplýsingar gefnar meðan svo er,“ segir Jón H. Snorrason, yfirmaður efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra, um rannsókn þeirra á Baugsmálinu svokallaða og meintu samráði íslensku olíufélaganna.

Bæði málin hafa verið lengi í rannsókn og segir Jón að meðan ekkert sé gefið upp um rannsóknirnar sjálfar megi nú loks sjá fyrir endann á því starfi næstu misseri. Hartnær þrjú ár eru síðan full rannsókn hófst á málum þessum hjá embættinu. - aöe

## AFRÍKA

**KVIKMYNDAHÁTÍÐ FÓR ÚR BÖNDUNUM** Tveir menn létust og margir slösuðust þegar þeir tróðust undir í miklu öngþveiti sem myndaðist á opnunarhátíð Afrísku kvikmynda- og sjónvarpshátíðarinnar í Ouagadougou í Búrkína Fasó á laugardaginn. Tuttugu myndir keppa um hin eftirsóttu FESPACO-verðlaun á hátíðinni sem er kölluð Cannes Afríku.

# Borgað út í trássi við lög

## Happdrætti DAS greiðir vinninga út í peningum þótt lög banni. Forstjóri Happdrættis Háskólans segir í höndum yfirvalda að stöðva lögbrot.

**HAPPDRÆTTI** Happdrætti DAS greiðir út í peningum til vinningshafa þó að slíkt sé óheimilt samkvæmt lögum.

Framkvæmdastjóri Happdrættis DAS, Sigurður Ágúst Sigurðsson, segir löggiltan endurskoðanda á vegum dómsmálaráðuneytisins samþykkja uppgjör happdrættisins. Bein fjárgreiðsla sé því með vitund ráðuneytisins og hafi tíðkast lengi.

Samkvæmt lögum hefur Happdrætti DAS einungis leyfi til að greiða út í bifreiðum, bifhjólum, bátum, búnaðarvélum, íbúðarhúsum, húsbúnaði, hljóðfærum, búpeningi, flugvélum og farmiða til ferðalaga. Happdrætti háskóla Íslands hefur einkaleyfi til peningagreiðslna til ársins 2019.

Forstjóri Happdrættis Háskóla Íslands, Brynjólfur Sigurðsson, segir að hann hafi haft óljósan grun um að réttur Happdrættis háskólans væri brotinn. „Ég get ekki trúað því að löggiltur endurskoðandi sem horfir á lögin segi allt í lagi að greiða vinninga út í peningum,“ segir Brynjólfur.

Sigurður segir að tíðkast hafi að biðja vinningshafa um nótu áður en vinningar séu greiddir út. Vinningshafi sem fái tugi milljóna í íbúðavinning sé ekki skuldbundinn til að kaupa íbúð heldur geti til dæmis nýtt upphæðina til að greiða niður eign sem hann eigi þegar. Geti vinningshafi ekki sýnt nótu komi það ekki í veg fyrir að vinningur sé greiddur út.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að vinningshafi sem hlaut ferðavinning hafi fengið upphæðina greidda inn á reikning sinn án kvaða. Honum hafi þó verið tjáð hjá happdrættinu að ætti hann greiðslukvittun fyrir utanlandsferð kæmi því vel að fá það sent.

Brynjólfur segir Happdrætti háskólans greiða tuttugu prósent af hagnaði eða um 110 milljónir á ári fyrir einkaleyfi á peningagreiðslum.

„Okkur finnst að yfirvöld ættu að sjá til þess að lögum sé framfylgt,“ segir Brynjólfur.

gag@frettabladid.is



**SIGURÐUR ÁGÚST SIGURÐSSON**
Framkvæmdastjóri Happdrættis DAS segir stjórnvöldum til skammar að breyta ekki lögum. Samkeppnisstofnun hafi ályktað að núverandi lög séu samkeppnishamlandi.

Álegg frá Holtakjúklingi




Fjórar tegundir áleggs frá Holtakjúklingi.
Fitulítið og bragðgott álegg sem hentar öllum.
Holta-kjúklingur
Reykjagarður hf

Skipafélögum sköpuð aðstaða á Akureyrarhöfn:

# Eimskip gert að rýma fyrir öðrum

**SJÓFLUTNINGAR** Bæjarráð Akureyrar vill að leigusamningi um lóð Eimskipafélags Íslands á hafnarsvæðinu á Akureyri verði sagt upp. Bæjaryfirvöld vilja geta boðið öðrum skipafélögum aðgang að hafnarsvæðinu en Eimskipafélagið hefur eitt skipafélaga haft aðstöðu á Oddeyrarhöfn.

Hörður Blöndal hafnarstjóri segir að Eimskip hafi samning um tvær lóðir á hafnarsvæðinu en ætlunin sé að segja upp lóð sem er austan Oddeyrarskála. Með því skapist nægilegt rými fyrir opna gámavelli sem fyrirtæki sem stunda sjóflutninga geti nýtt sér. „Við höfum verið upp á náð og miskunn Eimskips komnir varðandi fyrirgreiðslu við önnur skipafélög en höfum ekki efni á að fyrirtæki sem stundar landflutninga geti lokað hafnarsvæðinu fyrir skipafélögum,“ segir Hörður.

Steingrímur Pétursson, framkvæmdastjóri innanlandssviðs Eimskips, segir að félaginu lítist illa á að bæjaryfirvöld ætli að segja samningnum upp. „Við höfum ekki hindrað nein skipafélög eða útgerðir í að athafna sig á svæðinu og það kemur okkur á óvart að bæjaryfirvöld hyggist segja samningnum upp,“ segir Steingrímur. - kk



FRÉTTABLAÐIÐ/KK

**ODDEYRARSKÁLI Á AKUREYRARHÖFN**
Komi til þess að samningnum við Eimskip verði sagt upp mun félagið óska eftir viðræðum við bæinn um endurnýjun á samningnum eða að gerður verði nýr samningur við Eimskipafélag Íslands.

Flutningsjöfnunarsjóður:

# ESSO tapaði dómsmáli

**DÓMSMÁL** Tveimur af þremur kröfum sem Olíufélagið gerði á hendur Flutningsjöfnunarsjóði olíuvara var vísað frá dómi í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Olíufélagið fór fram á að ákvörðun stjórnar Flutningsjöfnunarsjóðs um að sjóflutningar á gasolíu tækju mið af Akureyri sem innflutningshöfn væri felld úr gildi enda jók það tekjur sjóðsins að mati Olíufélagsins. Ennfremur var farið fram á að endurkröfugreiðsla sjóðsins á hendur olíufélögunum um rúmar 62 milljónir króna yrði felld úr gildi. Sjóðurinn var sýknaður af kröfum þessum en þeim var þó óheimilt að skuldajafna meintum endurgreiðslum eins og gert var. ■

## DÓMSMÁL

**LAUS Á SKILORÐI** Refsingu ungs manns, sem fundinn var sekur fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir brot á fíkniefnalögum og tilraun til þjófnaðar í fyrra, var frestað vegna ungs aldurs og fellur tveggja mánaða fangelsisrefsing niður haldi viðkomandi skilorð næstu tvö árin.

# HLJÓMTÆKI OG HEIMABÍÓ

## UNITED MIC4234



Míkró SAMSTÆÐA með geislaspilara, útvarpi með stöðvaminnum, segulbandi og fjarstýringu.

**VERÐ 9.990**

FULLT VERÐ kr. 10.990

## PHILIPS MC150



2x10w MÍKRÓSAMSTÆÐA með geislaspilara, segulbandi og útvarpi með stöðvaminnum og vekjara, Dynamic Bass Boost, 2 way hátölurum og fjarstýringu.

**TILBOÐ 14.990**

FULLT VERÐ kr. 16.990

## JVC UXH10



Lítil og nett MÍKRÓ SAMSTÆÐA með geislaspilara, segulbandi, RDS útvarpi með stöðvaminnum, forstilltum tónjafnara, Super Bass, klukku og fjarstýringu.

**TILBOÐ 16.990**

FULLT VERÐ kr. 19.990

## JVC UXP30



Vönduð 44w MÍKRÓSAMSTÆÐA með geislaspilara, RDS útvarpi með 30 stöðvaminnum, Aux Inn og fjarstýringu.

**VERÐ 24.990**

FRÁBÆRT VERÐ

## JVC MXKB2



80w (2x40w) SAMSTÆÐA með 3ja diska MP3 geislaspilara með 32 minnum og Random Play, tvöföldu segulbandi, RDS útvarpi með stöðvaminnum, Aux inn, Elektrónískum forstilltur tónjafnara, Active Bass Extension og fjarstýringu.

**VERÐ 29.990**

FRÁBÆRT VERÐ

CD, CD-R/RW, MP3

## JVC UXP550



Mjög fullkonmin 100w MÍKRÓSAMSTÆÐA með fjölkerfa DVD SPILARA, geislaspilara, RDS útvarpl með 30 stöðvaminnum, Progressive Scan, DolbyDigital og DTS, NTSC afspilun yfir í PAL, RDS Útvarp með 30 stöðvaminnum, 3D-Phonic Surround, klukku og svefnrofa, Scart og RCA tengi, Optival og Coax útgangi, Aux In, heyrnartólstengi og fjarstýringu.

**VERÐ 39.990**

FRÁBÆRT VERÐ

## UNITED DVH5085 DVD VIDEO



HEIMABÍÓKERFI með DVD sem spilar öll kerfi, CD spilara, 5x15w magnara, 30w bassahátalara, 5 litlum umhverfishátölurum, RDS útvarpi með stöðvaminnum og fjarstýringu.

**TILBOÐ 14.990**

FULLT VERÐ kr. 19.990

## PHILIPS MX2500 DVD VIDEO



Fyrirferðalítið og nett HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DVD spilara, 400w (5x30w og 1x50w RMS) Digital magnara, 5 hátölurum og bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, Digital Coaxal út, Scart (með RGB), 2 RCA inngöngum og 1 RCA útgangi, FM útvarpi með stöðvaminnum og fjarstýringu. Spilar MP3 og JPG.

**TILBOÐ 24.990**

FULLT VERÐ kr. 29.990

## JVC THS1

DVD VIDEO

Spilar DVD, DVD-R/RW, CD-R/RW, VCD/SVCD, MP3 og JPEG



HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DVD spilara, 2x52w/2x26w magnara og 52w bassa, 5 litlum umhverfishátölurum og bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro Logic II, NTSC afspilun á PAL sjónvarpi, RDS útvarpi með FM og 30 stöðvaminnum, SCART með RGB og fjarstýring.

**TILBOÐ 32.990**

FULLT VERÐ kr. 39.990

## HEIMABÍÓ FERMINGAPAKKI





**JVC RX6042** DOLBY DIGITAL

5x100w Dolby Digital DTS ÚTVARPSMAGNARI með Dolby Pro Logic II, Dolby Pro-Logic, RDS útvarpi með 30 stöðvaminnum, Optical Digital inn- og út og fjarstýringu.



**JVC XVN212** DVD VIDEO

Fjölkerfa DVD SPILARI.

**Dantax NEW CENTURY**

150w fram- og 100w miðju- og bakhátalarar.

**TILBOÐ 79.990**

FULLT VERÐ kr. 99.990

SJÁIÐ ÚRVALIÐ Á HEIMASÍÐUNNI WWW.SM.IS

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2005

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶** REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. Tónborg, Kópavogi. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Kaupfélag Borgfirðinga, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. KF Húnvetninga, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Ljósgjafinn, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði. Rafmætti, Hafnarfirði.

Flogið áfram þrátt fyrir bilun í flugtaki:

# Reglugerð sögð auka áhættu

**BRETLAND** Breskri júmbóþotu var flogið á þremur hreyflum átta þúsund kílómetra leið frá Los Angeles í Bandaríkjunum til Bretlands eftir að fjórði hreyfillinn bilaði í flugtaki. Flugvélin átti að lenda í London en þegar til Bretlands var komið var eldsneytið á þrotum og því lenti vélin í Manchester.

Í breska blaðinu The Times er þess getið til að það hafi spilað inn í ákvörðun stjórnenda British Airways að halda fluginu áfram frekar en að lenda, að flugfélagið hefði þurft að endurgreiða farþegum flugmiðana vegna tafa samkvæmt evrópskri reglugerð sem hafði nýlega tekið gildi.

Samtök flugmanna hafa varað við því að reglugerðin auki líkur á að þrýst sé á flugmenn að taka aukna áhættu í farþegaflugi.

Flugstjórinn hringsólaði nærri Los Angeles meðan yfirmenn hans tóku ákvörðun um að halda fluginu áfram. Flugvélin náði ekki venjulegri flughæð og brenndi eldsneyti því hraðar en venjulega. Stjórnendur British Airways sögðu í samtali við The Times að nýju reglurnar hefðu ekkert haft með ákvörðun sína að gera. Fljúga mætti þotunni á þremur hreyflum og tveimur ef nauðsyn krefði. ■




**JÚMBÓÞOTUR**
Þoturnar á myndinni eru sömu gerðar og flugvélin sem flogið var 8.000 kílómetra leið með einn bilaðan hreyfil.

# Lóðum þinglýst til varnar braski

**Borgarráð ákveður á næstunni hvort 30 lóðum við Lambasel verður úthlutað með því að draga úr hatti eða hvort haldið verði útboð eins og í Norðlingaholti. Lóðunum verður síðan þinglýst til að koma í veg fyrir brask.**

**REYKJAVÍK** Borgarráð tekur á næstunni ákvörðun um hvort 30 lóðum undir einbýlishús við Lambasel í Breiðholti verði úthlutað með hefðbundnum hattardrætti eða haldið verði útboð eins og gert var í Norðlingaholti. Lóðirnar verða fyrst auglýstar á næstunni í Stjórnartíðindum.

Þegar lóðunum hefur verið úthlutað verður þeim þinglýst hjá sýslumannsembættinu til að koma í veg fyrir að lóðarhafi selji lóðina aftur í stað þess að skila henni aftur til borgarinnar ef honum snýst hugur um húsbygginguna. Þannig hyggjast borgaryfirvöld tryggja að lóðarhafi byggi á lóðinni.

Dagur B. Eggertsson, formaður skipulags- og bygginganefndar, segir að verið sé að skoða úthlutunarleiðirnar tvær, meðal annars með tilliti til þess hvernig hagsmunum borgarbúa verði best borgið á tímum hækkandi lóðaverðs. Borgaryfirvöld fylgjast grannt með umræðunni um lóðaverð og því hvaða áhrif þessi rúmlega tíundi hluti af fasteignamarkaðnum hefur á aðra hluta markaðarins.

Með því að þinglýsa lóðunum segir Dagur að neglt verði fyrir þá glufu að fjármálafyrirtæki eða verktakar geti fengið lóðirnar og selt síðan aftur. „Það yrði bara hægt ef verktakar fengju lóð sem einstaklingar og ætluðu að búa þarna sjálfir. Það verða allir að hafa jafnan rétt á því.“

Verð lóðanna hefur ekki verið ákveðið enda getur það mótast af því hvaða úthlutunarleið verður farin. Dagur bendir á að lóðir séu verðmætar í eðli sínu og telur ekkert endilega um brask að ræða.

„Vandinn í þessu snýr að því að þarna eru stjórnvöld að úthluta gæðum og þá vill maður gera það á eins réttlátan hátt og hægt er og reyna að sníða leikreglurnar þannig að það sé ekki einn umfram annan að fá einhver gæði ókeypis sem hann síðan selur næsta manni.“

ghs@frettabladid.is



**LÓÐIRNAR VIÐ LAMBASEL**
Á næstunni verður tekin ákvörðun um hvort þessum lóðum verði úthlutað með hefðbundnum hætti eða hvort haldið verður útboð. Borgaryfirvöld ætla að koma í veg fyrir að þær gangi kaupum og sölu með því að þinglýsa þeim strax eftir úthlutun.

Stjórnkerfið:

# Kannar ráðningar útlendinga

**VINNUMARKAÐURINN** Víðtækt samstarf er að hefjast í stjórnkerfinu um að kanna ráðningar byggingafyrirtækja og verktaka á útlendingum með þjónustusamningum og í gegnum starfsmannaleigur en í mörgum tilfellum er réttur brotinn á þessum mönnum.

Stjórnendur Útlendingastofnunar og Vinnumálastofnunar hittast á fundi í vikunni til að fara yfir stöðu mála. Þá ætla stjórnendur Útlendingastofnunar að kalla til fundar með lögreglunni.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að félagsmálaráðuneytið hyggist í samvinnu við Vinnumálastofnun fá fulltrúa ASÍ og SA til liðs við sig til að ná sameiginlegum skilningi um málið eins og það er kallað.

Nokkur óvissa er um það hvernig eigi að túlka lög varðandi ráðningar útlendinga þessa dagana. Beðið er niðurstöðu í rannsókn sýslumannsins á Egilsstöðum á ráðningu tveggja erlendra rútubílstjóra hjá GT verktökum og er það mál talið geta haft fordæmisgildi.

- ghs



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Í BYGGINGU**
Víðtækt samstarf er að hefjast í stjórnkerfinu um að kanna ráðningar útlendinga með þjónustusamningum og í gegnum starfsmannaleigur.


DV

GUÐSMENN BERJAST UM HÚSGAGNAVERSLUNINA MICASA:

Predikari segir trúbadorinn á Ómega hafa stolið af sér húsgagnaverslun



„GASALEGA SÁRT AF ÞVÍ ÞETTA ER TRÚBRÓÐIR“

DV – hefur þú séð DV í dag?



LANDSÞING FRJÁLSLYNDA FLOKKSINS

Kaffi Reykjavík, 4.- 5. mars 2005

DAGSKRÁ

**Föstudagur 4. mars**

**16:00** Þingsetning
*Ræða formanns, Guðjóns A. Kristjánssonar*
Ung frálslynd og norrænt samstarf
*Kristín María Birgisdóttir, formaður Ungra frjálslyndra*
Lagabreytingar, skýrsla stjórnar

**Laugardagur 5. mars**

**09:00** Sveitarstjórnarmál / bæjarmálafélög
**10:30** Umræður
**12:30** Léttur hádegisverður
**13:15** Færeysk fiskveiðistjórnun
*Jörgen Niclasen varaformaður Fólkaflokksins og fv. sjávarútv.-ráðherra Færeyja*
Fyrirspurnir



**13:45** Stjórnmálaályktanir
**15:00** Kosningar
**16:00** Önnur mál- Afgreiðsla stjórnmálaályktana
**17:00** Þingslit
**19:30** Móttaka fyrir þingfulltrúa

www.xf.is

Skráningu á landsþing lýkur á hádegi 3. mars
Framkvæmdastjórn áskilur sér rétt til að breyta dagskrá.

FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN


NÝTT
Vnr 01 65 61
nicorette
nicotin
freshmint 2mg
medicinsk tyggegummi
LAV STYRKE
sukkerfri
105
stykker
mod
rygetrang
Prófaðu
Nicorette Freshmint
Nicorette Freshmint er nýtt nikótíntyggigúmmí sem þægilegt er að tyggja – það er mjúkt, ferskt og hefur langvarandi myntubragð. Á www.nicorette.is er hægt að lesa meira um Nicorette lyfin, fá stuðning og góð ráð í baráttunni við næstu sígarettu.
nicorette®
Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.** Handhafi markaðsleyfis: Pfizer ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ.

# Heitt tandoori kjúklingasalat

Nýjung frá Hellmann's sem hjálpar þér við að fullkomna kjúklingasalatið:




1. Steiktu kjúklinginn upp úr innihaldi neðri krukkunnar.

2. Settu kjúllann svo út í girnilegt salat að eigin vali og helltu Hellmann's dressingunni úr efri krukkunni yfir!

3. NAMMINAMM! Einfaldara getur það eiginlega ekki verið!




Þessi einstaka vara frá Hellmann´s er samsett úr tveimur krukkum, önnur inniheldur kryddblöndu fyrir kjúklinginn og hin salatsósu sem passar fullkomlega við. Fjórar mismunandi bragðtegundir: Thai, Tandoori, Ceasar og Italian!


Lögregla leitar að átta til tíu krökkum í hverjum mánuði:

# Jóna Thuy er strokin aftur

**UNGLINGAR** Stúlkan sem lögreglan leitaði sem mest að í síðustu viku og fann loks, er strokin frá Stuðlum. Hún heitir Jóna Thuy Phuong Jakobsdóttir og er fjórtán ára. Hún fór huldu höfði í um það bil þrjár vikur áður en hún fannst fyrir helgina. Lögreglan í Reykjavík svipast einnig um eftir annarri stúlku á svipuðu reki og Jóna er.

Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn í Reykjavík sagði að nýlega hefðu verið teknar saman tölur um fjölda unglinga sem lögreglan leitaði að. Niðurstaðan væri sú að fram færu átta til tíu slíkar leitir á mánuði.


**STRAUK AFTUR**
Það fer eftir eðli hvers máls fyrir sig hvenær leit er hafin að einstaklingi. Jóna Thuy Phuong Jakobsdóttir strauk aftur eftir að hafa farið huldu höfði í um þrjár vikur. Lögreglan leitar hennar nú.

„Það er nær alltaf verið að leita að sömu krökkunum,“ sagði Geir Jón. „Yfirleitt er um að ræða krakka sem stinga af að heiman eða af einhverjum stofnunum í tengslum við félagsmálayfirvöld. Oftast nær liggur óregla að baki því að þeir láta sig hverfa og óæskilegur kunningjahópur, en sárasjaldan erfiðleikar heima fyrir.“

Geir Jón sagði ekki hægt að tala um að þessir krakkar væru týndir. Þeir væru ekki til staðar þar sem þeir ættu að vera, heldur hefðust við þar sem skotið væri skjólshúsi yfir þá. Yfirleitt væru þeir á aldrinum tólf til sextán ára.

**- jss**

# Sérfræðingar til varnar hundi

**Umhverfis- og heilbrigðisnefnd hefur til skoðunar úrskurð um að tíu ára collie-hundur skuli aflífaður. Hundurinn glefsaði í barn í fyrra í annað sinn en hefur nú lögmann, heilbrigðisvottorð og vitnisburði sér til varnar.**

**DÝRAHALD** Lögfræðingur Taraks, tíu ára collie-hunds, fer með mál hans gegn Umhverfis- og heilbrigðisstofu. Hundurinn hefur farið í skapgerðarmat hjá dýralækni og fengið heilbrigðisvottorð frá öðrum dýralækni. Málinu hefur verið skotið til umhverfis- og heilbrigðisnefndar. Hann á líf sitt undir úrskurði nefndarinnar.

Málið hófst í ágúst í fyrra þegar Tarak glefsaði í stúlku sem var gestkomandi á heimili hans. Stúlkan fékk áverka á kinn og þurfti að fara á slysadeild. Í málsskjölum kemur fram að hundurinn hafi áður veitt ungri stúlku rispu á kinn, það var árið 2001.

Faðir stúlkunnar sem þurfti að fara á slysadeild kærði málið til lögreglu. Í kjölfarið úrskurðaði Umhverfis- og heilbrigðisstofa að Tarak skyldi aflífaður.


**LÖNG SAMBÚÐ**
Tarak með eiganda sínum, Snædísi. Hún fékk hann þegar hún var tólf ára og síðan hefur hann verið einn af fjölskyldunni og sá athyglissjúkasti, segir hún.

### Ataðist í hundinum

Jón Egilsson sem er lögmaður hundsins sendi umhverfis- og heilbrigðisnefnd yfirlýsingu frá stúlkunni sem Tarak veitti áverka árið 2001. Í yfirlýsingunni segir meðal annars: „Ég var búin að vera að atast mikið í hundinum þennan dag þegar ég fór yfir mörkin með þeim hætti að ég tók fast um háls hans með þeirri meiningu að faðma hann, en hundurinn náði ekki almennilega andanum og gaf frá sér einhver hljóð sem svipaði til hósta.“ Stúlkan vottaði að hún hefði umgengist Tarak næstum daglega eftir atburðinn og hefur hann aldrei sýnt annað en gott viðmót.


**HANNA M. ARNÓRSDÓTTIR**
Mat andlegt ástand.

Síðara atvikið var hins vegar kært til lögreglu. Í gögnum málsins eru yfirlýsingar, meðal annars frá konu sem var gestkomandi á heimilinu þegar síðara atvikið átti sér stað, lögregluskýrsla og vitnisburður heimilisvinar um góða hegðun hundsins. Loks eru staðfestar umsagnir dýralækna.

Í greinargerð lögmannsins til nefndarinnar segir að um sé að ræða tvö lítil óhöpp í lífi hundsins sem eigi sér stað með margra ára millibili. Í seinna tilfellinu sem „hér um ræðir er stúlkan [...] að atast í hundinum á sama tíma og verið er að gefa honum matarbita. Hundinum ofbýður áreitið og glefsar til stúlkunnar með áðurgreindum afleiðingum, það er að setja þurfti plástur á kinn hennar“. Hann segir einnig að börnin „hafi ekki kunnað vegna óvitaskapar síns að umgangast dýr af þeirri virðingu sem þeim ber“.

### Ekki hættulegur

„Hundurinn Tarak er ekki hættulegur hundur og er það álit allra viðstaddra að áður greindur atburður hafi verið slys. Einnig er það álit þeirra sérfræðinga sem skoðað hafa hundinn að hann sé hraustur bæði á sál og líkama,“ segir lögmaður hundsins.

Hanna M. Arnórsdóttir dýralæknir annaðist skapgerðarmat hundsins og segir að Tarak hafi ekki sýnt annað en gleði og forvitni þegar hún kom inn á heimilið. Hún reyndi að fá hann til að leggjast á hliðina en það gekk ekki fyrr en hann fékk að fara upp í sófa. Hanna komst að þeirri niðurstöðu að Tarak sé „greinilega með sterka drottnunarhegðun, sem hann sýnir þó ekki við allar aðstæður heldur einkum þegar þvingun fer fram.“ Jafnframt segir hún líklegt að hundurinn sé kominn með gigt í mjaðmalíði og að sársauki geti haft mikið að segja um geðslag hunda hverju sinni.

### Máli frestað

Katrín Harðardóttir dýralæknir mat líkamlegt ástand Taraks, meðal annars með röntgenmyndatökum. Heilbrigðisvottorðið endar á eftirfarandi: „Það bendir ekkert til að hundurinn sé með gigt.“

Umhverfis- og heilbrigðisnefnd frestaði afgreiðslu málsins á fundi sínum í síðustu viku.

**jss@frettabladid.is**


**JÓN EGILSSON**
Fer með mál Taraks.

**KATRÍN HARÐARDÓTTIR**
Mat líkamlegt ástand.

# Hive Lite

Þráðlaust internet
2GB niðurhal
4Mb tenging

# AF HVERJU ERUM VIÐ AÐ BJÓÐA UPP Á ÞRÁÐLAUST INTERNET MEÐ HRAÐARI TENGINGU OG MEIRA NIÐURHALI EN HINIR Á AÐEINS

# 3.990

## Á MÁNUÐI?*

*M.v. 12 mánaða samning.

**AF ÞVÍ AÐ VIÐ ERUM HIVE.**

Hive Lite er ný og hagkvæm áskriftarleið sem færir þér þráðlaust internet, 2GB niðurhal, 4Mb tengingu og fullkominn tækjabúnað ásamt allri uppsetningu án aukagjalds.

Hive.is Hlíðasmári 12, 201 Kópavogur Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is

Hive


Sam-
keppni
Bananar
118
kr./kg
Ýsuflök m/roði
frosin
299
kr./kg
Nýr
valkostur
fyrir þig
McCain
Franskar
1 kg
279
kr./kg
5 minutes frites
KRÓNUPYLSUR
10 STK.
298
kr./pk
Mjólk
1 ltr.
62
kr./stk.
Nýmjólk
Merrild
kaffi 103
257
kr./stk.
Merrild
MALAÐ KAFFI
Létt &
Laggott
125
kr./stk.
2 Fyrir 1
Bautabúrs
skinka
358
kr./ 2 pakkar
Virk
samkeppni
– lækkað
verð
ALLTAF VIRK SAMKEPPNI

KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI

Ný verð-stefna

# ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR

– við lækkum vöruverð –




Cocoa Puffs
553 gr

**224** kr./pk.

Pampers bleiur
tvöfaldur pakki

**765** kr./pk.




Í VERSLUNUM KRÓNUNNAR

360 gráður

**FBL GREINING:** ÓLÖGLEGIR, ERLENDIR STARFSMENN Í BYGGINGARIÐNAÐI

# *Leikreglurnar ekki virtar*

Undirboð eru stunduð á byggingamarkaði; það kemur stöðugt skýrar fram í dagsljósið. Varlega hefur verið áætlað að um 750 erlendir iðnaðarmenn séu að störfum á höfuðborgarsvæðinu. Um tíu prósent þessara manna eru á launaskrá íslenskra fyrirtækja, hinir koma í gegnum þjónustusamninga og erlendar starfsmannaleigur. Þá er talið að hátt í 300 erlendir starfsmenn í byggingariðnaði starfi svart hér á landi og komi hvergi fram á skrá. Verkalýðshreyfingin hefur þungar áhyggjur af þessu ástandi.

**Hvenær hófst þessi þróun?**
Útlendingar hafa komið hingað til starfa um langt skeið. Fyrst í fiskvinnslu úti á landi og síðan inn í heilbrigðiskerfið. Þróunin hefur því verið fyrir


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

hendi en í byggingariðnaði hefur hún farið hraðvaxandi upp á síðkastið eftir því sem efnahagssveiflan hefur legið upp á við. Þar virðist líka vera meira um svarta atvinnustarfsemi og að reynt sé að nýta sér glufur í kerfinu en í heilbrigðiskerfinu og fiskvinnslunni. Það er þó lítið vitað um svarta markaðinn enda liggur það í eðli hans.

**Hvernig kemur þetta fólk hingað?**
Margir koma í gegnum starfsmannaleigur frá Portúgal og eru á launaskrá þar. Verkalýðshreyfingin er ósátt við það því erfitt hefur reynst að sannreyna að kjör þessara leigustarfsmanna séu í samræmi við íslenska kjarasamninga. Margir koma líka frá Eystrasaltslöndunum, til dæmis Lettlandi, bæði sem leigustarfsmenn og ekki síður í gegnum þjónustusamninga. Vara er þá keypt af baltneskri verksmiðju – það geta til dæmis verið gluggar eða stálgrind. Flokkur manna kemur síðan með vöruna til Íslands og setur hana upp hér.

**Hvaða þýðingu hefur þessi þróun?**
Framkvæmdahraðinn er mun meiri en ella. Ekki er víst að Íslendingar hefðu einir og sér getað annað öllum þessum miklu framkvæmdum. Þetta getur líka stofnað friði á vinnumarkaði í hættu. Verkalýðshreyfingin óttast að þróunin verði til þess að kjörum manna í byggingariðnaði fari hrakandi. Ef ekki er farið að leikreglunum missa menn væntanlega tökin.

## SPURT & SVARAÐ

VATNSMÝRIN

### *Betri miðborg, hærra íbúðaverð*



Örn Sigurðsson arkitekt telur Vatnsmýrina 200 milljarða króna virði ef flugvöllurinn í Reykjavík verður lagður niður.

**Hvað aðferð var notuð?**
Við reiknum út fjöldann sem getur búið á svæðinu, fjölda starfa og hvað margar byggingar komast fyrir. Þá er reiknað út verð á fasteignum á Reykjavíkursvæðinu. Við reiknum verð á hvern fermetra nýbygginga. Á miðsvæðum, sem eru mikilvæg vegna legu sinnar, er verð eðlilega hærra.

**Hverjir græða?**
Allir græða enda um að ræða þjóðhagsleg verðmæti. 90 milljarðar liggja í lóðaverði, 90 milljarðar í hækkandi fasteignaverði í nágrenninu og restin í útivistarsvæðum. Þá sparast mikið vegna þéttingar byggðar.

**Hækkar fasteignaverð í kjölfarið?**
Fasteignir frá Kringlumýrarbraut og niður að Hofsvallagötu munu hækka um 15% í kjölfar byggðar í Vatnsmýrinni. Þeir sem fyrir eru á svæðinu njóta hags af því.

MODERNUS

SAMRÆMD VEFMÆLING®
VIKA NR. 08: 21.02. - 27.02.
25 efstu eftir fjölda notenda

| | VEFUR | NOTENDUR | INNLIT | FLETTINGAR |
|---|---|---|---|---|
| 1. | visir.is | 159.692 | 582.284 | 5.088.925 |
| 2. | mbl.is | 158.648 | 1.127.799 | 5.898.293 |
| 3. | leit.is | 96.061 | 410.925 | 1.569.724 |
| 4. | hugi.is | 88.929 | 190.795 | 1.158.671 |
| 5. | eve-online.com | 61.824 | 241.136 | 3.304.478 |
| 6. | barnaland.is | 46.980 | 220.423 | 5.116.690 |
| 7. | ruv.is | 31.026 | 89.180 | 369.379 |
| 8. | vikurfrettir.is | 16.146 | 37.622 | 148.874 |
| 9. | bt.is | 15.490 | 27.988 | 163.694 |
| 10. | visindavefur.hi.is | 14.043 | 18.308 | 73.008 |
| 11. | humor.is | 13.738 | 36.357 | 214.216 |
| 12. | doktor.is | 12.597 | 22.057 | 223.566 |
| 13. | reykjavik.is | 12.112 | 20.603 | 152.402 |
| 14. | shopusa.is | 11.462 | 22.795 | 63.176 |
| 15. | kvikmynd.is | 11.430 | 19.287 | 310.658 |
| 16. | textavarp.is | 11.343 | 21.011 | 27.590 |
| 17. | femin.is | 10.600 | 26.767 | 336.220 |
| 18. | althingi.is | 8.127 | 19.702 | 113.045 |
| 19. | icex.is | 7.865 | 16.818 | 49.521 |
| 20. | rsk.is | 7.833 | 17.020 | 82.461 |
| 21. | tonlist.is | 7.759 | 11.272 | 71.168 |
| 22. | flugfelag.is | 7.653 | 12.715 | 44.672 |
| 23. | sport.is | 7.249 | 25.629 | 141.050 |
| 24. | habil.is | 7.027 | 15.297 | 134.123 |
| 25. | icetourist.is | 6.391 | 8.105 | 66.543 |

Sjá á www.modernus.is/sv
og textavarpi Rúv síðu 631
Öllum vefjum stendur til boða
að taka þátt í Samræmdri vefmælingu.

VERSLUNARRÁÐ ÍSLANDS

# Reiðum okkur hvor á annan

**Kjell Magne Bondevik, forsætisráðherra Noregs, segir að Norðmenn og Íslendingar reiði sig mjög hvorir á aðra. Ef annað landið gengi í Evrópusambandið yrði hitt að fylgja á eftir. Norðmenn yrðu að gefa upp forræði yfir fiskimiðum gengju þeir í ESB.**



**FRÉTTASKÝRING**
KJELL MAGNE BONDEVIK, FORSÆTISRÁÐHERRA NOREGS

**SIGRÍÐUR D. AUÐUNSDÓTTIR**
BLAÐAMAÐUR

**EVRÓPUMÁL** Kjell Magne Bondevik, forsætisráðherra Noregs, segir tvær meginástæður fyrir því að það hefði veruleg áhrif í Noregi ef Íslendingar færu í aðildarviðræður við Evrópusambandið.

„Í fyrsta lagi yrði Noregur þá eitt Norðurlandanna utan Evrópusambandsins og veikti það samstarf Norðurlandanna mjög,“ segir Bondevik.

„Svo lengi sem löndin eru tvö er auðveldara fyrir þau að standa utan ESB, því meira jafnvægi ríkir þá milli landanna sem eru utan sambandsins og þeirra sem eru innan þess. Ef fjögur lönd á Norðurlöndunum eru aðildarríki Evrópusambandsins og eitt land utan þess verður það erfiðara fyrir landið sem stendur fyrir utan,“ segir Bondevik.

### Veikti EFTA mjög

„Hin ástæðan, sem jafnframt vegur þyngst, er sú að ef annað landanna ákvæði að ganga í Evrópusambandið, verður hitt landið eina landið ásamt Liechtenstein í EFTA innan Evrópska efnahagssvæðisins,“ segir Bondevik. „Þó svo að Svisslendingar séu einnig þátttakendur í Evrópska efnahagssvæðinu eru þeir ekki aðilar að EFTA, og myndi það því veikja EFTA mjög ef einungis tvö lönd yrðu þar eftir,“ segir hann.

„Við fylgjumst með umræðunum um Evrópumál á Íslandi af áhuga og ég held að Íslendingar fylgist með umræðunum í Noregi því þjóðirnar reiða sig hvorar á aðra í þessu máli. Ef annað landið sækti um aðild myndi hefjast umræða um aðild í hinu landinu,“ segir Bondevik.




**BONDEVIK MEÐ FORSÆTISRÁÐHERRUM NORÐURLANDA**
Kjell Magne Bondevik segir erfitt fyrir eitt land á Norðurlöndunum að standa utan Evrópusambandsins ákveði annaðhvort Noregur eða Ísland að sækja um aðild. Bondevik fundaði með forsætisráðherrum hinna Norðurlandanna í fyrra, Anders Fogh Rasmussen er við hlið honum og síðan Halldór Ásgrímsson, Göran Persson og Matti Vanhanen.

### Á dagskrá í fyrsta lagi 2007

„Eins og stendur er það ekki á dagskrá hjá okkur að hefja aðildarviðræður vegna þess að við erum mjög sátt við EES-samninginn sem hentar okkar efnahagslífi mjög vel. Við viljum bíða og sjá hver útkoman verður úr þjóðaratkvæðagreiðslum Evrópuríkjanna um stjórnarskrá Evrópusambandsins áður en við förum að skoða hugsanlegar aðildarviðræður,“ segir Bondevik.

Hann segir að ef ákveðið yrði í Noregi að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið muni það ekki gerast fyrr en á síðari hluta næsta kjörtímabils, eða á tímabilinu 2007 til 2009.

„Ef við ákveðum að efna til nýrrar þjóðaratkvæðagreiðslu í Noregi um aðild að Evópusambandinu, sem mun verða sú þriðja, verðum við að vita nákvæmlega hvað við erum að taka afstöðu til. Auk þess að sjá útkomuna varðandi stjórnarskrána er nauðsynlegt að sjá hvaða áhrif inntaka nýju aðildarríkjanna tíu frá því í maí hefur á stöðu smáríkja og meðalstórra ríkja í Evrópusambandinu. Við viljum sjá hver reynslan af þessari stækkun verður,“ segir Bondevik.



### Löndin reiða sig hvort á annað

Bondevik segir að ályktun Framsóknarflokksins um Evrópumál muni hafa mikil áhrif á umræðuna um aðild að Evrópusambandinu í Noregi.

„Ályktun flokksþings framsóknarmanna um að kanna frekar aðild að Evrópusambandinu mun hafa áhrif á umræðuna á Íslandi um Evrópusambandið, sem mun hafa áhrif á umræðuna í Noregi,“ segir Bondevik.

„Bæði löndin reiða sig mikið á sjávarútveg og mikil samskipti eru landanna á milli. Það var ástæðan fyrir því að ég hringdi í Halldór Ásgrímsson á föstudaginn. Ég vildi fá að vita hvað væri í gangi í Framsóknarflokknum vegna þess að við fengum þær fregnir hingað til Noregs á föstudagsmorgun að flokkurinn væri að íhuga að samþykkta ályktun þar sem stefnt yrði að því að sækja um aðild að Evrópusambandinu,“ segir hann.

### Evrópustefnan gæti breyst með nýrri ríkisstjórn

Bondevik segir að Halldór hafi útskýrt fyrir sér að ósennilegt væri að upphafleg drög að ályktun yrðu samþykkt á þinginu. „Mér skilst að útkoman hafi verið sú að undirbúa eigi hugsanlegar aðildarviðræður. Þetta þýðir að umræðan um hugsanlega aðild að Evrópusambandinu mun aukast á Íslandi. Það mun hafa áhrif hér í Noregi með þeim hætti að Norðmenn munu ræða enn frekar sín á milli um hugsanlegar aðildarviðræður,“ segir hann.

Bondevik segir ályktun Framsóknarflokksins ekki síst áhugaverða í ljósi þess að hugsanlega gætu breytingar orðið á ríkisstjórn Íslands í næstu alþingiskosningum. „Ef Framsóknarflokkurinn fer í ríkisstjórn með Samfylkingunni eftir næstu kosningar er ljóst að viðhorf íslensku ríkisstjórnarinnar til aðildar að ESB gæti breyst. Það hefði veruleg áhrif á umræðuna hér í Noregi,“ segir Bondevik.

### EES-samningurinn staðnaður

Aðspurður segist Bondevik að mörgu leyti sammála Halldóri Ásgrímssyni um að EES-samningurinn hafi staðnað. „Á hinn bóginn hentar hann Noregi vel og efnahagi landsins. Auðvitað höfum við ekki sömu pólitísk áhrif og aðildarríki Evrópusambandsins hafa og það er ókostur,“ segir hann.

Hann bendir á að vandi Norðmanna í aðildarviðræðum yrði einna helst vegna landbúnaðarmála og að einhverju leyti sjávarútvegsmála er snýr að forræði yfir fiskimiðum. Hann segist hins vegar ekki búast við því að erfitt reynist að semja um olíulindir Norðmanna. „Forræði yfir fiskimiðunum mun hins vegar reynast erfitt. Það var einmitt stóra deilumálið þegar við sóttum síðast um aðild, árið 1994,“ segir Bondevik.

Hann bendir jafnframt á að útflutningur á fiski verði Norðmönnum auðveldari ef þeir gerðust aðilar að Evrópusambandinu. „Útflutningur fiskiafurða yrði þá gefinn frjáls en nú eru vissar takmarkanir á útflutningi,“ segir hann.

„Kosturinn við að vera ekki aðildarríki er hins vegar sá að við höfum meira frelsi í byggðamálum, utanríkismálum og að ákveðnu marki í efnahagsmálum,“ segir Bondevik. ■




# Við elskum að vinna...

... fyrir Símann, KB banka, Alcan, Bóksölu stúdenta, Bygg, DHL, Fasteignamat ríkisins, Flugleiðahótelin, FVH, Garra, Hagstofuna, Hagvang, Háskóla Íslands, Heimsferðir, Herrafataverslun Birgis, Iceland Naturally, Iceland Seafood, Íslandspóst, Íslenska getspá, Kauphöll Íslands, Krabbameinsfélagið, Landsvirkjun, Leikskóla Reykjavíkur, Lífeyrissjóð verslunarmanna, Lýsi hf., Markaðsnefnd mjólkuriðnaðarins, Menntafélagið, Myndmark, Norðlenska, Osta- og smjörsöluna, Pokasjóð, Reykjavíkurborg, SagaMedica, Sameinaða lífeyrissjóðinn, Samtök verslunarinnar, SÍF, Slipp-félagið, Smáralind, Sóma, Steypustöðina, TM húsgögn, VISA, Ölgerðina Egill Skallagrímsson, Ömmubakstur.

Auglýsingastofa . Brautarholti 10 . sími 570 8700 . ennemm.is ENNEMM

# skoðun

SJÓNARMIÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Framsóknarflokkurinn undirbýr stjórnarsamstarf með Samfylkingunni.

## Vinstra bros Halldórs

Greinilegt er að Kjell Magne Bondevik, forsætisráðherra Noregs, er trúnaðarvinur Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra okkar. Í samtali við Fréttablaðið í gær segir Bondevik að ályktun flokksþings framsóknarmanna um helgina um Evrópumál sé ekki síst áhugaverð „í ljósi þess að hugsanlega gætu breytingar orðið á ríkisstjórn Íslands í næstu alþingiskosningum“. Orðrétt segir Bondevik: „Ef Framsóknarflokkurinn fer í ríkisstjórn með Samfylkingunni eftir næstu kosningar er ljóst að viðhorf ríkisstjórnarinnar til aðildar að ESB gæti breyst. Það hefði veruleg áhrif á umræðuna hér í Noregi.“ Sjálfur er Bondevik áhugasamur um aðild Norðmanna að Evrópusambandinu.

Einkennilegt er að sjá forsætisráðherra Noregs setja sig í spor fréttaskýranda og vera með vangaveltur um hugsanlegt stjórnarmynstur á Íslandi. Líklegt er að Norðmönnum þætti slíkt tal útlends forsætisráðherra um innanlandsmál þeirra óviðeigandi. Skýringarinnar getur tæpast verið að leita annað en í samtalið sem hann átti við Halldór Ásgrímsson í síðustu viku og Halldór sagði frá á flokksþinginu. Þar hefur Halldór trúað Bondevik fyrir þeim áformum sínum að gera aðild að Evrópusambandinu að næsta

**Á sínum tíma var talað um „hægra bros“ framsóknarforingjans Jónasar frá Hriflu. Það hafði örlagaríkar afleiðingar fyrir íslensk stjórnmál. Hvort „vinstra bros“ Halldórs Ásgrímssonar markar á sama hátt þáttaskil leiðir tíminn einn í ljós.**

kosningamáli Framsóknarflokksins og stefna að því að mynda ríkisstjórn með Samfylkingunni sem einnig er hlynnt aðild að sambandinu. Bondevik hefur ekki getað leynt ánægju sinni með þessa þróun þar sem hann telur að hún greiði fyrir Evrópusambandsaðild Norðmanna.

Þó að miklar breytingar hafi verið gerðar á orðalagi ályktunar um Evrópumál á flokksþingi framsóknarmanna frá upphaflegum drögum er ýmislegt til í þeirri túlkun Halldórs Ásgrímssonar að um sé að ræða tímamótasamþykkt vegna þess að orðið „aðild“ sé nú í fyrsta sinn sett á blað. Líklega hefur hinn fjölmenni hópur andstæðinga Evrópusambandsins ekki áttað sig á því þegar málamiðlunin var gerð á sunnudaginn að túlkun af þessu tagi væri möguleg. Þó að hún sé ekki órökrétt er hún á vissan hátt ósvífin gagnvart þeim mörgu flokksmönnum, þar á meðal Steingrími Hermannssyni fyrrverandi flokksformanni, sem verður heitt í hamsi þegar stuðning við aðild að sambandinu ber á góma.

En nú þegar það er nánast orðið opinbert að forystumenn Framsóknarflokksins eru farnir að undirbúa stjórnarsamstarf við Samfylkinguna að loknum næstu kosningum með aðild að Evrópusambandinu sem meginstefnu verður forvitnilegt að fylgjast með viðbrögðum forystumanna Sjálfstæðisflokksins. Þeir hafa afhent framsóknarmönnum hásætið og hálft konungsríkið. Varla eru þeir svo geðlausir að þeir bíði eftir því einu að vera sparkað fram úr rekkju maddömunnar?

Á sínum tíma var talað um „hægra bros“ framsóknarforingjans Jónasar frá Hriflu. Það hafði örlagaríkar afleiðingar fyrir íslensk stjórnmál. Hvort „vinstra bros“ Halldórs Ásgrímssonar markar á sama hátt þáttaskil leiðir tíminn einn í ljós. ■




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Embættismenn í kosningabaráttu



Um 80 embættismenn í stjórnarráðinu í Lundúnum, sem allir þiggja laun úr ríkissjóði, eru í fullu starfi í þágu Verkamannaflokksins í kosningabaráttunni í Bretlandi sem nú er að hefjast af fullum þunga. Um er að ræða aðstoðarmenn ráðherra en fjöldi þeirra hefur tvöfaldast á stjórnarárum Tony Blair frá 1997. Stjórnarandstæðingar eru mjög óánægðir með þetta og var málið til umfjöllunar í dagblaðinu Telegraph í gær. Jafnvel þótt aðstoðarmennirnir segi af sér um leið og kosningar eru formlega tilkynntar eru þeir á biðlaunum í þrjá til sex mánuði og nýtast því vel í baráttunni um hylli kjósenda. Á stjórnarárum Íhaldsflokksins voru aðstoðarmenn ráðherra aðeins um 20 en það er sami fjöldi og nú starfar eingöngu á skrifstofu Blair forsætisráðherra.

### Bara ráðherrarnir

Þetta leiðir hugann að aðstoðarmönnum íslenskra ráðherra. Þeir eru jafn margir og ráðherrarnir og sinna fyrst og fremst stjórnmálabaráttunni. Dæmi eru um að ráðherrar hafi fleiri en einn aðstoðarmann og er viðkomandi þá fenginn titill eins og „ráðgjafi“ eða „upplýsingafulltrúi“. Stjórnarandstæðingar á Alþingi hafa ekki slíka aðstoðarmenn sem launaðir eru af ríkissjóði.

### Rætt um Öryggisráðið

Algjör óvissa ríkir um það hvort íslensk stjórnvöld ætli að halda framboði Íslands til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna til streitu. Andstaða er við málið í röðum þingmanna Sjálfstæðisflokksins. Beðið er eftir því að Davíð Oddsson taki af skarið. Ekki er vitað annað en að Framsóknarflokkurinn sé jafn áhugasamur um aðild að Öryggisráðinu og áður. Kannski skýrist staðan á fundi um málið sem Samtök um vestræna samvinnu og Varðberg efna til á Hótel Sögu síðdegis í dag. Framsögumenn eru þingmennirnir Einar Oddur Kristjánsson, Jónína Bjartmarz og Steingrímur J. Sigfússon.

gm@frettabladid.is

## Um Fischer og fjölgun ráðherra

Í DAG
STOFNANIR OG ÞJÓNUSTA



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR

Einn ungu þingmannanna sagði í viðtali um daginn að hann héldi að hægt væri að ná samstöðu um mál í þinginu og bætti við að um þær málalyktir gæti einnig orðið sátt um meðal þjóðarinnar. Mikið er ánægjulegt þegar þingmenn velta því fyrir sér hvernig það sem þeir eru að gera leggst í þjóðina. Það er því miður ekki oft sem sú hugsun heyrist frá löggjafarsamkundunni. Þetta var að vísu um hvort Fischer blessaður fengi ríkisfang eða bara passa. Vissulega hefði verið skemmtilegra ef þessi umhyggja fyrir því hvað þjóðinni finnst hefði verið um eitthvað mikilvægara en blessaðan skákmeistarann. Sá málatilbúnaður allur sýnir nú kannski ekki annað en að það er ekki sama Jón og séra Jón.

Einnig voru við fyrstu sýn gleðilegar fréttirnar af unga ráðherranum sem virtist ætla að flytja tillögu um að fækka ráðherraembættum. Það var fremur léleg Barbabrella því þegar tillagan var skoðuð nánar á að fækka ráðuneytum en fjölga ráðherrum. Í síðari hluta tillögunnar kom nefnilega fram að hugmyndin er að hver ráðherra hafi tvo til þrjá (athuga ekki einn eða tvo, heldur tvo eða þrjá) aðstoðarráðherra, sem gjarnan geta verið kjörnir fulltrúar, sagði tillögusmiðurinn. Hvernig öðru vísi ætlaði hann líka að sætta sjálfan sig og félaga sína við svo góða tillögu. Við tillögugerðina hlýtur maðurinn að hafa treyst því að þjóðin heyrði bara fyrri part tillögunnar, og héldi að umbætur væru til umræðu. Kannski ekki furða að hann héldi að hann kæmist upp með það, svo mikið sem talað er um að fólk setji sig ekki inn í málin eða skilji ekki þetta og skilji ekki hitt. Það er bábilja sem stjórnmálamenn ættu að láta af. Undarlegt að þeir sem sækja lífsviðurværi

**Einnig voru við fyrstu sýn gleðilegar fréttirnar af unga ráðherranum sem virtist ætla að flytja tillögu um að fækka ráðherraembættum. Það var fremur léleg Barbabrella því þegar tillagan var skoðuð nánar á að fækka ráðuneytum en fjölga ráðherrum.**

sitt til almennings beri svo litla virðingu fyrir honum.

Í sumar ætlaði hér allt um koll að keyra vegna þess að þingið samþykkti lög sem þjóðin var á móti. Þeir sem stóðu að samþykkt laganna voru svo vissir um að sú væri reyndin að þeir þorðu ekki að bera lögin undir þjóðina í atkvæðagreiðslu, eins og þeim bar samkvæmt stjórnarskránni. Og þjóðin sat eftir varnarlaus. Samt sem áður virðast menn ekkert hafa lært. Auðvitað verður Síminn seldur með grunnnetinu, segir forsætisráðherrann aftur og aftur. Alþingi hefur samþykkt það, heldur hann áfram. Hefur það þá aldrei gerst í sögunni fyrr að ákvörðunum sé breytt? Þessi ákvörðun var vond og það er hægt að breyta henni. Hvers vegna ekki að gera það? Nýlega var birt skoðankönnun sem sýnir að meirihluti fólks vill að skilið verði á milli grunnnetsins og annarrar fjarskiptaþjónustu.

Það er ekkert að marka skoðanakannanir segja ráðamenn þá. Fólk hefur ekkert vit á þessu. Við erum búin að ákveða þetta. Vei þeim sem abbast upp á okkur. Eitthvað í þessa veruna virðist þankagangur fólksins vera. Fólkins, sem við borgum kaup í hverjum mánuði til að annast málefni okkar. Við hljótum að eiga betra skilið.

Það sem er eiginlega hundfúlast við þetta er að engar breytingar eru í sjónmáli. Hér að framan var minnst á unga menn, þingmann og ráðherra. Er það ekki óþarfi að taka það sérstaklega fram að þeir séu ungir? Er það ekki svolítið að tala niður til þeirra, setja sig á háan hest, af því að maður er sjálfur miðaldra frú. Ég velti þessu fyrir mér í miðri ritsmíðinni. Það gerir mig svolítið leiða að ég kemst að þeirri niðurstöðu að svo sé ekki. Það skiptir máli að þeir eru ungir. Það skiptir máli vegna þess að þeir eru alveg eins og gömlu jafnaldrar mínir. Ekkert ferskt, ekkert nýtt. Þeir hugsa um hvað þjóðinni finnst í máli sem í raun skiptir hana litlu sem engu máli. Má þó alls ekki gera lítið úr því að koma bágstöddum manni til hjálpar. Kannski ættum við að nota þetta tækifæri til að hugsa út í það að við stöndum okkur almennt mjög illa í að koma bágstöddum til hjálpar. Kannski ættum við að hugsa til þess að í Texas situr ungur maður sem telur að þjóðin vilji ekkert leggja á sig fyrir hann og því að hann er ekki frægur eins og Fischer. Kannski er þessum málum þannig háttað að ekkert er hægt að gera. Ég veit ekki um það, en mér finnst að oftar megi ráðamönnum, ungum og öldnum, vera hugsað til þjóðarinnar en þegar fjallað er um passann hans Fischers. ■




FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 8.35 | 13.40 | 18.47 |
| AKUREYRI | 8.24 | 13.25 | 18.27 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

## heilsa o.fl.

Matardagbók kemur upp um ósiðina

BLS. 2



**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

*Góðan dag!*

**Í dag er þriðjudagur 1. mars, 60. dagur ársins 2005.**

KRÍLIN




**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**

**Smáauglýsingar**
*byrja í dag á bls. 5*

**Flokkar**
Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**

vísir



Vigdís Másdóttir leikur í Brúðuleikhúsinu og stjórnar brúðum og það er líkamsræktin hennar.

# Vinnan er besta líkamsræktin

***Vigdís Másdóttir, brúðuleikari og brúðustjórnandi, þreytir inntökupróf í leiklistardeild Listaháskólans í þessari viku. Hún notar einfalda líkamsrækt til að halda sér í formi – vinnuna.***

„Það er mjög einfalt hvernig ég held mér í formi. Sökum starfsins míns er ég stöðugt á hreyfingu og má segja að það sé eina eiginlega líkamsræktin sem ég stunda. Ég vinn mjög mikið. Ég er með tvær sýningar á dag í Brúðuleikhúsinu, hver í fjörutíu mínútur, og síðan þarf að setja sýninguna upp og taka hana niður aftur. Þá reyni ég aldeilis á mig þar sem sýningin er eins og fjörutíu mínútna eróbikk tími og ekki minna puð að setja hana upp og taka hana aftur niður,“ segir Vigdís en búningurinn hennar er mesta eróbikkið. „Ég er um það bil 1,90 cm þegar ég fer í búninginn en er í raun 1,81 á hæð. Hann er rosalegur þessi búningur og eiginlega út um allt. Það lekur af mér svitinn eftir hverja einustu sýningu. Annars finnst mér fýsískt leikhús mjög flott þar sem líkaminn er jafnvel notaður meira en texti. Þess vegna finnst mér mjög mikilvægt að leikarar haldi sér í góðu formi.“

Vigdís notar líka daglegt amstur til að fá sinn skammt af hreyfingu. „Ef ég þarf að bera þunga kassa eða eitthvað slíkt þá nota ég það til að reyna á mig og fá smá líkamsrækt út úr því. Síðan reyni ég að fara í sund eins oft og ég get. Það er best í heimi. Ég borða líka hollan mat – mikið af grænmeti og ég drekk mikið vatn. Ég er frekar meðvituð um það sem ég borða en ég „dett stundum í það“ í óhollustu eins og maður segir – sérstaklega núna um jólin. En ég hugsa sérstaklega um það sem ég borða þessa dagana því ég er að fara í inntökupróf og þarf að vera sem best á mig komin. Ég reyni að borða engan hvítan sykur og lítið af kolvetnum.“ ■

# Óskarinn lengir lífið

***Þeir sem vinna Óskarsverðlaun eru líklegri til að lifa fjórum árum lengur en þeir sem vinna ekki þessi eftirsóttu verðlaun.***



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hilary Swank hefur unnið Óskarinn tvisvar sinnum og er því í góðum málum.

Lífslíkur Óskarsverðlaunahafa eru mun betri en okkar hinna sem aldrei fáum styttuna. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn kanadíska vísindamannsins, doktor Donald Redelmeier, prófessors í læknavísindum við háskólann í Toronto.

Enn betri eru fréttirnar fyrir leikara sem vinna Óskarinn oftar en einu sinni á ferlinum því þeir gætu lifað allt að sex sinnum lengur en keppinautar sínir. Katherine Hepburn er góð sönnun því hún vann fjögur Óskarsverðlaun og varð 96 ára gömul.

Í rannsókninni voru allir 762 leikarar og leikkonur skoðaðar sem hafa einhvern tímann verið tilnefnd til Óskarsverðlauna í aðal- eða aukahlutverki. Að meðaltali lifðu Óskarsverðlaunahafar í 79,7 ár en þeir sem ekki unnu í 75,8 ár. ■

## LIGGUR Í LOFTINU
*í heilsu*

**Vefsíðan doktor.is** býður nú nýja þjónustu sem heitir Svarbox. Með því að smella á svarboxið fær viðkomandi beint samband við hjúkrunarfræðing vefsíðunnar þegar hann er við. Sá sem nýtir sér þjónustuna getur fengið ráðgjöf um heilsutengd málefni. Svarboxið verður í fyrstu opið fyrir alla en seinna eingöngu fyrir áskrifendur doktor.is.



**Atvinnumönnum í knattspyrnu** er hættara en við en öðrum að fá taugasjúkdóm sem leiðir til hrörnunar og dauða. Rannsókn var gerð á sjö þúsund ítölskum fótboltamönnum og kom í ljós að þessi sjúkdómur var fimm sinnum algengari hjá þeim en öðrum eins og kemur fram á fréttasíðu BBC. Sjúkdómurinn sem um ræðir er blönduð hreyfitaugahrörnun, sami sjúkdómur og enski eðlisfræðingurinn Steven Hawkings er haldinn. Í flestum tilfellum eru orsakir sjúkdómsins óþekktar nema í undantekningartilfellum þar sem hann virðist arfgengur.



**Níu af hverjum** tíu stelpum á aldrinum fjórtán til fimmtán ára segjast hafa verið þunglyndar á einhverjum tímapunkti á meðan sex prósent sögðu að þeim fyndist líf þeirra ekki þess virði að lifa því. Þetta kemur fram í nýrri könnun á vegum tímaritsins Bliss en tvö þúsund stúlkur á aldrinum fjórtán til fimmtán ára voru spurðar. Aðalástæður fyrir kvíða og þunglyndi voru álag að líta vel út, heimavinna, stríðni og upplausn í fjölskyldunni. Aðeins 32 prósent sögðust vera mjög elskuð af foreldrum sínum en þrjátíu prósent sögðust drekka áfengi í hverri viku.

**Fjöldi fólks** sem verður fyrir óþægindum eftir að gata á sér líkamann leitar sér ekki læknishjálpar. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn Pittsburgh's Carlow háskólans en 146 menn og konur með gat í gervivörtum og kynfærum var spurt. Af þessum 146 voru 43 prósent með gat í gerivörtu, 25 prósent með gat í kynfærum og 32 prósent með hvort tveggja. Meirihluti fólksins varð fyrir sýkingum eða óþægindum við þvaglát en aðeins þrjú prósent leituðu læknishjálpar. Alls höfðu 66 prósent þeirra með gat í gerivörtu og 52 prósent með gat í kynfærum orðið fyrir óþægindum í gjölfar gatanna.

*heilsa@frettabladid.is*

MARS

Kafbátur mánaðarins

*Pizzabátur*

*með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða*



Gildir í mars 05.
Gildir ekki í Stjörnumál.
Gildir ekki með öðrum tilboðum.
Sub Club miðar ekki afhentir með kafbát mánaðarins.

6 tommu bátur kr. 299

12 tommu bátur kr. 499

SUBWAY

## SÖLVI GEFUR GÓÐ RÁÐ

## Lausnin

**Hrakspár**
Í síðustu viku fjallaði ég um þær hrakspár sérfræðinga að barnabörn okkar myndu í mörgum tilfellum deyja fyrr en börn okkar meðal annars vegna sjúkdóma sem fylgja offitufaraldrinum sem herjar á mannkynið. Í lok þeirrar umfjöllunar lofaði ég lausn, eftirfarandi er að minnsta kosti hluti af henni:

**Spurningar**
Hvernig líður mér? Er ég hamingjusamur/söm? Þetta virðast vera hálfgerðar klisjur en hvernig getum við verið okkar eigin fyrirmyndir, hvað þá barna okkar, ef við vitum ekki hvernig okkur líður? En hvernig tengist þetta?

**Tilfinningar, fíkn og offita**
Líklega hafa flestir notað fæðu til þess að hugga sig. Því miður er of algengt að vanlíðan valdi því að við hegðum okkur öðruvísi en við helst vildum. Hið flókna ferli fíknar er í mörgum tilfellum angi af þessu. Sýnt hefur verið fram á beina fylgni vanlíðunar sem fylgir offitu og ýmissa þátta í lífi okkar, til dæmis lægra sjálfsmats, aukinnar tilhneigingar til dapurleika, kvíða og þunglyndis, lakari námsárangurs og áfram mætti telja.

**Matarfíkn**
Í vestrænu þjóðfélagi er matarfíkn algengari en flestir gera sér grein fyrir. Gífurlega erfitt er að takast á við hana. Ef við viljum til dæmis hætta að reykja eða drekka getum við forðast staði og kringumstæður þar sem slíkt er stundað. En ef við þjáumst af matarfíkn? Erfitt verður að teljast að forðast staði og kringumstæður þar sem fæðu er neytt, ekki satt?

**Lausnin**
Að rækta okkur, andlega og líkamlega, er stærsti staki þátturinn sem við getum breytt til þess að okkur líði betur, við lítum betur út og verðum almennt heilbrigðari á líkama og sál.

**Elskar mig, elskar mig ekki...**
Ég vil biðja þig, kæri lesandi, að spyrja þig tveggja spurninga í viðbót: Ef þú værir ástfangin/nn, hvernig myndir þú koma fram við viðkomandi? Myndir þú ekki reyna að sýna fram á hversu mikið og vel þú kynnir að meta hann/hana með því að sýna umhyggju, koma á óvart og þess háttar? Ólíklegt verður að teljast að við myndum neita þeim sem við værum ástfangin af um mat eða teldum viðkomandi ofan af því að fara í líkamsrækt. Að sama skapi verð ég að spyrja þig, hefur þú prófað að koma fram við þig eins og þú værir ástfangin/nn af þér? Nokkuð líklega er nefnilega lausnin fólgin að miklu leyti í því...

Þetta og önnur hollráð er einnig að finna á heimasíðu Heilsuráðgjafar www.heilsuradgjof.is



**Sölvi Fannar Viðarsson**
Er framkvæmdastjóri Heilsuráðgjafar. Hann hefur starfað við einkaþjálfun og heilsuráðgjöf um árabil.

# Þunglyndi og geðhvörf

***Út er kominn nýr fræðslubæklingur um þunglyndi og endurbættur bæklingur um geðhvörf.***

Sjúklegt þunglyndi og kvíði eru algengar geðraskanir sem snerta marga en gera má ráð fyrir að nokkrir tugir þúsunda einstaklinga þjáist af þessum sjúkdómum á Íslandi. Geðklofi og geðhvörf eru mun sjaldgæfari sjúkdómar en geta valdið miklum þjáningum og röskun á lífi fólks og því er þörf fyrir mjög sérhæfða meðferð.



Ólafur Þór Ævarsson geðlæknir skrifaði bæklinginn um þunglyndi.

Bæklingarnir eru skrifaðir af eða í samvinnu við íslenska geðlækna. Héðinn Unnsteinsson skrifaði bæklinginn um geðhvörf en hann hefur um árabil barist við sjúkdóminn. Móðir Héðins lýsir sjónarhóli aðstandenda og Engilbert Sigurðsson geðlæknir yfirfór fræðilega hluta bæklingsins.



Dr. Med. Ólafur Þór Ævarsson geðlæknir skrifaði bæklinginn um þunglyndi og má í honum finna svör við flestum þeim spurningum sem kunna að vakna í tengslum við sjúkdóminn.

Bæklingarnir eru öllum að kostnaðarlausu og er hægt að nálgast þá á heilsugæslustöðvum, læknastofum og í apótekum. Actavis gefur bæklingana út ■

## Litningagalli af völdum mengunar

LOFTMENGUN Á MEÐGÖNGU HEFUR ÁHRIF Á FÓSTUR.

Loftmengun getur haft áhrif á litninga fósturs, samkvæmt nýrri rannsókn. Meiri líkur eru á litningagalla hjá börnum kvenna sem hafa verið í mikilli loftmengun á meðgöngu, heldur en þeirra sem hafa verið í hreinu lofti. Rannsóknin náði til 60 barna sem fæddust á Manhattan í New York og sérstaklega voru rannsökuð áhrif mengungarefna sem eru til staðar í bílaútblæstri, tóbaksreyk og útblæstri frá verksmiðjum. Augljós tengsl voru á milli þessara efna og litningagalla, en fram til þessa hefur engin önnur rannsókn sýnt fram á það með jafnskýrum hætti.

Þeir sem stýrðu rannsókninni segja þetta mjög alvarlegt og nauðsynlegt sé að útrýma þeim efnum úr andrúmsloftinu sem valda sem mestri mengun. Hafa skal í huga að þó rannsóknin hafi verið gerð á Manhattan á hún einnig við á öðrum stöðum þar sem loftmengun er mikil. ■



Loftmengun á meðgöngu getur valdið litningagalla.

## Tryggingastofnun fær endurgreitt

Lyfjafyrirtækið Merck Sharp & Dohme (MSD) á Íslandi hefur ákveðið að leggja fram rúmar 4,5 milljónir króna til Tryggingastofnunar ríkisins vegna kostnaðar sem stofnunin hafði af niðurgreiðslu gigtarlyfsins Vioxx til sjúklinga. Fyrirtækið bauðst til að endurgreiða sjúklingahlutann þegar lyfið var innkallað og tekið af markaði að frumkvæði fyrirtækisins síðastliðið haust og leggur nú fram á fimmtu milljón króna vegna hlutar Tryggingastofnunar í lyfjakostnaðinum. Fjárframlag MSD til Tryggingastofnunar ríkisins samsvarar greiðsluhluta Tryggingastofnunar í pakkningunum sem sjúklingar skiluðu inn frá því að lyfið var innkallað til síðastliðinna áramóta. Þetta kemur fram á vef heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. ■



BIOMEGA
-gæðin vís
LIÐA PLÚS
- gott fyrir liðina -
Byggir upp liðbrjósk.
Glúkósamín 500gm
og Kondróítín 400 mg
fæst í apótekum og stórmörkuðum.



Engin skaðleg hormón takk!
Breytingarskeiðið er ekki sjúkdómur, heldur náttúrulegt ferli í ævi kvenna. Breytingarskeiðinu geta hins vegar fylgt óþægindi. Í náttúrunni má finna mild en afar virk efni við óþægindum breytingarskeiðsins. Kvennablómi er einstök samsetning náttúruefna sem rannsóknir og reynsla staðfesta að gagnast konum einstaklega vel gegn óþægindum breytingarskeiðsins.



3 fyrir 2
Þegar þú kaupir 2 glös af Kvennablóma færðu þriðja glasið frítt í kaupbæti
Náttúrulegt bætiefni fyrir konur á breytingarskeiði
heilsuhúsið
Skólavörðustíg, Kringlunni & Smáratorgi



Komdu og sjáðu
Sængurgjafaúrvalið
hjá okkur
Móðurást
Dalbrekku 28 • Kópavogi • Sími 564 1451
www.modurast.is

Mjólkuróþol
Lífrænt kalk + steinefni
Hylki og Duft
Vottað lífrænt



LifeStream
Sérfræðingar í Lífrænni Næringu
Fæst í apótekum

Metsölubók dr. Gillian McKeith
YOU ARE WHAT YOU EAT
hefur breytt lífi margra til hins betra. Hún er byggð upp að hluta til af samnefndum sjónvarpsþáttum sem nú eru sýndir á miðvikudögum á Stöð 2
20%
afsláttur í eftirfarandi verslunum



blómaval
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla
heilsuhúsið
maður lifandi
FK FJARÐARKAUP
Heilsuhornið

## Nudd

Nudd getur hjálpað þér með verki í líkamanum! V. 2900 kr. klst. Hamraborg 20A & Hvassaleiti 35. S. 564 6969.

## Snyrting




## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

Rokkskólinn - ný námskeið að hefjast: gítar, söngur, trommur, bassi. Innritun s. 898 9955. www.rokkskolinn.is

## Ökukennsla

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2004. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

## HEIMILIÐ

## Húsgögn



**Sófalist**
Fallegar yfirbreiðslur yfir sófa og stóla. Opnunartími, mánudaga til fimmtudaga 12-18:30 og laugardaga 11-15. www.sofalist.is Síðumúli 20 2. hæð s. 553 0444.

Til sölu fallegt notað furu-borðstofusett. sanngjarnt verð. Uppl. í síma 861 2345.

**Sófasett**
3+2+1 til sölu vegna flutnings. Uppl. í s. 561 0736.

Hjónarúm sett 2x2, nýjar dýnur, náttborð og snyrtiborð með spegli. Uppl. í s. 896 2551.

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

## Barnavörur



Nýjar vörur frá Diesel og Ticket to heaven. 50-70% afsláttur að völdum vörum. Róbert Bangsi ...og unglingarnir Hlíðasmára 12, Hverafold 1-3. Sími 555 6688.

## Dýrahald

**30% Vetrarafsláttur !**
Allar gæludýravörur með 30% afsl. Full búð af nýjum vörum. Opið alla daga. Tokyo, Hjallahrauni 4. Hfj., s. 565 8444.

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is




www.sportvorugerdin.is




**Lax og silungur**
Yfir 40 Lax og silungsveiðiár í Öllum verðflokkum. Frekari upplýsingar Lax-á ehf. S. 557 6100 veidileyfi@lax-a.is www.lax-a.is

## Hestamennska




**Hestaklippur**
Hestamenn nú er rétti tíminn til að raka undan faxi. Eigum hágæða LISTER rafmagnsklippur með hleðslurafhlöðu og 220 voltra. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Reykjavík, sími 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Akureyri, sími 464 860

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

20fm herb. til leigu á sv. 109. Salerni m/sturtu og þvottavél í sameign. Einh. húsg. fylgja-ísskápur. Laust 1. mars. Langtímaleiga. Leiga 25 þús á mán. Uppl. í s. 892 6963 & 899 6963 eftir kl. 18.

Flott nýstandsett herb. m. sér eldhúskr. sam. bað og þvottavél. Bjart á 1. hæð miðsv. í Rvk. S. 659 9965.

60 fm íbúð til leigu í Kópavogi strax. Verð 49 þús. á mán. Uppl. í s. 895 9243.

**Leiguliðar ehf.**
Nokkra lausar íbúðir sjá www.leigulidar.is.

Til leigu lítil 2ja herb. íbúð á svæði 101 með sérinngang á annari hæð. Sími 552 0053.

4ra herbergja íbúð til leigu í 3 mánuði frá mánaðarmótum á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 897 4338.

Herb á sv. 105. Allur húsbúnaður. Eldhús, baðherbergi, stöð 2, sýn, bíórásin. Uppl. í s. 693 4848.

Í Þingholtunum, 65 fm íbúð til leigu, leigutími samningsatriði, verð 65.000 á mán. Hafið samband við Reyni í s. 892 6530.

Svæði 105. Stúdíóíbúð og herbergi til leigu. Verð frá 30 þús., allt innifalið. Uppl. í s. 898 1492, e. hád.

## Húsnæði óskast

Einstæð tveggja barna móðir óskar eftir íbúð í Hfj, Árbæ eða Breiðh. fyrir 1 apríl. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 848 1775.

3ja herbergja snyrtileg íbúð óskast fyrir mig og 4ra ára son minn, í Hafnarfirði frá 1. Maí. Topp umgengni og öruggar greiðslur. Uppl. gefur hafdís í síma 555 1628 og 844 9393.

Óska eftir 3ja til 4ja herbergja íbúð í Hveragerði eða nágrenni. Skilvísar greiðslur. Uppl. í s. 860 9835 & 661 0966.

Feðgin óska eftir 2ja-3ja herbergja íbúð í Rvk. eða Kópav. Uppl. í s. 898 6738.

## Atvinnuhúsnæði

Skrifstofuhúsnæði. Til leigu við Fossaleynir. pn 112 Rvík. Rými frá 17 fm upp í 180 fm í nýtt húsnæði, mikið af bílastæðum. Upplýsingar í s. 893 1901.

Skrifstofuherbergi til leigu í Ármúlanum. Góð aðstaða, hagstæð kjör. Þór s. 899 3760.

Til leigu 18 fm herb. á svæði 109. Uppl. í síma 843 9434, Markús.

Til leigu atvinnuhúsnæði (60 fm, 5 m. lofthæð) með aukaíbúð sem er 60 fm. Er hægt að leiga í sitthvoru lagi. Uppl. í s. 895 9243.

## Bílskúr

Góður 28 fm bílskúr með hita og rafmagni til leigu fyrir búslóð eða geymslu. Uppl. í s. 581 2247 & 692 0625.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**Atvinna í boði.**
Aloa vera gelið fína
það ver og græðir húð og hár
Unique nýja förðunarlínan
yngir þig upp um all mörg ár
hærri tekjur meiri vinna
eða bara aukavinna
hafðu samband ég skal þér sinna.
**Alma Axfjörð sjálfst. söluráðgjafi og hópstjóri Volare s. 863 7535 volare@centrum.is http://www.volares.tk**

**Óskum eftir starfsfólki á dag- og kvöldvaktir**
Við hjá Skúlason leitum að fólki 18 ára og eldri við úthringingar í fjölbreytt og skemmtileg verkefni. Dag- og kvöldvaktir í boði. Almenn tölvukunnátta æskileg. Hafðu samband í síma 575 1500 og leggðu inn umsókn.
**Skúlason ehf, Laugavegi 26, s. 575 1500, www.skulason.is**

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Húðunarfyrirtæki í Hafnarfirði óskar eftir að ráða starfskraft til framtíðarstarfa. Áhugasamir hafi samband í síma 896 5759.

**Sjómenn ATH!**
Háseta og vélavörð vantar á 200 tonna netabát sem stundar veiðar frá Grindavík. Uppl. í s. 852 2388, 863 2692 & 863 6665

AU-PAIR óskast til júníloka í strandbæ við Barcelona á Spáni. htg@islandia.is

**Starfsmann Vantar!!**
Starfsmann vantar til framtíðarstarfa við afgreiðslu í ísbúð, söluturn og myndbandaleigu. Lágmarksaldur 18 ár, hærri aldur skaðar ekki. Lágmarkstölvukunnátta nauðsynleg. Ath. reyklaus vinnustaður. Vinnutími frá kl. 10:00 til 18:00. Umsóknareyðublöð á staðnum. Ríkið Snorrabraut 56.

Starfsfólk vantar til kvöld og helgarvinnu. Lágmarksaldur 18 ár. Reyklaus vinnustaður. Ríkið Myndbandaleiga Snorrabraut 56.

**Bakarí.**
Vantar starfskraft í afgreiðslu. Upplýsingar í síma 557 1500 & 899 0185.

**Hafnfirðingar ath.**
Okkur í pósthúsinu vantar fólk til að dreifa í Hafnarfirðinum. Nánari uppl. í s. 585 8330 milli kl. 7 & 17.

**Grindvíkingar ath.**
Okkur í pósthúsinu vantar fólk til að dreifa í Grindavík. Nánari uppl. í s. 585 8330 milli kl. 7 & 17.

Starfsfólk óskast í hlutastarf, kvöld og helgarvaktir í grillsöluturni í Grafarvogi. Einnig óskast starfsfólk í næturvinnu um helgar. Uppl. í s. 896 0360.

**Ari í Ögri**
Óskar eftir rösku starfsfólki í fullt starf og hlutastarf. Uppl. í s. 894 0224.

Bílastjarnan óskar eftir starfskrafti til að sjá um þrif og frágang bíla eftir viðgerðir. Viðkomandi þarf að vera vandvirkur og stundvís. Uppl. í s. 567 8686.

**Farandssölumenn**
Farandssölumenn vantar um allt land í dagvinnu eða aukavinnu. Mikil sala og góð laun. Áhugasamir sendið nafn og símanúmer með sms í síma 820-7222

Starfsfólk óskast í fiskverkun í Hafnafirði. Upplýsingar í síma 896-3180.

Óskum eftir vönum og góðum bifreiðstjórum í hópferðaakstur út frá Rvk. og Selfossi nú í vor og í sumar. Möguleiki er á heilsárssstarfi. Einnig óskum við eftir að ráða lipran og vanan mann (bifvélavirkja / vélvirkja) á smurstöð á Selfossi. Nánari uppl. eru veittar í s. 482 1210 eða á netfangið gt@gtyrfingsson.is

Óska eftir manneskju í þrif á hótel á daginn. Uppl. í s. 588 5588, Guðmundur eða Ísak.

Óska eftir vönum málara í vinnu. Upplýsingar í síma 847 9543.

**Þráinn Skóari**
Óskum eftir starfsmanni við afgreiðslustörf, lyklasmíði ofl. Vinnustaður Kringlan Grettisgata. Stundvísi og reglusemi áskilin.

Vantar röska starfskrafta í baðvörslu og þrif. Ekki yngri en 20 ára. Meðmæli óskast. Upplýsingar í síma 846 2117.

Óska eftir starfsmanni til ræstingar. Tímabundin vinna. Uppl. gefur Sigurður í s. 699 2626.

## Atvinna óskast

22 ára strák vantar vinnu. Er vanur að vinna við verslun. Uppl. í s. 659 0265, Tryggvi.

25 ára gamall maður utan af landi, vanur byggingarvinnu, óskar eftir vinnu með skóla. Uppl. í s. 847 0909.

## Tilkynningar




**Aðalfundur Parísar**
Aðalfundur Parísar félags þeirra sem eru einar/einir verður haldinn laugardaginn 12. mars kl. 20. á Kringlukránni í fundasalnum. Venjuleg aðalfundarstörf. Árshátíð félagsins verður haldin að fundinum loknum.
**Stjórnin.**

## Einkamál

Vil kaupa skuldlausa kennitölu. Uppl. í síma 864 2210.

26 ára erlendur smiður óskar eftir byggingarvinnu, er með atvinnuleyfi. Uppl. í síma 899 9555.

EYKT

# Verkamenn

Vantar verkamenn, helst af Suðurlandi í byggingarvinnu til starfa strax uppl. gefur Baldvin í síma 822-4431

Fellaskóli Reykjavík

# Forfallakennsla

**Vegna forfalla vantar tvo umsjónarkennara sem allra fyrst. Um er að ræða kennslu á miðstigi og yngsta stigi.**

Nánari upplýsingar veita skólastjórnendur í síma 5573800. Netföng: *thorsteinnh@fellaskoli.is* og *kristinjoh@fellaskoli.is*

Veffang skólans er www.fellaskoli.is

# Vopnafjarðarskóli auglýsir

Kennara vantar við Vopnafjarðarskóla næsta skólaár. Kennslugreinar eru: Sérkennsla, enska, upplýsingatækni, náttúrufræði, verkgreinar og kennsla yngri barna.

Í Vopnafjarðarskóla eru 114 nemendur og fjöldi nemenda í árgangi er frá 6 til 18. Grunnskólinn og tónlistarskólinn eru í sama húsi og leikskólinn er handan götunnar. Starf tónlistarskólans og tómstunda- og íþróttastarf yngstu nemenda er fellt að starfi grunnskólans.
Vopnafjörður er fallegt og snyrtilegt byggðarlag sem býður upp á fjölbreytta náttúru og fagra sveit. Góð almenn þjónustu er í boði og staðurinn hefur verið lofaður fyrir gott veðurfar. Flugsamgöngur til Akureyrar eru alla virka daga og vegalengd til Egilsstaða er 92 eða 135 km.
Flutningsstyrkur og húsnæðisfríðindi eru í boði.
Frekari upplýsingar eru veittar af skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra.
Skólastjóri, sími 470-3251,473-1108, 861-4256,
netfang: *adalbjorn@vopnaskoli.is*
Aðst.skólastjóri, sími 470-3252,473-1345,
netfang: *harpah@vopnaskoli.is*

## SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

90,9 · VÍSIR · FRÉTTABLAÐIÐ · 90,9 · VÍSIR

Vélsleðakerrur
**Víkurvagnar**

Missið ekki af Belgísku Kongó
Örfáar aukasýningar
**Borgarleikhúsið**

Er afmæli í nánd?
Munið úr, skartgripir, gjafavara
**Jón og Óskar Laugavegi 61**

Hemlahlutir í bíla
**Fálkinn**

Loftræstiviftur
**Fálkinn**

Áhaldaleiga meistarans
**Sindri**

Dráttarbeisli
**Víkurvagnar**

Legur í bíla
**Fálkinn**

Rafmótorar – gírmótorar
**Fálkinn**

Lagerútsala Hexa, rýmum til fyrir nýjum vörum
Opnum glæsilega verslun fljótlega
Opið frá 10-17
**Hexa, Smiðjuvegi 10**

# SJÓNARHORN



Þeim finnst gott að hvíla lúin bein þessum grænlensku sleðahundum sem búsettir eru hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Vissir þú ...

...að Jennifer Aniston er tekjuhæsta leikkonan með 2,5 milljarða króna í tekjur árið 2002 samkvæmt lista Forbes yfir hundrað tekjuhæstu stjörnurnar árið 2003?

...að Nick Janson í Bretlandi hefur losað sig úr handjárnum 1.760 lögregluþjóna víða um heim frá árinu 1954?

...að Rapparinn 50 Cent kom níu lögum í einu á R&B og hipphopp lista Billboard 10. maí árið 2003?




# HVUNNDAGURINN



**Helga Jónsdóttir, ráðningarráðgjafi hjá Mannafli – Liðsauka.**

## Erfiðast að hafna fólki

**Í hverju felst starfið þitt?** Starfið er mjög fjölbreytt og skemmtilegt og felst í samskiptum við fyrirtæki og einstaklinga. Við hjá Mannafli – Liðsauka sjáum um milligöngu ráðninga til fyrirtækja, veitum ráðgjöf varðandi val á starfsfólki, sitjum viðtöl og fundi, leggjum persónuleikapróf fyrir umsækjendur, sjáum um samninga, kynnum okkur rekstur fyrirtækja og fylgjumst með nýjungum í mannauðsstjórnun og margt fleira. Það er enginn dagur eins, mikið að gera og þetta er óskaplega gefandi og um leið krefjandi starf. Tilgangurinn með þessu er að sjálfsögðu að finna rétta starfsmanninn í rétta starfið.

**Hvenær vaknar þú á morgnana og hvenær mætir þú til vinnu?** Ég vakna alltaf rúmlega sex á morgnana og fer þá í Vesturbæjarlaugina, bæði til að synda og ræða málin við vini mína þar. Og þar er sko ekki töluð vitleysan! Ég kem alltaf betri manneskja úr lauginni bæði til sálar og líkama.

**Hversu lengi vinnur þú?** Fjölskyldunni finnst vinnudagur minn ansi langur en ég á það til að gleyma mér í vinnunni. Ég er raunar alltaf í kapphlaupi við tímann og oft kíki ég í vinnuna um helgar. En ég reyni eftir bestu getu að skipuleggja mig en veit að ég mætti að bæta þann þáttinn.

**Hvað er skemmtilegast við starfið?** Samskiptin. Ég hef mikinn áhuga á fólki og starfið krefst mikilla samskipta og tengsla við fólk. Það sem gefur mér mest í starfinu er þegar góð ráðning gengur upp.

**En erfiðast?** Mér finnst alltaf erfitt að tilkynna hæfum einstaklingum að þeim hafi verið hafnað í tiltekið starf. Í dag sækja margir mjög hæfir einstaklingar um sama starfið og því liggur í augum uppi að mörgum þarf að hafna.

**Hvað gerir þú eftir vinnu?** Fjölskyldan á minn tíma, dætur mínar spila báðar fótbolta og ég og maðurinn minn höfum fylgt þeim eftir af miklum áhuga. Nú svo les ég tölvert, rölti um borgina, kíki á kaffihús og hef mikinn áhuga á matargerð og öllu sem henni fylgir.

**Gætir þú hugsað þér eitthvert annað starf?** Nei.



# Réttur fatlaðra einstaklinga til atvinnu

UMRÆÐAN
VINNU- OG VERKÞJÁLFUN



KRISTJÁN VALDIMARSSON

Nú í upphafi átaks SVV – Samtaka um vinnu- og verkþjálfun, félagsmálaráðuneytisins, Samtaka atvinnulífsins og Íslandsbanka, til að vekja athygli á vinnuframlagi fatlaðra einstaklinga, er rétt að líta til þess hvernig réttindamálum þeirra í atvinnu er háttað. Réttindagæsla fyrir fatlaða einstaklinga í atvinnu er ekki á verkefnasviði íslenskrar verkalýðshreyfingar eins og annarra á vinnumarkaði. Hér á landi eru laun og kjör fatlaðra starfsmanna á vinnustöðum fatlaðra og í hæfingu háð ákvörðunum forsvarsmanna staðanna. Ekki eru til neinir samningar um kaup og kjör fatlaðra starfsmanna og engin samræming er milli vinnustaða um réttindi fatlaðra starfsmanna. Búseta og það hvar viðkomandi vinnur eða sækir þjónustu ræður því hvaða réttinda hann nýtur og hvaða laun hann fær. Launin geta verið allt frá samningsbundnum lágmarkslaunum og niður í 1–2000 kr. vasapeningur á mánuði. Alls staðar erlendis er það hlutverk launþegasamtaka að semja um laun og launatengd réttindi fatlaðra einstaklinga.

Ef fatlaður einstaklingur þarf aðstoð eða stuðning í atvinnu er honum vísað til svæðisskrifstofu málefna fatlaðra eða sérdeildar á vinnumiðlun á sama tíma og aðrir þjóðfélagsþegnar snúa sér til aðalskrifstofu vinnumiðlunar á hverju svæði. Þetta kerfi byggir á sundurgreiningu og er í algerri andstöðu við alla hugmyndafræði um samþættingu og þá mannréttindakröfu fatlaðra einstaklinga að njóta jafnréttis í þjóðfélaginu.

Það er von Samtaka um vinnu og verkþjálfun að það átak sem nú fer af stað muni leiða til umræðu um réttindamál fatlaðra einstaklinga í atvinnu, jafnt á sérstökum vinnustöðum fatlaðra sem og úti á almennum vinnumarkaði. Ræða þarf hver er ábyrgð og hvert er hlutverk opinberra aðila og hvaða skyldur eiga að vera á herðum aðila vinnumarkaðarins. Einnig verður að gera þá kröfu að hagsmunasamtök fatlaðra láti þennan málaflokk til sín taka í mun ríkari mæli en verið hefur um hríð.

Fatlaðir einstaklingar búa yfir getu og þeir vilja eiga þess kost að leggja sitt af mörkum til samfélagsins.

Það er skylda allra þeirra sem að málinu koma að taka höndum saman og skapa aðstæður á vinnumarkaði sem gera fötluðum kleift að fá atvinnu og halda henni til frambúðar. Geta og vilji einstaklingsins leiðir svo í ljós hvort vinnan er á almennum vinnumarkaði eða á sérstökum vinnustöðum fatlaðra. Grundvallaratriði er að byggt sé á upplýsingum um vinnuaðstæður og þann stuðning sem stendur til boða. Á þennan hátt stuðlum við að samfélagi jafnréttis og samþættingar þar sem allir eiga rétt til atvinnu og þar með virðingar og velsældar.

Með því að fara inn á heimasíðu Samtaka um vinnu- og verkþjálfun http://www.hlutverk.is gefst lesendum kostur á að kynna sér fjölbreytta framleiðslu og þjónustu vinnu- og hæfingarstaða sem eiga aðild að SVV.

Einnig er vert að hvetja áhugasama til að heimsækja staðina en þeir verða allir með opin hús þriðjudaginn 8. mars nk. ■

# Magadans er ekki þjóðdans Araba



SALMANN TAMIMI

Í fréttum þann 25. febrúar kom fram að palestínskur magadans var sýndur á flokksþingi Framsóknarflokksins. Ég hef aldrei heyrt um eitthvað sem heitir „palestínskur magadans“. Palestínskur þjóðdans heitir Dabka, en það sem er kallað magadans er í raun og veru kallað Raqs Sharki sem þýðir austurlenskur dans. Orðið magadans eða „belly dans“ er fundið upp hérna á Vesturlöndum. Venjulegt fólk í Miðausturlöndum dansar ekki þennan magadans í því formi sem við sjáum hér. Þessi dans og klæðnaður sem var sýndur tilheyrir í raun stúlkum sem hafa það að atvinnu að dansa á börum og öðrum skemmtistöðum. Dansinn snýst um að sýna eins mikið og hægt er af líkama, og að sýna erótískar hreyfingar. Markmiðið er fyrst og fremst að gleðja karlmenn og þetta er einmitt það sem Arabar eru á móti og telja vanvirðingu við kvenfólk. Fólkið í Miðausturlöndum og Norður-Afríku lítur á þennan dans og dansara alveg eins og Íslendingar líta á súludans og enginn óskar neinum kvenmanni að fara þessa braut, þar sem misnotkun og niðurlægingin er algjör. En eins og í öðrum þjóðfélögum þá er til fólk sem hagnast á því að misnota kvenfólkið. Í Miðausturlöndum, þar sem aðskilnaður kynjanna er algjör, er þetta fyrirbæri ekki þekkt. Konur dansa í veislum og brúðkaupum í þessum löndum en þær eru aðskildar frá körlum og klæðnaður þeirra er venjulegur en ekki eins og klæðnaðurinn sem var notaður á flokksþingi Framsóknarflokksins. Þannig að magadans er ekki þjóðdans Araba né Palestínumanna. Arabar og Múslimar líta á magadansinn sem niðurlægingu fyrir konur, þar sem þetta er í raun og veru eins konar kúgun og misnotkun á manneskju og ég er hissa að Framsóknarflokkurinn skuli leyfa svona á sínum fundi. Eigum við von á því að sjá súludans á næsta flokksþingi? Ég vil hér með þakka Jónínu Bjartmarz fyrir að sýna rétt viðbrögð við svona misnotkun og kroppasýningu. Ég er líka hissa á því að Alþjóðahúsið skuli ekki kynna sér sögu dansins áður en fulltrúi þess kynnir það sem þjóðdans Araba og/eða Palestínumanna.

*Höfundur er tölvunarfræðingur.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn áskilur sér rétt til að stytta efni. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

SUBARU
MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN

LEGACY
Subaru Legacy Wagon sjálfskiptur
Verð áður 2.790.000
Verð nú 2.590.000
=200.000
króna gengishagnaður
Verð á mán 29.966,-*





FORESTER
Subaru Forester sjálfskiptur
Verð áður 2.750.000
Verð nú 2.580.000
=170.000
króna gengishagnaður
Verð á mán 29.850,-*

IMPREZA
Subaru Impreza Sedan beinskiptur
Verð áður 2.160.000
Verð nú 1.990.000
=170.000
króna gengishagnaður
Verð á mán 23.021,-*



NJÓTTU GÓÐS GENGIS

Hagstætt gengi gjaldmiðla og góðar aðstæður gera okkur kleift að bjóða Subaru á stórlækkuðu verði. Nýttu þér einstakt tækifæri áður en gengið hækkar á ný. Öflug 2,0 lítra vélin og fullkomið fjórhjóladrif tryggja að þú kemst örugglega á leiðarenda og ekki spillir ríkulegur staðalbúnaður. Komdu og kynntu þér Subaru – og njóttu betra gengis!



SYMMETRICAL AWD
JAFNVÆGI

Subaru aldrifið er sannkallað listaverk – lárétt Boxer vél og fullkomin fjórhjóladrifstækni tryggja hámarks rásfestu og veggrip á öllum hjólum. Hér ræður jafnvægið ríkjum og tryggir afl og akstursiginleika sem eiga sér fáar hliðstæður í hvaða verðflokki sem er.

Í samstarfi við
*Bílasamningur SP-FJÁRMÖGNUN með 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Hrísmýri 2a, 800 Selfossi, 482-3100
Eyrarlandi 1, 530 Hvammstanga, 451-2230
Sæmundargötu 3, 550 Sauðárkróki, 453-5141
Holtsgötu 52, 260 Njarðvík, 421-8808
Dalbraut 2b, 300 Akranesi, 431-1376
Víkurbraut 4, 780 Höfn í Hornafirði, 478-1990
Búðareyri 33, 730 Reyðarfjörður, 474-1453
Sindragötu 3, 400 Ísafjörður, 456-4540
Óseyri 5, 603 Akureyri, 461-2960



**GEORGE HERBERT (1593-1633)**
lést þennan dag.

*„Hver sá sem ekki er orðinn myndarlegur um tvítugt, sterkur um þrítugt, ríkur um fertugt og vitur um fimmtugt, verður hvorki myndarlegur, sterkur, ríkur né vitur.“*

***Þrátt fyrir að Georg Herbert næði ekki nema fertugu hefur hróður hans sem ljóðskáld stöðugt aukist. Ljóðin sem hann skrifaði síðustu árin, þá klerkur við Bemerton í grennd við Salisbury á Englandi, þykja um margt einstæð. Í þeim blandar hann andlegum málum og endalausri tilraunastarfsemi.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# Barni Lindberghs rænt

Þennan dag árið 1932 var Charles Lindbergh III, tæplega tveggja ára gömlum syni flughetjunnar Charles Lindbergh, rænt af herragarði fjölskyldunnar í New Jersey í Bandaríkjunum. Faðirinn varð heimsfrægur fimm árum fyrr þegar hann flaug flugvélinni Spirit of St. Louis yfir Atlantshafið.

Anne, móðir barnsins, fann miða með 50 þúsund Bandaríkjadala lausnargjaldskröfu í herbergi barnsins á annarri hæð. Mannræninginn hafði notað stiga við ránið og skildi eftir sig moldug fótspor í herberginu. Glæpurinn vakti mikla athygli og yfir fjölskylduna flóðu tilboð um aðstoð og rangar vísbendingar. Rannsóknin hins vegar hvorki gekk né rak. Eftir þrjá daga barst svo ný krafa, að þessu sinni upp á 70 þúsund dali og tæpum mánuði síðar leiðbeiningar um skiptin. Gjaldið var greitt og ræningjarnir sögðu barnið vera um borð í báti undan stönd Massachusetts, en hvorki fannst barn né bátur. Skömmu síðar fannst svo lík drengsins rúman kílómetra frá heimili hans. Hann hafði verið drepinn um nóttina þegar honum var rænt.

Fyrsta vísbendingin í málinu kom fram haustið 1934 þegar greitt var með merktum peningaseðli á bensínstöð. Hann var rakinn til þýsks innflytjanda að nafni Bruno Hauptmann, en á heimili hans fundust 13 þúsund dalir af lausnarfénu. Hauptmann neitaði alltaf sök og kvað félaga sinn hafa látið sig fá peningana til geymslu. Rithandarsérfræðingar báru þó að hann gæti hafa ritað lausnargjaldsmiðann og eitthvað tengdist hann viðnum sem notaður hafði verið í gerð stigans. Hann var því fundinn sekur og líflátinn í rafmagnsstólnum í apríl 1935.



**1. MARS 1932**
Þennan dag var 20 mánaða gömlum syni flughetjunnar Charles Lindbergh rænt af heimili sínu.

## MERKISATBURÐIR

**1943** Lofther Breta hefur skipulegar sprengjuárásir á lestarkerfi Evrópu í Seinni heimsstyrjöldinni.

**1966** Sovétríkin koma geimfari á Venus eftir þriggja og hálfs mánaðar ferðalag.

**1970** Aðild Íslands að EFTA tekur gildi.

**1985** Uppsagnir 400 framhaldsskólakennara taka gildi, skólastarf í framhaldsskólum raskast mikið og fellur sums staðar niður.

**1988** Bjórdagurinn. Framleiðsla og sala á áfengu öli heimiluð eftir 74 ára hlé.

**1991** Göngin um Ólafsfjarðarmúla formlega opnuð, þá lengstu jarðgöng landsins, um 3,4 km.



*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Guðrún Ólafía Helgadóttir**
Melteig 7, Garði,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja laugardaginn 26. febrúar.
Jarðarförin fer fram frá Útskálakirkju föstudaginn 4. mars kl. 14.

**Ólafur Sigurðsson, Soffía Ólafsdóttir, Sæmundur Klemensson, barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og formóðir,*

**Ingveldur Gísladóttir**
frá Patreksfirði,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð mánudaginn 21. febrúar.
Útförin fer fram frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 3. mars kl. 15.
Jarðsett verður í Patreksfjarðarkirkjugarði eftir minningarathöfn í Patreksfjarðarkirkju laugardaginn 5. mars kl. 14.

**Börn, tengdabörn og niðjar.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Björn Þ. Þórðarson**
læknir, Sörlaskjóli 78, Reykjavík,

lést á heimili sínu föstudaginn 25. febrúar.
Útför fer fram frá Neskirkju föstudaginn 4. mars kl. 13.00.

**Þórunn Bára Björnsdóttir, Pálmi V. Jónsson, Sigurður Hafsteinn Björnsson, Þórunn Ólafsdóttir, Bryndís Anna Björnsdóttir, Edda Björnsdóttir, Jakob Þór Pétursson, Páll Björnsson, Lilja Jónasdóttir, afabörn og langafabörn.**



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og aðstoð við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, dóttur og ömmu,*

**Þóreyjar Ólafar Halldórsdóttur**
Skálateig 1, Akureyri.

Guð blessi ykkur öll

**Halldóra St. Gestsdóttir**
**Katrín Anna Sigurðardóttir** **Sigurður J. Sigurðsson**
**Margrét Harpa Jónsdóttir**
**Sólrún Dögg Jónsdóttir**
**Halldór Árnason barnabörn og aðrir aðstandendur.**

**TÍMAMÓT:** SALMANN TAMIMI FIMMTUGUR

# Bíður eftir að verða hundrað

„Þetta er besti aldurinn, nú byrjar maður að blómstra,“ segir Salmann Tamimi, formaður Félags múslima á Íslandi sem fagnar fimmtíu ára afmæli sínu í dag. „Frá fæðingu hef ég beðið eftir að verða fimmtugur, maður reynir jú að verða eins gamall og hægt er, og nú bíð ég eftir að verða hundrað ára.“

Salmann kom til Íslands þegar hann var sextán ára. Hann var þá á leið frá heimalandi sínu Palestínu yfir til Bandaríkjanna þar sem hann ætlaði í nám. Sökum blankheita ákvað hann að dvelja hér í þrjá mánuði og vinna sér inn peninga. Og hér er hann enn. „Ég byrjaði að vinna í S. Helgason Steiniðju og fór svo á sjóinn. Það var mjög gott að vera þar og sjómennirnir kenndu mér að tala íslensku,“ rifjar Salmann upp. Hann segist hafa fengið góðar móttökur á sínum tíma og auðvelt að komast inn í samfélagið. „Það var ekki eins flókið og nú er að setjast hér að. Ég vildi að þetta væri eins og í gamla daga.“

Eftir að hafa búið hér í nokkur ár kynntist Salmann fyrri konu sinni og eignaðist með henni tvö börn. Þau skildu svo að skiptum og Salmann kvæntist á nýjan leik. „Nú á ég fjórar dætur og einn son og er orðinn sexfaldur afi,“ segir Salmann hinn hróðugasti.

Þegar ljóst var að ekkert yrði af Ameríkuförinni settist Salmann á skólabekk og nam tölvunarfræði. Nú vinnur hann á upplýsingatæknisviði Landspítala - háskólasjúkrahúss. „Ég vinn með voðalega góðu fólki. Enda hef ég ekki hitt nema gott fólk á Íslandi og hefur liðið afskaplega vel hér.“

Salmann segist lítið verða var við fordóma í garð útlendinga en segir nauðsynlegt að þeir sem hér setjist að fái fræðslu um land og þjóð. „Það þarf til dæmis að kenna fólki að borða saltkjöt og baunir, svið og slátur, enda er þetta sannkallað lúxusfæði,“ segir hann alvörugefinn enda matmaður mikill.

Salmann reynir að komast til Palestínu á tveggja ára fresti og vonar innilega að ástandið þar fari að lagast. „Ég vona bara að Ísraelarnir dragi sig til baka frá hernumdu svæðunum svo lífið þar geti færst í eðlilegar skorður.“ Til merkis um ástandið bendir hann á að lífslíkur Palestínumanna eru ekki miklar. „Palestínumenn ná fæstir fimmtíu ára aldri.“

Eins og aðrir múslimar borðar Salmann ekki svínakjöt en segir það ekki vandamál enda nóg til af öðrum mat. „Guð bannar okkur að borða svín alveg eins og hann bannar okkur að drekka brennivín,“ segir hann og er þakklátur fyrir enda svínin sóðaleg að hans mati.

Í tilefni afmælisins býður Salmann vinum og vandamönnum til sín á laugardaginn og eru þegar hundrað manns komin á boðslistann. Þá vonar hann að konan bjóði honum út að borða í kvöld. „Svo vonast ég auðvitað eftir að fá einhverjar gjafir,“ segir Salmann og hlær.

Á tímamótum sem þessum horfir hann til baka og fer yfir farinn veg. Um leið horfir hann til framtíðar og veltir fyrir sér hvað muni henda hann á næstu fimmtíu árum. „Ég er sáttur við fólk og vona að fólk sé sátt við mig,“ segir þessi lífsglaði maður sem líður best í íslenskri náttúru og ferðast um landið þvert og endilangt yfir sumarmánuðina. ■



**SALMANN TAMIMI** „Það þarf til dæmis að kenna fólki að borða saltkjöt og baunir, svið og slátur, enda er þetta sannkallað lúxusfæði,“ segir Salmann enda matmaður mikill.

Lokað í dag 1. mars vegna útfarar Sigurveigar Jóhannesdóttur.

S. ÁRMANN MAGNÚSSON ehf.
Skútuvogi 12j · 124 Reykjavík

## AFMÆLI



**Árni Johnsen** lista- og athafnamaður er 61 árs í dag.



**Lárus Ýmir Óskarsson** kvikmyndagerðarmaður er 56 ára í dag.



**Kristinn Sigmundsson** óperusöngvari er 54 ára í dag.



**Friðrik Jón Arngrímsson** framkvæmdastjóri LÍÚ er 46 ára í dag.



**Ásgeir Hjartarson** hárgreiðslumeistari er 32 ára í dag.

## ANDLÁT

**Kjartan Henry Finnbogason**, frá Látrum í Aðalvík, fv. lögregluvarðstjóri, Vesturgötu 15a, Keflavík, lést föstudaginn 25. febrúar.

**Ingólfur S. Ingólfsson**, vélstjóri, Hraunvangi 3, áður Miklubraut 42, lést laugardaginn 26. febrúar.

**Pálína Birna Guðvarðardóttir**, frá Syðri-Brekkum í Skagafirði, lést laugardaginn 26. febrúar.

**Þórarinn Brynjólfsson**, vélstjóri, Þverbrekku 4, Kópavogi, lést laugardaginn 26. febrúar.

## JARÐARFARIR

13.00 **Óli B. Jónsson**, íþróttakennari, Hrafnistu, Hafnarfirði, verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju.

13.00 **Sigurveig Jóhannesdóttir**, Árskógum 6, Reykjavík, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju.

15.00 **Steinunn Jónsdóttir**, Kleppsvegi 62, áður Skipasundi 30, verður jarðsungin frá Áskirkju.

# Húsfyllir í Skálholti

Húsfyllir var á tónleikum Ólafar Sigríðar Valsdóttur sópransöngkonu sem hún hélt í Skálholtskirkju á laugardaginn, en tónleikarnir voru haldnir til minningar um Val Arnþórsson, fyrrum bankastjóra Landsbankans og kaupfélagsstjóra KEA, sem hefði orðið sjötugur í dag.

Valur fórst í flugslysi í Skerjafirði 13. október árið 1990. Hann var einn í vélinni, sem var af gerðinni Piper PA-34 Seneca, en hún missti afl og brotlenti eftir um þriggja mínútna flug.

Auk Ólafar komu fram á tónleikunum Antonia Hevesi orgelleikari og Þórunn Ósk Marinósdóttir víóluleikari.

Leikin voru lög eftir Atla Heimi Sveinsson, Dvorák, Verdi og fleiri, sérstaklega útsett fyrir þetta tækifæri. ■

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 3.770 **-0,23%**

**Fjöldi viðskipta:** 272
**Velta:** 918 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Flugleiðir** | 1,73% | **Íslandsbanki** | -1,69% |
| **Bakkavör** | 1,48% | **Actavis** | -1,24% |
| **Marel** | 1,24% | **Landsbankinn** | -0,67% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 39,90 -1,24% ... Atorka 6,13 – ... Bakkavör 27,40 +1,48% ... Burðarás 13,60 +0,74% ... Flugleiðir 14,70 +1,73% ... Íslandsbanki 11,65 -1,69% ... KB banki 515,00 – ... Kögun 52,00 +0,58% ... Landsbankinn 14,75 -0,67% ... Marel 57,00 +1,24% ... Medcare 5,97 +0,51% ... Og fjarskipti 3,84 +0,26% ... Samherji 11,30 +0,89% ... Straumur 10,00 – ... Össur 83,00 -

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

# Malkiel á fundi Íslandsbanka

### Hagfræðiprófessor við Princeton mun í kvöld hitta fjárfesta og ræða við þá um strauma og stefnur í fjárfestingum.

Eignastýring Íslandsbanka fær til sín góðan gest á vorfund sinn sem haldinn verður á Nordica hótelinu í kvöld. Burton G. Malkiel, prófessor í hagfræði við Princeton, mun flytja erindi sem nefnist „A Lifetime's Reflection on Investing“ eða „Fjárfestingar frá sjónarhorni lífshlaupsins“.

Malkiel er þekktastur fyrir bók sína „A Random Walk Down Wall Street“ eða „Stefnulaust rölt um Wall Street“ sem kom fyrst út árið 1973. Malkiel var fyrstur til þess að horfa á fjárfestingar út frá lífshlaupi einstaklingsins og miðast ráðgjöf hans við að fólk nái sem mestu út úr ævisparnaði sínum. Bókin fyllir flokk örfárra ómissandi bóka fjárfesta víða um heim.

Malkiel er einn þeirra hagfræðinga sem haldið hafa á lofti þeirri kenningu að markaðurinn viti betur en einstaklingarnir og sé því ósigrandi til lengri tíma litið. Í bókinni fjallar hann um æviskeiðskenninguna og leiðbeinir um samsetningu verðbréfa eftir því á hvaða aldri fólk er.

Mikill áhugi hefur verið fyrir fundi Íslandsbanka og bókanir langt um fram væntingar enda ekki á hverjum degi sem einn fremsti sérfræðingur heims á sviði eignastýringar sækir Ísland heim.

- hh



**Á RÖLTI UM WALL STREET** Burton G. Malkiel er þekktastur fyrir bók sína Random Walk Down Wall Street sem nýverið kom út í áttundu endurskoðun og er ein af biblíum þeirra sem fást við fjárfestingar.



FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

**FYLGJA FORDÆMI SEÐLABANKANS** Seðlabankinn hækkaði vexti um 0,5 prósentustig og nú fylgja bankarnir í kjölfarið og hækka sína vexti.

# Bankarnir hækka vexti

### KB banki hækkar sína vexti um 0,1 til 0,3 prósentustig en hinir bankarnir hækka óverðtryggða vexti um allt að 0,5 prósentustig.

Viðskiptabankarnir hækka í dag vexti á óverðtryggðum reikningum. Þessar hækkanir koma í kjölfar stýrivaxtahækkana Seðlabankans. Seðlabankinn hækkaði sína vexti um 0,5 próentustig 18. febrúar.

KB banki hækkar vexti á óverðtryggðum innlánum og útlánum um 0,1 til 0,3 prósentustig, yfirdráttarvextir hækka um 0,1 prósentustig. Vextir óverðtryggðra innlána hækka um allt að 0,3 prósentustig. Vextir á svokölluðum sumarhúsalánum lækka frá og með deginum í dag.

Íslandsbanki hækkar vexti sína um 0,25 til 0,5 prósentustig. Yfirdráttarvextir hækka um 0,5 prósentustig hjá Íslandsbanka.

Landsbankinn hækkar flesta óverðtryggða vexti um 0,5 prósentustig, þar á meðal yfirdráttarvexti. Verðtryggðir vextir lækka hins vegar um 0,1 prósentustig í Landsbankanum á morgun.

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hækkar einnig vexti á óverðtryggðum innlánum og útlánum í dag um 0,5 prósentustig á flestum reikningum.

- þk

# Nýtt tilboð í smíðum

Breskir fjölmiðlar gera ráð fyrir að Baugur leggi fram nýtt tilboð í Somerfield.

Baugur mun ekki hafa litið á svar stjórnar Somerfield sem afsvar og næstu skref eru líklega að ræða við stjórnina um framhaldið. Talið er að stjórn Somerfileld hafi óttast að Baugur fengi of sterka stöðu í samningaferlinu ef tilboðið hefði verið samþykkt og Baugi hleypt í bækurnar. Orðfæri tilkynningar stjórnarinnar um höfnun tilboðsins þykir ekki benda til þess að verðtilboðinu hafi verið hafnað. Baugur var tilbúinn að greiða yfir 120 milljarða fyrir hlutabréf fyrirtækisins.

Breskir fjölmiðlar telja að Baugur láti nú safna fyrir sig hlutabréfum í tískukeðjunni French Connection og hyggist kaupa þriggja prósenta hlut. Það hefur ekki fengist staðfest, en vitað er að aðaleigandi keðjunnar hefur hugleitt að fá fjárfesta með sér og skrá félagið af markaði.

- hh




**ÖNNUR TILRAUN** Afar líklegt er að Baugur muni gera fleiri tilraunir til kaupa á Somerfield. Næstu skref eru að hlera stjórn félagsins um hvað á vantaði í fyrra tilboði.




## Aðalfundur 2005

Aðalfundur Tryggingamiðstöðvarinnar verður haldinn föstudaginn 11. mars 2005 í Sunnusal, Radisson SAS Hótel Sögu, Reykjavík, kl. 16:00.

DAGSKRÁ

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.
2. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins þannig að stjórn skipi fimm menn í stað sjö og að kosnir verði tveir varamenn. Þá verða ákvæði um skoðunarmann felld niður.
3. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum.
4. Önnur mál, löglega upp borin.

Reikningar félagsins og tillögur liggja frammi á aðalskrifstofu hluthöfum til sýnis en verða síðan afhent ásamt fundargögnum til hluthafa á fundarstað.

TM TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN

skoðaðu
ÍSLAND·SÆKJUM ÞAÐ HEIM



Hefurðu dorgað á ís?

Ísland er öllum opið!

Ferðamálaráð Íslands
www.ferdalag.is

Himinn og haf / SÍA

100% veðsetningarhlutfall

Frjáls íbúðalán

4,15%

4,15% verðtryggðir vextir

Engin skilyrði um önnur bankaviðskipti

Ráðgjafar okkar veita allar nánari upplýsingar.
Þú getur litið inn í Ármúla 13a, hringt í síma 540 5000 eða sent tölvupóst á frjalsi@frjalsi.is

FRJÁLSI
FJÁRFESTINGARBANKINN
www.frjalsi.is

Himinn og haf/SÍA

# sport

sport@frettabladid.is

### Tveir farnir í kvennadeildinni

Óskar Ármannsson hefur ákveðið að hætta að þjálfa kvennalið Víkings í handbolta. Óskar komst að samkomulagi við stjórn handknattleiksdeildar Víkings um að láta staðar numið að sinni. Óskar er annar þjálfarinn sem hættir í DHL-deild kvenna en áður hafði Sigurður Gunnarsson látið af störfum hjá FH.

*„Júlli! Djöfull ertu flottur. Júlli! Djöfull ertu flottur!*



***Erlendur Ísfeld, þjálfari kvennaliðs Stjörnunnar og ÍR-ingur fram í fingurgóma, átti erfitt með að hemja tilfinningar sínar eftir sigur ÍR á HK í bikarúrslitum karla í handbolta. Þetta var viðburðaríkur dagur hjá Erlendi því hann stýrði Stjörnunni einnig til sigurs í kvennaflokki. Erlendur kallaði þessi orð að Júlíusi Jónassyni, þjálfara ÍR-inga, þegar hann var í viðtali á RÚV.***

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**MARS**

26 27 28 **1** 2 3 4

**Þriðjudagur**

### LEIKIR



- ☐ 19.15 **Grindavík** og **KFÍ** mætast í Grindavík í Intersportdeildinni í körfubolta.
- ☐ 19.15 **Valur** og **KA** mætast í Valsheimilinu í DHL-deild karla í handbolta.
- ☐ 19.15 **Stjarnan** og **Afturelding** mætast í Ásgarði í 1. deild karla í handbolta.
- ☐ 19.15 **FH** og **Selfoss** mætast í Kaplakrika í 1. deild karla í handbolta.
- ☐ 19.15 **Grótta/KR** og **Fram** mætast á Seltjarnarnesi í 1. deild karla í handbolta.

### SJÓNVARP

- ☐ 19.20 **Meistaradeildin í fótbolta** á Sýn. Fréttaþáttur um meistaradeildina í fótbolta.
- ☐ 19.55 **Enski bikarinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Sheffield United** og **Arsenal** í enska bikarnum í fótbolta.
- ☐ 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- ☐ 22.10 **Spænski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Barcelona** og **Espanyol** í spænsku 1. deildinni í fótbolta.

# Veisla um páskana

## Handknattleikssamband Íslands býður upp á sannkallaða handboltaveislu um páskana en bæði A-landslið karla og U-21 árs liðið verða í eldlínunni.

**HANDBOLTI** Handknattleikssamband Íslands, HSÍ, stefnir að því að bjóða landsmönnum upp á handboltaveislu um páskana. Þá mun A-landsliðið mæta Pólverjum í þrem vináttulandsleikjum – 25., 26., og 27. mars – og sömu daga mun íslenska U-21 árs landsliðið spila leiki sína í forkeppni HM en þeir eru í riðli með Úkraínu, Hollandi og Austurríki.

Þessir leikir munu að öllum líkindum fara fram í Laugardalshöll en unnið er að því að komast inn í Höllina þessa dagana. Handboltaunnendur geta því séð hið efnilega unglingalandslið Íslands og A-landsliðið leika sama dag á sama stað.

„Þetta er allt í vinnslu en von okkar er að geta boðið til mikillar handboltaveislu um páskana en fyrsti leikurinn er á föstudaginn langa,“ sagði Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, en hann hefur krosslagt fingurna því svo gæti farið að Ísland drægist gegn Pólverjum í umspili um sæti á EM og ef svo fer verður ekkert af vináttulandsleikjunum við Pólverja.



**EINAR ÞORVARÐARSON** Framkvæmdastjóri HSÍ blæs í herlúðra og býður þjóðinni til handboltaveislu um páskana.

Það verður væntanlega lítið um páskafrí hjá Viggó Sigurðssyni því hann þjálfar bæði unglinga- og A-landsliðið og stefnir því allt í tvo leiki á dag hjá honum. Jóhannes Bjarnason, þjálfari KA, aðstoðar hann með unglingaliðið en þetta er sama lið og varð Evrópumeistari U-18 fyrir tveim árum síðan. Það eru miklar væntingar gerðar til liðsins enda einhver efnilegasti hópur sem komið hefur fram lengi hér á landi.

„Það er mikið að gera á skrifstofunni þessa dagana því við erum líka með riðil hjá U-17 kvenna í maí en alls eru 15 landsleikir á dagskránni hjá okkur fram til 20. júní ásamt auðvitað úrslitunum í handboltanum hér heima,“ sagði Einar.

henry@frettabladid.is

## LEIKIR GÆRDAGSINS

### *Enska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| NORWICH–MAN. CITY | 2–3 |

1–0 Dean Ashton (12.), 2–0 Leon McKenzie (16.), 2–1 Antoine Sibierski (25.), 2–2 Robbie Fowler (37.), 2–3 Robbie Fowler (90.).

**STAÐA EFSTU OG NEÐSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| CHELSEA | 27 | 21 | 5 | 1 | 50–8 | 68 |
| **MAN. UTD.** | **28** | **18** | **8** | **2** | **47–17** | **62** |
| ARSENAL | 28 | 17 | 7 | 4 | 64–32 | 57 |
| **EVERTON** | **28** | **15** | **6** | **7** | **34–29** | **51** |
| LIVERPOOL | 27 | 13 | 4 | 10 | 41–29 | 43 |
| **MIDDLESB.** | **27** | **11** | **8** | **8** | **41–35** | **41** |
| FULHAM | 27 | 8 | 5 | 14 | 33–46 | 29 |
| **BLACKB.** | **27** | **6** | **10** | **11** | **24–36** | **28** |
| C. PALACE | 28 | 6 | 7 | 15 | 32–45 | 25 |
| **SOUTH.** | **28** | **3** | **12** | **13** | **29–44** | **22** |
| NORWICH | 28 | 3 | 11 | 14 | 28–54 | 20 |
| **WBA** | **27** | **2** | **12** | **13** | **23–49** | **18** |

### *1. deild kvenna í körfu*

| | |
|---|---|
| ÍS–NJARÐVÍK | 66–61 |

**Stig ÍS:** Angel Mason 14, Signý Hermannsdóttir 13 (14 fráköst), Alda Leif Jónsdóttir 13 (5 stoðsendingar, 5 stolnir), Þórunn Bjarnadóttir 12, Guðrún Baldursdóttir 8, Stella Rún Kristjánsdóttir 3, Hafdís Helgadóttir 2, Erna Rún Magnúsdóttir 1. **Stig Njarðvíkur:** Vera Janjich 28 (10 fráköst, 4 stolnir, 4 stoðs.), Jaime Woudstra 19 (16 fráköst, 4 stoðs.), Helga Jónasóttir 6 (13 fráköst), Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir 6, Sæunn Sæmundsdóttir 2.

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **KEFLAVÍK** | **18** | **15** | **3** | **1435–1142** | **30** |
| GRINDAVÍK | 18 | 12 | 6 | 1109-1092 | 24 |
| **ÍS** | **19** | **11** | **8** | **1234–1160** | **22** |
| HAUKAR | 18 | 9 | 9 | 1210–1238 | 18 |
| **NJARÐVÍK** | **19** | **6** | **13** | **1162–1235** | **12** |
| KR | 18 | 2 | 16 | 1044-1330 | 4 |

**Hafdís Helgadóttir** lék í gær sinn 300. leik í efstu deild fyrir ÍS en hún lék sinn fyrsta leik árið 1985.




## ÚR ÍÞRÓTTAHEIMINUM

**Robert Pires** hjá Arsenal segist hafa verið ljónheppinn að fótbrotna ekki eftir tæklingu frá **David Prutton**, leikmanni Southampton, í leik liðanna í ensku úrvalsdeildinni á laugardaginn. **Pires** tognaði á ökkla en segist sjálfur hafa haldið að meiðslin væru mun verri þegar **Prutton** lenti á honum. **Arsene Wenger**, knattspyrnustjóri Arsenal, sagðist ekki geta sagt til um hversu alvarleg meiðslin væru hjá **Pires** en það væri þó ljóst að hann yrði ekki með Sheffield United í bikarnum í dag.



Bandaríski kylfingurinn **David Toms** tryggði sér sigur í WGC holukeppninni sem lauk á La Costa á sunnudaginn. **Toms** rúllaði yfir landa sinn **Chris DiMarco** með því vinna hann sex og fimm en það þýðir að hann var sex holum yfir **DiMarco** þegar fimm holur voru eftir. **Toms** fékk tæpar 40 milljónir íslenskra króna fyrir sigurinn. **Retief Goosen** frá Suður Afríku tryggði sér þriðja sætið eftir æsispennandi keppni við Englendinginn **Ian Poultier**. „Ég hef unnið nokkur mót á ferlinum en mér hefur aldrei liðið eins vel á vellinum eins og þessa viku," sagði **Toms** eftir sigurinn.

**Eiður Smári Guðjohnsen** átti frábæra innkomu hjá Chelsea í úrslitaleik enska deildarbikarsins gegn Liverpool á sunnudaginn. **Eiður Smári** kom inn á sem varamaður í hálfleik og spilaði sem framliggjandi miðjumaður. Hann átti í sigurmarki Chelsea í leiknum en Mateja Kezman fylgdi á eftir skoti frá íslenska landsliðsfyrirliðanum. Sjónvarpsstöðin Sky gaf **Eiði Smára** níu í einkunn, sagði hann hafa átt frábæran leik og valdi hann mann leiksins.



Víkingar í leit að liðsstyrk fyrir baráttuna í 1. deildinni næsta sumar:

# Hafa verið í sambandi við Stoke

**FÓTBOLTI** Víkingar leita nú logandi ljósi að liðsstyrk fyrir átökin í 1. deild karla í sumar og segir Sigurður Jónsson, þjálfari liðsins, að verið sé að skoða ýmis mál í þeim efnum.

„Það er alveg ljóst að ég þarf að bæta við mig varnarmönnum. Það eru þrettán leikmenn sem voru í liðinu í fyrra sem eru ekki með í ár og varnarlínan sem við stilltum upp í fyrra er svo til horfin," segir Sigurður. Aðspurður segir Sigurður að það sé rétt að liðið hafi rætt við Stoke City í Englandi um áframhaldandi samstarf og gæti vel farið svo að þeir Jermaine Palmer og Richard Keogh, sem stóðu sig mjög vel með Víkingi í úrvalsdeildinni í fyrra, snúi aftur í sumar.

Þá gæti vel farið svo að fleiri ungir leikmenn Stoke verði með í för. Sigurður kveðst einnig vera með 2-3 íslenska leikmenn í sigtinu en hann vill ekki gefa upp nöfn þeirra. Þá hefur Víkingur sett sig í samband við miðjumanninn Kristinn Hafliðason um að hann spili með liðinu næsta sumar.

-vig




**RICHARD KEOGH OG JERMAINE PALMER** Möguleiki er á að þeir spili með Víking í 1. deildinni í sumar.

Sænska úrvalsdeildin í körfubolta kvenna:

# Hildur og félagar úr leik

**KÖRFUBOLTI** Góður leikur Hildar Sigurðardóttur dugði ekki liði hennar Jämtland í sænsku úrvalsdeildinni um helgina en eftir tveggja stiga tap liðsins gegn Växjö Queens á laugardaginn er ljóst að liðið kemst ekki í úrslitakeppnina sem var stefna liðsins í upphafi vetrar.

Hildur stóð sig mjög vel í þessum jafna og spennandi leik en hún var með 23 stig og 11 fráköst. Hildur hefur skorað 12,3 stig og tekið 6,5 fráköst að meðaltali í vetur með Jamtland sem er í 9. sæti deildarinnar með 6 sigra og 14 töp en aðeins tvær umferðir eru eftir af deildinni.

Samningur Hildar og Jamtland er runninn út og verður ekki endurnýjaður af fjárhagsástæðum félagsins en Hildur hefur samt ákveðið að klára tímabilið og spila tvo síðustu leikina kauplaust. Bandaríski leikmaður liðsins Dionne Brown er hins vegar á heimleið en Jamtland á eftir að leika við neðsta liðið í Sallen Baskets og svo gegn liði 08 Stockholm HR sem er í sjötta sæti deildarinnar.

-óój



**TVEIR LEIKIR EFTIR** Hildur Sigurðardóttir ætlar að spila tvo síðustu leikina fyrir Jamtland þrátt fyrir að samningur hennar sé runninn út.

## ÚR ÍÞRÓTTAHEIMINUM

Leikmenn Real Madrid fengu óblíðar móttökur frá stuðningsmönnum sínum eftir 2-0 tapið gegn Deportivo La Coruna á laugardaginn. **David Beckham** og félagar hans héldu á hótel eftir leikinn til að hvíla lúin bein og þar tóku ævareiðir stuðningsmenn liðsins á móti hetjunum sínum og köstuðu eggjum í átt til þeirra. **Beckham** fékk egg á jakkann sinn og þurfti lögreglufylgd til að komast inn um dyrnar á hótelinu.



Ungverska stórskyttan **Szofia Pasztor** og ÍBV hafa komist að samkomulagi um að **Pasztor** hætti að spila með félaginu. **Pasztor** var að sögn vefsíðu ÍBV ósátt við eigin frammistöðu og vildi breyta til. Hún var með tilboð frá spænska liðinu Cementos La Union Ribarroja og ákvað að taka því. Forráðamenn ÍBV láta þó engan bilbug á sér finna og telja að liðið muni ekki finna mikið fyrir brotthvarfi ungversku skyttunnar.

Forráðamenn Tottenham vonast til að halda Hollendingnum **Martin Jol** en hann hefur gert fína hluti með liðið síðan hann tók við af Frakkanum Jacques Santini snemma á tímabilinu. **Jol** er undir smásjánni hjá Ajax en hollenska liðið vantar þjálfara eftir að **Ronald Koeman** sagði upp störfum fyrir helgi. Talið er að **Koeman** muni taka við Valencia en félagið rak **Claudio Ranieri** fyrir helgi. **Jol** hefur ekki viljað tjá sig um málið og hefur það vakið upp spurningar um framtíð hans hjá Tottenham.





...bara á flugfelag.is

2. - 8. mars

Milli Reykjavíkur og
AKUREYRAR
5.999 kr.
Flug **aðra leiðina.**
**Bara á www.flugfelag.is**
Takmarkað sætaframboð!

Milli Reykjavíkur og
EGILSSTAÐA
6.299 kr.
Flug **aðra leiðina.**
**Bara á www.flugfelag.is**
Takmarkað sætaframboð!

Milli Reykjavíkur og
ÍSAFJARÐAR
5.999 kr.
Flug **aðra leiðina.**
**Bara á www.flugfelag.is**
Takmarkað sætaframboð!

**Börn, 2ja–12 ára, í fylgd með fullorðnum, greiða 1.940 kr. aðra leiðina.**

flugfelag.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS FLU 27573 03/2005

## STUÐ MILLI STRÍÐA : Svikna kynslóðin

**ÞÓARINN ÞÓRARINSSON** LIFÐI Í SKÁLDSKAP OG KEMST VARLA AF HÉR Á JÖRÐINNI.



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Ég hef lengi reynt hafa uppi á þeim sem bera ábyrgð á bágri stöðu minni í lífinu, þunglyndinu, akóhólismanum, skuldahalanum og eignaleysinu. Lengi vel hélt ég að Davíð Oddsson væri upphaf og endir ógæfu minnar en drykkjusaga mín var nánast jafnlöng forsætisráðherratíð hans upp á dag.

Ég var hins vegar í andlegum henglum áður en hann fór úr ráðhúsinu í stjórnarráðið svo ég Ég sýknaði hann því um daginn og datt í hug að ákæra Nietzsche og Dostojevskí en bækur þeirra hafa verið sagðar hættulegar ungum mönnum og ættu eiginlega að vera bannaðar innan 25 ára.

Ég treysti mér, þegar upp var staðið, þó ekki til að kalla þessa andans jöfra til ábyrgðar í mínum persónulegu málum eins og sturlaður maður í guðlausum heimi en var samt kominn á sporið. Andlega meinið liggur nefnilega í bókum. Að vísu bókum sem ég las þegar ég var óharðnaður unglingur og rithöfundarnir sem skemmdu mig standa þeim Fjodor og Friedrich aðeins að baki. Það eru Eðvarð Ingólfsson og Andrés Indriðason sem tældu mig og jafnaldra mína inn í sykursætan og kengbrenglaðan hugarheim unglina sem hvergi var til annars staðar en í bókum þeirra. Hjá Andrési var til dæmis töff af vera í íþróttum en í raunheimum er fátt hallærsilegra og hjá Eðvarð var minnsta mál í heimi að eignast barn og hefja sambúð 16 ára. Foreldrar og aðrir góðir samferðarmenn hlupu undir bagga þannig að allt gekk upp.

Þegar maður kom á hólminn í alvörunni þurfti maður að gera þetta með yfirdráttarlánum og þrælavinnu og varð harmi sleginn þegar blekkingin hrundi og blákaldur veruleikinn tók við. Það eru til týndar kynslóðir, X-kynslóðir og allur fjárinn annar en ég er af blekktu kynslóðinni. Mín kynslóð á samt enn séns en allir heilagir hjálpi þeirri næstu sem ólst upp á verkum Þorgríms Þráinssonar og er nú að kynnast 100% lánum. ■

## myndasögur

### PONDUS
Eftir Frode Överli




### GELGJAN
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### PÚ OG PA
Eftir SÖB




### KJÖLTURAKKAR
Eftir Patrick McDonnell




### BARNALÁN
Eftir Kirkman/Scott



## Á HESTBAKI

**JENS EINARSSON** FJALLAR UM HESTA OG HESTAMENNSKU

# Afmælisgjöf til Ófeigs

Ný stjarna er á uppleið. Sá heitir Bragi frá Kópavogi, bleikálóttur stóðhestur, undan Geysi frá Gerðum og Álfadísi frá Kópavogi, sem bæði eru undan Ófeigi 882 frá Flugumýri. Bragi er því skyldleikaræktaður út af hinum mjög svo skyldleikaræktaða Ófeigi, sem var undan alsystkinum. Bragi varð í öðru sæti á ístölti á Lagarfljóti fyrir skemmstu og sigurvegari á Bautatölti á Akureyri nú um helgina, knapi Hans Kjerúlf. Það sem vekur ekki minnsta athygli er að Bragi er aðeins fjögurra vetra, fæddur 2000, sem vekur upp spurningar um lagalegan og siðferðilegan rétt hans í keppni, en segir líka sína sögu um bráðan þroska og óvenjulega hæfileika.



**BRAGI** Ný stjarna á uppleið.

Snjall frá Gerðum, sonur Ófeigs, varð Íslandsmeistari í tölti þegar hann var aðeins fimm vetra, knapi Þórður Þorgeirsson. Hann varð frægur keppnishestur hjá Olil Amble og síðar Aðalsteini Aðalsteinssyni á HM 1989. Snjall var fyrsta afkvæmi Ófeigs sem lét að sér kveða. Ófeigur hafði nokkrum árum áður slegið í gegn á sýningu á Melavellinum og var það fyrst og fremst hinn sérstæði og mikli fótaburður sem vakti athygli. Engu var líkara en hesturinn gengi á gormum. Knapi var Þorvaldur Þorvaldsson.

Ófeigur var umdeildur hestur. Að sköpulagi og útliti féll hann ekki allskostar að hinum opinbera dómsskala og oftar en ekki mátti greina neikvæðan tón í hans garð í mæli ráðunauta, sem fundu að ófríðleika hans og snúnum fótum. En gæðingskostirnir voru ótvíræðir og sérstaklega dreif hann upp í brekkuna, eins og það er orðað. En fólk skiptist þó í fylkingar með og á móti, margir dýrkuðu hann á meðan aðrir fundu honum allt til foráttu og höfðu hann að skotspæni. En þannig hefur það líka alltaf verið með hesta sem skipta máli.

Nú eru liðin 30 ár frá fæðingu Ófeigs (f. 1974). Hann er í sögulegu ljósi einn áhrifamesti stóðhestur íslenskrar hrossaræktar og án efa sá sérstæðasti af þeim sem fremstir standa. Barnabörn hans stóðu í fremstu röð á LM í fyrra og nú undirstrikar Bragi þann árangur. Þetta hlýtur að vera afar ánægjulegt fyrir aðdáendur Ófeigs – skemmtileg afmælisgjöf. ■




## ■ TÓNLIST

# DVD-diskur frá Nylon

Í tilefni eins árs afmælis stúlknasveitarinnar Nylon verður gefinn út nýr DVD-diskur með sveitinni um páskana. Þar verður meðal annars að finna öll myndbönd Nylon, útgáfutónleika sveitarinnar og safn af því besta úr þáttum hennar sem voru á Skjá einum. Einnig verður þar stuttmynd úr ferð stúlknanna til London í sumar þegar þær tóku upp plötuna sína, 100% Nylon, sem naut mikilla vinsælda fyrir síðustu jól. Karókí-útgáfur af þekktustu lögum Nylon verða einnig á diskum fyrir þá aðdáendur sem vilja raula þau sjálfir með undirspili. ■



**NYLON** Stúlknahljómsveitin hefur notið mikilla vinsælda síðan hún var stofnuð fyrir aðeins ári síðan.

## ■ KVIKMYNDIR

# Braveheart versta Óskarsmyndin

Kvikmyndin Braveheart eftir Mel Gibson hefur verið valin versta Óskarsverðlaunamynd allra tíma. Kvikmyndatímaritið Empire stóð fyrir valinu.



**BRAVEHEART** Mel Gibson í hlutverki frelsishetjunnar William Wallace.

Braveheart rakaði til sín Óskarsverðlaunum árið 1996, þar á meðal fyrir bestu myndina. Fjallaði hún um skosku frelsishetjuna William Wallace sem barðist hatrammlega gegn yfirráðum Breta. A Beautiful Mind með Russell Crowe í aðalhlutverki lenti í öðru sæti en hún vann Óskarinn árið 2002. Aðrar vinsælar myndir á listanum eru Forrest Gump með Tom Hanks í aðalhlutverki og Rocky, sem skaut Sylvester Stallone á stjörnuhimininn árið 1977.

„Skoðanir gagnrýnenda skipta nánast engu máli þegar verðlaunin fyrir bestu myndina eru afhent," sagði blaðamaður Empire. „Umfang myndarinnar, borgaralegt gildi söguþráðarins og fínleiki framleiðslunnar skipta mestu máli. Óskarinn snýst ekki um gæði. Þarna eru samstarfsmenn í faginu að klappa hver öðrum á öxlina og þess vegna eru svo margar myndir óverðskuldað valdar bestar. Og verið viss, þær eiga eftir að verða miklu fleiri." ■

**VERSTU ÓSKARSMYNDIRNAR:**

1. Braveheart (1995)
2. A Beautiful Mind (2001)
3. The Greatest Show on Earth (1952)
4. Ordinary People (1980)
5. Forrest Gump (1994)
6. Terms of Endearment (1983)
7. Around the World in 80 Days (1956)
8. Cavalcade (1933)
9. Rocky (1976)
10. How Green Was My Valley (1941)



**Kl. 12.15**

*Nekt í þýðingum verður viðfangsefni fyrirlestrar **Péturs Knútssonar**, lektors í ensku við Háskóla Íslands, sem hann flytur á ensku á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í stofu 101 í Lögbergi nú í hádeginu. Fyrirlesturinn nefnist „The Naked and the Nude: Intimacy in Translation.“*

# menning

menning@frettabladid.is

## Hin umdeilda Elfride Jelinek



„Allir sem halda að þeir viti eitthvað um mig, vita ekkert,“ sagði austurríska Nóbelsskáldið Elfriede Jelinek. Hún hefur alla tíð þurft að þola útskúfun, svívirðingar og harkalega gagnrýni á verk sín, en samt hefur hún hlotið hver verðlaunin á fætur öðrum. Mörgum kom óneitanlega mjög á óvart þegar hún hlaut Nóbelsverðlaunin á síðasta ári, en í kvöld ætlar Femínistafélag Íslands og Göethe-Zentrum á Íslandi að efna til fundar á Kaffi Sólon við Bankastræti, þar sem fimm manns ætla að fjalla um verk hennar og velta upp ýmsum flötum á rithöfundarferli hennar.
Fyrirlesarar verða Þorgerður E. Sigurðardóttir bókmenntafræðingur, Jórunn Sigurðardóttir dagskrárgerðarmaður, Sólborg Erla Ingadóttir myndlistarkona, Hafliði Arngrímsson leikhúsmaður og Peter Weiss frá Goethe-Zentrum. Fundurinn er öllum opinn og hefst klukkan 20. Aðgangur er ókeypis.

### EKKI MISSA AF…

… málþingi um erfðabreytt matvæli sem haldið verður á Grand Hóteli við Sigtún í dag og hefst klukkan 16. Fyrirlesari verður prófessor **Carlo Leifert**, sérfræðingur í erfðabreytingu matvæla frá háskólanum í Newcastle.



… **Braga Ólafssyni** og fleiri skáldum sem lesa úr verkum sínum á þrítugasta **skáldaspírukvöldinu**, sem að venju verður haldið á Kaffi Reykjavík og hefst klukkan 21 í kvöld. Aðrir upplesarar eru **Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, Þórarinn Kristjánsson, Anna Hrefnudóttir** og **Sóley Þorvaldsdóttir.**




HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ

Brotið
eftir Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur Bachmann

Mið 2/3
Fös 4/3
Lau 5/3
Sun 6/3

Ath! Takmarkaður sýningarfjöldi

Miðasala í síma 555 2222
eða á www.hhh.is

Tenórinn

Sun. 6. mars kl. 20
Síðasta sýning

IÐNÓ
Miðasala í síma 562 9700
www.idno.is

Leikfélagið Snúður og Snælda sýnir:
Ástandið
Sögur kvenna frá hernámsárunum
Miðvikudagur 2/3 kl. 14.00
Sunnudagur 6/3 kl. 14.00
Takmarkaður sýningarfjöldi

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ

DRAUMLEIKUR
e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.
Frumsýning Fö 11/3 kl 20, Lau 12/3 kl 20, Lau 19/3 kl 20, Su 20/2 kl 20

HÍBÝLI VINDANNA
leikgerð Bjarna Jónssonar eftir vesturfarasögum Böðvars Guðmundssonar
Fö 4/3 kl 20 - UPPSELT, Lau 5/3 kl 20, Su 13/3 kl 20 Fi 17/3 kl 20, Fi 7/4 kl 20, Fö 8/4 kl 20, Lau 16/4 kl 20, Su 17/4 kl 20

ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN
SÝNIR: OPEN SOURCE
eftir Helenu Jónsdóttur
Fi 3/3 kl 20, Su 6/3 kl 20
Aðeins þessar sýningar

HÉRI HÉRASON
e. Coline Serreau
Sýningar halda áfram eftir páska.

LÍNA LANGSOKKUR
e. Astrid Lindgren
Su 6/3 kl 14 Síðasta sýning

HOUDINI SNÝR AFTUR
Fjölskyldusýning um páskana.
Forsala aðgöngumiða hafin.

LEIKHÚSVEISLA FYRIR HÓPA
- UPPSKRIFT AÐ SKEMMTILEGU KVÖLDI
Kl 18:00 Gleðistund í forsal - veitingasalan opin
Kl 18:30 Kynnisferð um leikhúsið
- kynning á verki kvöldsins
Kl 19:00 Matseðill kvöldsins
Kl 20:00 Leiksýning kvöldsins
NÆRING FYRIR SÁL OG LÍKAMA - BÓKIÐ Í TÍMA

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN

SEGÐU MÉR ALLT
e. Kristínu Ómarsdóttur
Su 6/3 kl 20, Su 13/3 kl 20, Lau 19/3 kl 20, Su 20/3 kl 20

BELGÍSKA KONGÓ
e. Braga Ólafsson, Gríman fyrir besta leik í aðalhlutverki
Fi 3/3 kl 20, Fö 4/3 kl 20, Lau 5/3 kl 20, Fi 10/3 kl 20, Fö 11/3 kl 20, Lau 12/3 kl 20
Lokasýningar

AUSA eftir Lee Hall
Í samstarfi við LA.
Su 6/3 kl 20, Su 13/3 kl 20
Ath: Miðaverð kr. 1.500

AMERICAN DIPLOMACY
eftir Þorleif Örn Arnarsson. Í samstarfi við Hið lifandi leikhús. Fi 3/3 kl 20, Fö 11/3 kl 20, Lau 18/3 kl 20

SAUMASTOFAN 30 ÁRUM SÍÐAR
eftir Agnar Jón Egilsson. Í samstarfi við TÓBÍAS.
Mi 2/3 kl 20, Fi 10/3 kl 20, Fi 17/3 kl 20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.
Frumsýning Fö 4/3 kl 20 - UPPSELT, Su 6/3 kl 20, Fö 11/3 kl 20, Su 12/3 kl 20, Fö 18/3 kl 20, Lau 19/3 kl 20

SVIK
eftir Harold Pinter
Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA
Lau 12/3 kl 20, Lau 19/3 kl 20

Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna
- gildir ekki á barnasýningar

Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin: 10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga 12-20 laugardaga og sunnudaga


# Afdrep fyrir heimspekina

**Heimspekikaffihús hafa tíðkast úti í hinum stóra heimi allt frá því að Marc Sautet byrjaði með eitt slíkt í París árið 1992. Í kvöld er röðin komin að Íslandi þegar fyrsta heimspekikaffihúsið hér hefur göngu sína á Café Cultura í Alþjóðahúsinu, Hverfisgötu 18. Þangað getur fólk lagt leið sína í þeim erindagjörðum að spjalla um heimspekileg hugðarefni sín. Umræðuefni fyrsta fundarins verður dauðinn.**



**ROBERT JACK** Stendur fyrir fyrsta heimspekikaffihúsinu á Íslandi, sem hefur göngu sína í kvöld á Café Cultura í Alþjóðahúsinu við Hverfisgötu.

„Þetta gæti hljómað eins og þetta sé afskaplega þunglyndislegt og drungalegt efni en það þarf alls ekki að vera það,“ segir Robert Jack sem ætlar að hafa stjórn á umræðunum.

„Margir heimspekingar hafa litið á meðvitundina um dauðann sem leið til að átta sig á því hvað það er sem skiptir máli í lífinu.“

Heimspekikaffihúsið verður opið öllum og hreint ekki ætlað lærðum heimspekingum einvörðungu. Þarna geta allir lagt sitt til máls, því aðeins að þeir fylgi fjórum viðmiðunarreglum sem hafðar verða í hávegum: 1. að tjá sig með rökum og dæmum, 2. að hlusta vel á aðra, 3. að spyrja út í óljósa hluti, og 4. að gagnrýna kurteislega illa rökstudda skoðun.

„Við ætlum ekki að fjalla um heimspeki heimspekinga heldur heimspeki þeirra sem mæta á staðinn,“ segir Robert, sem í símaskránni titlar sig heimspekilegan ráðgjafa.

Hann hefur undanfarið unnið að MA-ritgerð um heimspekipraktík, þar sem hann fjallar meðal annars um barnaheimspeki og heimspekikaffihús, auk heimspekilegrar ráðgjafar sem verður ný starfsgrein hér á landi innan tíðar.

„Heimspekilegri ráðgjöf er kannski nærtækast að líkja við sálfræðilega ráðgjöf. Almennt má segja að sálfræðingar snúi sér beint að tilfinningum fólks en heimspekilegi ráðgjafinn fjalli meira um hugmyndir og viðhorf fólks, sem aftur á móti hafa áhrif á og móta tilfinningarnar.“





ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
GRJÓTHARÐIR
FYNDNIR OG RUDDALEGIR!

Stóra sviðið kl. 20.00
MÝRARLJÓS - Marina Carr
7. sýn. fim. 3/3 örfá sæti laus, 8. sýn. sun. 6/3 nokkur sæti laus, 9. sýn. lau. 12/3 örfá sæti laus, 10. sýn. lau. 19/3 nokkur sæti laus, 11. sýn. fim. 31/3.
EDITH PIAF - Sigurður Pálsson
Fös. 4/3 uppselt, fös. 11/3 uppselt, fös. 18/3 uppselt, sun. 20/3 60. sýning uppselt, lau. 2/4 uppselt, sun. 3/4 örfá sæti laus, fim. 7/4, fös. 8/4 nokkur sæti laus.
ÖXIN OG JÖRÐIN - Ólafur Gunnarsson. Leikgerð: Hilmar Jónsson.
Lau. 5/3 nokkur sæti laus, fim. 10/3, fim. 17/3.
Aðeins þessar þrjár sýningar eftir.
DÝRIN Í HÁLSASKÓGI - Thorbjörn Egner
Sun. 6/3 kl. 14:00 örfá sæti laus. Allra síðasta sýning.

Smíðaverkstæðið kl. 20.00
GRJÓTHARÐIR - Hávar Sigurjónsson
Fim. 3/3 nokkur sæti laus, sun. 6/3 nokkur sæti laus, lau. 12/3 nokkur sæti laus, lau. 19/3. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!
NÍTJÁNHUNDRUÐ - Kaffileikhús - Alessandro Barrico
Fös. 4/3 nokkur sæti laus, fös. 11/3 nokkur sæti laus. Aðeins þessar tvær sýningar eftir. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

Litla sviðið kl. 20.00
BÖNDIN Á MILLI OKKAR - Kristján Þórður Hrafnsson
Aukasýning fim. 3/3 örfá sæti laus. Allra síðasta sýning.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

Miðasölusími: 551 1200 Netfang: midasala@leikhusid.is Veffang: www.leikhusid.is
Opið kl. 12:30-18:00 mán.-þri. Aðra daga kl. 12:30-20:00. Símapantanir frá kl. 10:00 virka daga.
Þjóðleikhúsið sími 551-1200



# Ástin er hverflynd

LEIKLIST

VALGEIR SKAGFJÖRÐ

**Brotið**

Hafnarfjarðarleikhúsið

**Höfundur:** Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachmann. **Leikstjóri:** Erling Jóhannesson. **Leikmynd:** Þórarinn Blöndal. **Lýsing:** Egill Ingibergsson. **Búningar:** Bergþóra Magnúsdóttir. **Tónlist:** Margrét Örnólfsdóttir. **Leikarar:** Elma Lísa Gunnarsdóttir, Friðrik Friðriksson, Guðmundur Ingi Þorvaldsson og Þrúður Vilhjálmsdóttir.

**NIÐURSTAÐA:** Vel heppnað byrjendaverk.



**BROTIÐ** Elma Lísa Gunnarsdóttir í hlutverki sínu.

Ég vil byrja á því að óska höfundinum til hamingju með vel heppnað byrjendaverk. Þórdís Elva ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur en þessi unga kona hefur mikinn kjark að sýna okkur inn í heim þeirra sem búa með alvarlega andlega veikum einstaklingum.

Hún hefur óvenju góða innsýn og þekkingu á söguefninu og galdrar fram úr töfrastaf sínum hversdagslega ljóðrænan texta sem verður á stundum of seigur í meðförum leikaranna en oftar segir hann þá sögu og miðlar þeim litbrigðum manneðlisins sem höfundur ætlast til.

Það er ekki létt verk að leika sjúka aðstandendur andlega brotinna einstaklinga og þaðan af síður létt verk að túlka þann sem þjáist af hinu andlega meini. Samband elskendanna byrjar eins og best verður á kosið: blóm, kossar og geggjað kynlíf en smám saman fer meinið að taka völdin. Því veikari sem einstaklingurinn verður þeim mun harðar gengur aðstandandinn fram í því að hafa allt gott sama á hverju dynur og þótt hverjum heilvita manni finnist að viðkomandi ætti að koma sér burtu úr aðstæðunum þá er það nú einu sinni svo að með ástina að vopni finnst honum hægt að lækna allt. Enginn kemur til aðstoðar. Öll lyf eru vita gagnslaus. Einangrunin verður algjör og hrunið óumflýjanlegt.

Ef skipt væri um sjúkdóm og t.d. krabbamein sett í staðinn þá skilja allir þau einföldu sannindi að maður yfirgefur ekki maka sinn fyrr en allt er yfir staðið. Samfélag okkar lítur öðrum augum á sjúkdóma eins og alkóhólisma, geðhvörf, þunglyndi eða hvaða önnur andleg mein sem mannskepnan hefur erft. Slíkt er ekkert annað en aumingjaskapur, leti og ómennska að margra dómi.

Stærsti kosturinn við þessa sýningu er opnunin á þessa umræðu og nálgun leikhússins sem hefur þann einstæða möguleika að sýna tilfinningar. Leikarinn hefur hlotið þá þjálfun að geta sýnt inn í kviku manneskjunnar og það gerðu leikararnir af fullri einurð.

Elma Lísa var ótrúlega mögnuð í túlkun sinni. Hún kom til skila niðurlægingunni, einangruninni og tilfinningadofanum sem hlaust af því að fá aldrei neina endurgjöf af hálfu mannsins sem hún þó elskaði svo takmarkalaust.

Þrúður Vilhjálmsdóttir er einkar glæsileg leikkona á sviði og sýndi okkur sömu konuna á öðru tímaskeiði. Túlkun hennar var þróttmikil og öguð. Djúp og blæbrigðarík raddbeiting hennar vann einstaklega vel með persónusköpun hennar en ég saknaði þess stundum að sjá ekki meira skap í þessari konu miðað við allt og allt.

Friðrik Friðriksson vann mjög einlæglega og fallega úr sinni persónu og það að mann langaði til að sparka í hann og segja honum að hætta þessu væli og drífa sig út að gera eitthvað færði mér heim sanninn um það að túlkunin væri fullkomin.

Þá er komið að hlut Guðmundar Inga en hann „sagði fátt“ í sýningunni. Leikur hans verður þó að teljast með því erfiðasta sem leikari stendur frammi fyrir – þ.e. að gera ekki neitt. Það er list að gera ekki neitt en gera samt alveg helling. Flott hjá Guðmundi Inga.

Leikstjórinn getur verið ánægður með sinn hlut. Erling vinnur verkið fagmannlega og efnistökin eru einhvern veginn svo rétt. Notkun spegla í leikmyndinni var sérlega vel heppnuð og gaf sýningunni aðra vídd.

Við þurfum að brjóta niður veggi einangrunar þegar kemur að geðheilsu okkar. Hún er langt því frá að vera sjálfsögð.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

27 28 **1** 2 3 4

**Þriðjudagur**

### KVIKMYNDIR

20.00 **Kvikmyndasafn Íslands** sýnir **Nashville**, mynd Roberts Altman frá árinu 1975, í Bæjarbíói, Strandgötu 6, Hafnarfirði.

### TÓNLEIKAR

21.00 **Hörður Torfason** er á tónleikaferðalagi um Norðurland og kemur í kvöld fram á kaffihúsinu Sogn á Dalvík.

### FYRIRLESTRAR

12.15 Dr. **Pétur Knútsson**, lektor í ensku við Háskóla Íslands, flytur fyrirlestur á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í stofu 101 í Lögbergi.

### FUNDIR

16.00 Kynning á framhaldsnámi við Kennaraháskóla Íslands verður í fyrirlestrarsalnum Bratta í nýbyggingu skólans Hamri við Stakkahlíð.

16.00 Málþing um **erfðabreytt matvæli**, áhrif og áhættu ræktunar og neyslu, verðu.

### SAMKOMUR

20.00 Goethe Zentrum og Femínistafélag Íslands kynna Nóbelsskáldið **Elfriede Jelinek** á Kaffi Sólon.

20.30 Fyrsta **heimspekikaffihúsið** á Íslandi hefur göngu sína í Café Cultura í Alþjóðahúsinu, Hverfisgötu 18.

21.00 **Bragi Ólafsson, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, Þórarinn Kristjánsson, Anna Hrefnudóttir og Sóley Þorvaldsdóttir** lesa úr verkum sínum á Skáldaspírukvöldi á Kaffi Reykjavík.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.





TOSCA

Landsbankinn

7. sýn. 4. mars kl. **20 – Uppselt** – 8. sýn. 6. mars kl. **19 – Uppselt**
9. sýn.12. mars kl. **19 – Uppselt – Síðasta sýning**
AUKASÝNING: Mið. 2. mars kl. 20 – Örfá sæti laus
AUKASÝNING: Fim. 10. mars kl. 20 – Örfá sæti laus
Styrkt af Vinafélagi Íslensku óperunnar
**Ekki er hleypt inn í salinn eftir að sýningin hefst**
**Miðasala á netinu: www. opera.is**
www.opera.is | midasala@opera.is | **Sími miðasölu: 511 4200** | ÍSLENSKA ÓPERAN
Miðasalan er opin kl. 14–18 virka daga, kl. 13–18 lau. og sun. og fram að sýningu sýningardaga. Símasala frá kl. 10 virka daga.

hótel SAGA – þín saga!

**Söguleg 40 ár**

Fyrir 40 árum útskrifaði Hótel Saga fyrstu nemana í framreiðslu og matreiðslu og seinna einnig nema með „Diploma“ í smurbrauði. Samtals eru þetta yfir 300 manns á þessum fjórum áratugum.

**Nokkrum „Löllum“ datt í hug fyrir skemmstu að halda upp á þetta og boðum þig með þínum maka til þessarar einstöku og stórmerkilegu uppákomu.**

Dagskráin verður hin vandaðasta eins og Sögu er líkt.
Nánari upplýsingar verða ekki veittar, en eftirfarandi leiðbeiningum skal strangt fylgt:

**Haldið í Súlnasal 24.mars n.k. (skírdag) kl.18.00**

**Hverjir hafa aðgang?**

**Allir sem útskrifast hafa 1965- 2005 í framreiðslu, matreiðslu og smurbrauði, ásamt maka.**
**Miðasala fer aðeins fram 2. og 3. mars á Mímisbar milli kl. 15.30 og 18.30 báða dagana.**

***Undirbúningsnefndin***












KVIKMYNDIR

# Eastwood klikkaði ekki

Hnefaleikadramað Million Dollar Baby vann flest stærstu verðlaunin á Óskarsverðlaunahátíðinni sem var haldin í 77. sinn í Hollywood í fyrrinótt.

Hún var kjörin besta myndin, Clint Eastwood besti leikstjórinn, Hilary Swank besta leikkona í aðalhlutverki og Morgan Freeman hreppti verðlaunin í fyrsta sinn sem besti leikari í aukahlutverki. Jamie Foxx var valinn besti leikarinn fyrir hlutverk sitt í Ray, eins og margir höfðu búist við.

The Aviator vann fimm Óskarsverðlaun, þar á meðal Cate Blanchett sem besta leikkona í aukahlutverki. Leikstjórinn Martin Scorsese þurfti aftur á móti að horfa á eftir verðlaununum í fimmta sinn. Þar með jafnaði hann met nokkurra þekktra leikstjóra á borð við Alfred Hitchcock og Robert Altman sem báðir gengu tómhentir heim frá verðlaunum fimm sinnum.

Clint Eastwood, sem var talinn líklegastur ásamt Scorsese til að hljóta Óskarinn, setti nýtt met með því að verða elsti leikstjórinn til að handleika styttuna gljáfægðu, eða 74 ára. Kappinn minntist á móður sína sem var í salnum þegar hann vann sömu verðlaun fyrir vestrann Unforgiven árið 1992. „Hún er með mér á nýjan leik í kvöld, 96 ára. Ég þakka henni fyrir genin," sagði hann. „Mér finnst ég vera eins og krakki. Ég á enn þá eftir að gera heilmikið."

Hilary Swank vann Óskarinn í annað sinn, en áður hafði hún hlotið verðlaunin fyrir Boys Don't Cry árið 1999. Þá bar hún sigurorð af Annette Bening, rétt eins og núna. „Ég veit ekki hvað ég hef gert til að verðskulda þetta," sagði Swank. „Ég er bara stelpa úr hjólhýsi sem átti sér draum." Swank er nú komin í hóp með þeim Vivien Leigh, Helen Hayes, Sally Field og Luise Rainer, sem allar náðu 100% vinningshlutfalli á Óskarnum. Voru þær tilnefndar tvisvar sinnum og unnu jafnoft.

„Klappið fyrir Ray Charles og hans miklu arfleifð. Takk fyrir að hafa lifað," sagði Jamie Foxx, sem vann Óskarinn í fyrsta sinn í gær fyrir túlkun sína á tónlistarmanninum Ray Charles sem lést síðasta sumar. Foxx, sem var einnig tilnefndur fyrir aukahlutverk í Collateral, var þekktur grínisti áður en hann sneri sér að alvarlegri hlutverkum. Náði hann m.a. vinsældum fyrir sjónvarpsþættina The Jamie Foxx Show og grínmyndina Booty Call. ■

### HELSTU ÓSKARSVERÐLAUNIN

**Besta myndin:** Million Dollar Baby
**Besti leikstjóri:** Clint Eastwood (Million Dollar Baby)
**Besti leikari í aðahlutverki.** Jamie Foxx (Ray)
**Besta leikkona í aðalhlutverki:** Hilary Swank (Million Dollar Baby)
**Besti leikari í aukahlutverki:** Morgan Freeman (Million Dollar Baby)
**Besta leikkona í aukahlutverki.** Cate Blanchett (The Aviator)
**Besta erlenda mynd:** The Sea Inside (Spánn)
**Besta teiknimynd:** The Incredibles
**Besta frumsamda handrit:** Eternal Sunshine of the Spotless Mind
**Besta handrit byggt á áður birtu efni:** Sideways
**Besta heimildarmynd:** Born Into Brothels
**Bestu tæknibrellur:** Spider Man 2



**BESTU LEIKARAR** Hilary Swank og Jamie Foxx með Óskarana sem þau fengu í fyrrinótt.



**TVEIR ÓSKARAR** Leikstjórinn Clint Eastwood heldur á Óskarsverðlaununum fyrir myndina Million Dollar Baby.

AP/MYNDIR







FRÁBÆR SKEMMTUN
SAMBÍÓIN
KRINGLAN
ATH! AUKASÝNING KL. 9.15
HELVÍTI VILL HANN
HIMNARÍKI VILL
HANN EKKI
JÖRÐIN ÞARFNAST HANS
MAGNAÐUR SPENNUTRYLLIR
MEÐ KEANU REEVES OG
RACHEL WEISZ Í AÐALHLUTVERKI.
STRANGLEGA BÖNNUÐ INNAN 16 ÁRA!
kl. 5.30, 8, 9.15 & 10.30 B.i. 16
★★★ kvikmyndir.is
WHITE NOISE
Yfirnáttúrulegur spennutryllir af bestu gerð sem vakið hefur gríðarleg viðbrögð og slegið rækilega í gegn í USA og víðar.
VARÚÐ: YKKUR Á EFTIR AÐ BREGÐA.
Sýnd kl. 6, 8.15 & 10.30 B.i. 16
Frílinn
kl. 5.30 m/ísl. tali. kl. 7 m/ensku tali.
www.sambioin.is


REGNBOGINN
REGNBOGINN
ER ÓSKARSVERÐLAUNABÍÓIÐ
2 ÓSKARSVERÐLAUNA TILNEFNINGAR
Ef þú trúir á ást við fyrstu sýn, hættir þú aldrei að horfa
★★★ S.V. Mbl
Julia Roberts • Natalie Portman • Jude Law • Clive Owen
CLOSER
kl. 5.45, 8 og 10.15 B.i. 14
GRÍMAN 2
kl. 6 m/ísl. tali
7 ÓSKARSVERÐLAUNA TILNEFNINGAR
"Ein snjallasta mynd ársins...Ógleymanleg... ljúf kvikmyndaperla."
SV MBL ★★★★★
kl. 5.40, 8 og 10.20
1 ÓSKARSVERÐLAUNA TILNEFNING
★★★ - ÓHT Rás 2
kl. 8
SIDEWAYS
5 ÓSKARSVERÐLAUNA TILNEFNINGAR
★★★★ B.i. 14 ára
"Fullkomlega ómissandi mynd."
SV MBL
kl. 5.30, 8 & 10.30
2 ÓSKARSVERÐLAUNA TILNEFNINGAR
kl. 10.20
400 KR. Í BÍÓ Í REGNBOGANUM
Gildir á fyrstu sýningar dagsins í öllum sölum, merktar með rauðu!


SÍMI 553 2075
LAUGARÁS BÍÓ
– bara lúxus
JAMIE KENNEDY
GRÍMAN 2
SONUR GRÍMUNNAR
ATH! GÆTI HUGSANLEGA VAKIÐ ÓTTA UNGRA BARNA
Sýnd kl. 4 og 6 með ísl. tali
Sýnd kl. 6.15, 8 & 10 með ens. tali og ísl. texta
6 tilnefningar til Óskarsverðlauna þ.á.m. besta mynd, leikstjóri og aðalleikari
★★★ J.H.H. kvikmyndir.com
★★★ - ÓHT Rás 2
Sýnd kl. 6 og 9 B.i. 12
★★★ - S.V. MBL.
★★★ - kvikmyndir.is
Sýnd kl. 4, 8 og 10.15
SALTKRÁKU
Sýnd kl. 4 M/ ÍSL.TAL - ATH! 500 KR.
MasterCard korthafar fá 2 fyrir 1 á allar sýningar í dag á Gríman 2 ef greitt er með MasterCard korti. Tilboðið gildir í öllum húsum!


ÞÚ SÉRÐ ÓSKARSVERÐLAUNAMYNDIRNAR Í HÁSKÓLABÍÓI!
MILLION DOLLAR BABY
BESTA MYND · BESTA LEIKKONA Í AÐALHLUTVERKI
BESTI LEIKSTJÓRI · BESTI LEIKARI Í AUKAHLUTVERKI
JAMIE FOXX
RAY
BESTI LEIKARINN
BESTA HLJÓÐBLÖNDUNIN
LEONARDO DiCAPRIO
AVIATOR
THE AVIATOR
BESTA LEIKKONA Í AUKAHLUTVERKI
BESTA KVIKMYNDATAKA
BESTA SVIÐSMYND
BESTA BÚNINGAHÖNNUN
BESTA KLIPPING
LEMONY SNICKETS
SERIES OF UNFORTUNATE
EVENTS
BESTA FÖRÐUN
THE INCREDIBLES
BESTA TEIKNIMYND
BESTA HLJÓÐKLIPPING
SAMBÍÓIN
Háskólabíó







## VIÐ TÆKIÐ — Minningunni leyft að lifa

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** SAKNAR HINA VINANNA

Fyrir nokkrum árum spratt fram á sjónarsviðið þátturinn um Vini. Vinsældir þessa þáttar urðu þvílíkar að talað var um Vinaæði. Allir elskuðu þau Joey, Chandler, Monicu, Rachel, Phoebe og Ross. En þátturinn, eins og annað gott, rann sitt skeið. Leikararnir urðu þreyttir á að segja sömu brandarana ár eftir ár

Alla velgengni verður hins vegar að nýta til fullnustu. Þetta veit bandarískt sjónvarp sem reynir að blóðmjólka velgengnina með misjöfnum hætti. Og ekki stóð á þeirri athöfn með Vinina. Þó að þeir hefðu runnið sitt skeið, var ákveðið að gera sjálfstætt framhald um eina aðalpersónuna, Joey. Þættirnir um Frasier, sem áður hafði verið aukapersóna í Cheers, slógu í gegn. Af hverju ætti Joey ekki líka að gera það? Ég, sem aðdáandi Vina, kættist. Enda kunni ég vel við þennan treggáfaða leikara, sem hafði góðan smekk fyrir letistólum, pítsum og konum. Ég sat því spenntur fyrir framan tækið. En því miður varð sú kátína ekki langlíf. Ég gerði mér fljótlega grein fyrir því, að það var ekki hægt að halda út tuttugu og fimm mínútum á heimsku Joey.

Og þá rann það upp fyrir mér, af hverju þátturinn um Joey gengur ekki upp. Hver hefði nennt að hlusta á tuttugu og fimm mínútur af fimm aura bröndurum Chandlers eða nördalegum tilsvörum


**JOEY ÁSAMT SYSTUR SINNI** Þátturinn virkar ekki án hinna vinanna.

Ross? Hvað með Rachel, hefði hún verið fyndin án Monicu og Phoebe?

Minningin um Vini lifir ekki góðu lífi í þáttunum um Joey. Enda er hann ekki fyndinn án þess að vera með hina vinina sér við hlið. ■


▶ **22.20** *Drama*

**Waking the Dead III. Sakamálaflokkur um Peter Boyd og félaga hans sem rannsaka gömul mál sem ekki hafa verið upplýst.**


▶ **20.00** *Gaman*

**Strákarnir. Sveppi, Auddi og Pétur sprella fyrir áhorfendur og spurning er hver þarf að taka áskorun í kvöld.**


▶ **20.00** *Raunveruleiki*

**The Biggest Loser. Nýr þáttur í umsjón Caroline Rhea þar sem offitusjúklingar keppast um að megra sig.**

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Gormur (24:26)

**18.30 Frumskógarlíf (2:6)**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljósið**
**20.00 Mæðgurnar (22:22)**
**20.45 Mósaík** Textað á s. 888 í Textav.
**21.25 Hvað veistu? (20:29)** (Viden om) Dönsk þáttaröð um vísindi og rannsóknir. Að þessu sinni er fjallað um heilamyndir.
**22.00 Tíufréttir**
▶ **22.20 Dauðir rísa (3:8)** (Waking the Dead III) Breskur sakamálaflokkur um Peter Boyd og félaga hans í þeirri deild lögreglunnar sem rannsakar eldri mál sem aldrei hafa verið upplýst. Hver saga er sögð í tveimur þáttum. Þættirnir unnu til Emmy-verðlauna sem besta leikna sjónvarpsefnið. Aðalhlutverk leika Trevor Eve, Sue Johnston, Claire Goose, Holly Aird og Wil Johnson. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.10** Örninn (4:8) **0.10** Kastljósið **0.30** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.00** Neighbours **12.25** Í fínu formi **12.40** Fear Factor (e) **13.30** Game TV **13.55** Hidden Hills (e) **14.20** Married to the Kellys (e) **14.45** George Lopez 3 (e) **15.10** Derren Brown – Trick of the Mind (e) **15.35** Scare Tactics (e) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours

**18.18 Ísland í dag**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)
▶ **20.00 Strákarnir**
**20.30 Amazing Race 6 (9:15)** (Kapphlaupið mikla)
**21.15 Las Vegas 2 (8:22)** Aðalhlutverkið leikur James Caan.
**22.00 The 4400 (5:6)** (4400) Fljúgandi furðuhlutur lendir á jörðinni með 4.400 manns. Í hópnum er fólk af ólíkum toga. Þeir sem hafa verið lengst í burtu hurfu fyrir áratugum en aðrir í aðeins fáeina mánuði. Allir eiga það sameiginlegt að líta út nákvæmlega eins og áður.
**22.45 The Wire (6:12)** (Sölumenn dauðans 3) Myndaflokkur sem gerist á strætum Baltimore í Bandaríkjunum. Stranglega bönnuð börnum.

**23.40** Twenty Four 4 (e) (Stranglega bönnuð börnum) **0.25** Nip/Tuck 2 (e) (Stranglega bönnuð börnum) **1.10** Cold Case 2 (e) (Bönnuð börnum) **1.55** Sister Mary Explains It All **3.25** Fréttir og Ísland í dag **4.45** Ísland í bítið (e) **6.20** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SKJÁREINN

**7.00** Malcolm In the Middle (e) **7.30** Innlit/útlit (e) **8.20** One Tree Hill (e)

**18.30 One Tree Hill (e)**
**19.30 The Simple Life 2 (e)**
▶ **20.00 The Biggest Loser – NÝTT!** Caroline Rhea er umsjónarmaður The Biggest Loser. Í þáttunum keppa offitusjúklingar, með hjálp sérvalinna einkaþjálfara um hverjum gengur best að megra sig og halda reglurnar. Sá sem ber sigur úr býtum fær ekki einungis 250.000 dollara í sinn hlut heldur eykur hann einnig lífsgæði sín með hollari lífsháttum.
**21.00 Innlit/útlit** Vala Matt fræðir sjónvarpsáhorfendur um nýjustu strauma og stefnur í hönnun og arkitektúr.
**22.00 Queer Eye for the Straight Guy** Sú stund rennur upp í lífi hvers og eins að hann þarf að takast á við sannleikann og stundum verður hver honum sárreiðastur.
**22.45 Jay Leno** Jay

**23.30** Survivor Palau (e) **0.15** Law & Order (e) **1.00** Óstöðvandi tónlist

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Hi-Life (Bönnuð börnum) **8.00** Moulin Rouge **10.05** Zoolander **12.00** The Score **14.00** Moulin Rouge **16.05** Zoolander **18.00** The Score **20.00** Hi-Life (Bönnuð börnum) **22.00** A Guy Thing (Bönnuð börnum) **0.00** Pola X (Stranglega bönnuð börnum) **2.10** Blow (Stranglega bönnuð börnum) **4.10** A Guy Thing (Bönnuð börnum)

### OMEGA

**7.00** Joyce M. **7.30** Benny H. **8.00** T.D. Jakes **8.30** Robert S. **9.30** Ron P. **10.00** Joyce M. **10.30** Gunnar Þorsteinsson (e) **11.00** Um trúna og tilveruna **11.30** Maríusystur **12.00** Fíladelfía (e) **13.00** Í leit að vegi Drottins **13.30** Acts Full Gospel **14.00** Joyce M. **14.30** Ron P. **16.00** Robert S. **18.00** Joyce M. **19.30** Um trúna og tilveruna **20.00** Robert S. **21.00** Ron P. **21.30** Joyce M. **22.00** Dr. David Cho **22.30** Joyce M.

### AKSJÓN

**7.15** Korter **20.30** Bæjarstjórnarfundur **23.15** Korter

### ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**13.00** Football: UEFA Champions League Happy Hour **14.00** Football: Eurogoals **15.00** Tennis: WTA Tournament Dubai **18.00** Football: UEFA Champions League Happy Hour **19.00** Boxing: International contest Bayreuth **20.00** Boxing **22.00** Trial: World Indoor Championships St Petersburg **23.00** News: Eurosportnews Report **23.15** Xtreme Sports: Winter X-games United States **0.15** All Sports: Casa Italia

**BBC PRIME**
**12.00** EastEnders **12.30** Passport to the Sun **13.00** Animal Hospital **13.30** Teletubbies **13.55** Tweenies **14.15** Bits & Bobs **14.30** Step Inside **14.40** Andy Pandy **14.45** The Story Makers **15.05** Serious Jungle **15.30** The Weakest Link **16.15** Big Strong Boys **16.45** Cash in the Attic **17.15** Ready Steady Cook **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** Animals – The Inside Story **20.00** Top Gear Xtra **21.00** Life Before Birth **22.00** Casualty **22.50** Holby City **0.00** Prince Albert

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Tragedy at Bhopal **12.30** Demolition Squad **13.00** Dogs with Jobs **13.30** Insects from Hell **14.00** Air Crash Investigation **15.00** Seconds from Disaster **16.00** Alien Big Cats **17.00** Battlefront **17.30** Battlefront **18.00** The Last Flight of TWA 800 **18.30** Demolition Squad **19.00** Dogs with Jobs **19.30** Insects from Hell **20.00** Alien Big Cats **21.00** Air Crash Investigation **22.00** Seconds from Disaster **23.00** Battlefront **23.30** Battlefront **0.00** Air Crash Investigation **1.00** Seconds from Disaster

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Animal Doctor **12.30** Emergency Vets **13.00** The Natural World **14.00** Natural World **15.00** Wildlife SOS **15.30** Aussie Animal Rescue **16.00** The Planet's Funniest Animals **16.30** Amazing Animal Videos **17.00** Young and Wild **17.30** That's My Baby **18.00** Monkey Business **18.30** Big Cat Diary **19.00** The Natural World **20.00** Natural World **21.00** Venom ER **22.00** The Natural World **23.00** Pet Rescue **23.30** Breed All About It **0.00** Animal Doctor

**DISCOVERY**
**12.00** Boston Law **13.00** Extreme Machines **14.00** Extreme Machines **15.00** Super Structures **16.00** Reel Wars **16.30** Rex Hunt Fishing Adventures **17.00** Unsolved History **18.00** Wheeler Dealers **18.30** A 4X4 is Born **19.00** Mythbusters **20.00** Extreme Engineering **21.00** Building the Ultimate **21.30** Massive Machines **22.00** Aircrash **23.00** Forensic Detectives **0.00** My Titanic

**MTV**
**12.00** Newlyweds **12.30** Just See MTV **14.00** SpongeBob SquarePants **14.30** Wishlist **15.00** TRL **16.00** Dismissed **16.30** Just See MTV **17.30** MTV:new **18.00** The Rock Chart **19.00** Pimp My Ride **19.30** The Ashlee Simpson Show **20.00** Cribs **20.30** Jackass **21.00** Top 10 at Ten **22.00** Alternative Nation **0.00** Just See MTV

**VH1**
**12.00** VH1 Hits **16.00** So 80's **17.00** VH1 Viewer's Jukebox **18.00** Smells Like the 90s **19.00** VH1 Classic **19.30** Then & Now **20.00** Beyonce Rise & Rise Of **21.00** Best of Beyonce **21.30** Britney Spears Fabulous Life Of **22.00** VH1 Rocks **22.30** Flipside

**CLUB**
**12.20** Arresting Design **12.45** Famous Homes & Hideaways **13.10** Use Your Loaf **13.35** City Hospital **14.30** Matchmaker **15.00** Cheaters **15.45** Sizzle **16.10** Crimes of Fashion **16.35** Arresting Design **17.00** Yoga Zone **17.25** The Method **17.50** City Hospital **18.45** Crimes of Fashion **19.15** Arresting Design **19.40** The Roseanne Show **20.25** Cheaters **21.10** The Villa **22.00** Sex and the Settee **22.25** What Men Want **22.50** Sextacy

**E! ENTERTAINMENT**
**12.00** The E! True Hollywood Story **14.00** Fashion Police **15.00** Life is Great with Brooke Burke **15.30** MJ Project **16.00** The E! True Hollywood Story **18.00** 101 Most Starlicious Makeovers **20.00** The 2005 Academy Awards Wrap-Up **20.30** The Soup **21.00** Fashion Police **21.30** MJ Project **22.00** The E! True Hollywood Story **23.00** E! Entertainment Specials **0.00** MJ Project **1.00** 101 Most Starlicious Makeovers

**CARTOON NETWORK**
**12.05** Scooby-Doo **12.30** Spaced Out **12.55** Courage the Cowardly Dog **13.20** Samurai Jack **13.45** Johnny Bravo **14.10** Ed, Edd n Eddy **14.35** Codename: Kids Next Door **15.00** Dexter's Laboratory **15.25** The Cramp Twins **15.50** The Powerpuff Girls **16.15** Megas XLR **16.40** Samurai Jack **17.05** Tom and Jerry **17.30** Scooby-Doo **17.55** The Flintstones **18.20** Looney Tunes **18.45** Wacky Races

**JETIX**
**12.20** Gadget and the Gadgetinis **12.45** Black Hole High **13.10** Lizzie Mcguire **13.35** Braceface **14.00** Hamtaro **14.25** Moville Mysteries **14.50** Pokémon VI **15.15** Digimon I **15.40** Spider-Man **16.05** Sonic X **16.30** Totally Spies

**MGM**
**12.45** Mrs. Polifax – Spy **14.35** Something Wild **16.30** Access Code **18.00** Boy, Did I Get a Wrong Number! **19.40** Straight Out of Brooklyn **21.05** Return from the Ashes **22.50** The White Bus **23.40** Those Lips, Those Eyes **1.25** War Party **3.00** Silence of the Heart

**TCM**
**20.00** Passage to Marseilles **21.50** Dark Passage **23.40** Slim

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## QUEER EYE FOR THE STRAIGHT GUY *SkjárEinn* kl. kl. 22.00

### *Sítt að aftan*

***Þættirnir hafa verið á dagskrá Skjás eins um nokkurt skeið***

Samkynhneigðu tískulöggurnar eru mættar aftur á skjáinn til að taka gagnkynhneigðu strákana rækilega í gegn svo þeim vegni betur í sínu daglega lífi. Í kvöld fara tískulöggurnar til Marks. Hann upplifði sára tilfinningu þegar Karly stjúpdóttir hans sagðist elska hann en skammaðist sín fyrir sítt að aftan greiðslu hans. Og það er kannski ekki að furða. Hárstíll Mark er til umræðu í hvert skipti sem hann kemur inn í herbergi og er mönnum aðhlátursefni. Mark áttar sig allt í einu á því að nú er breytinga þörf og þá ekki bara á hárinu.



Samkynhneigðu tískulöggurnar.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Have me. Hold me. Love me. Buy me.“**

**Svar:** Gianni úr kvikmyndinni Member frá árinu 2001.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Góðan dag með Sigurði G. Tómassyni. **9.03** Dagmál Odds Ástráðssonar og Ragnheiðar Gyðu Jónsdóttur.

**12.15** Hádegisútvarpið – Fréttatengt efni með Sigmundi Erni Rúnarssyni og Sigurjóni M. Egilssyni. **13.00** Hrafnaþing. **14.03** Skemmtiþáttur Reykjavíkurakademíunnar. (e).

**15.03** Allt og sumt með Hallgrími Thorsteinsson og Helgu Völu Helgadóttur. **17.59** Á kassanum með Illuga Jökulssyni. **19.30** Endurtekin dagskrá dagsins.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Þjóðbrók **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Sáðmenn söngvanna **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfr. **12.50** Auðlind **13.05** Silungurinn **14.03** Útvarpssagan, Saga sonar míns **14.30** Rölt á milli **15.03** Vísindi og fræði **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.26** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Slæðingur **20.15** Það rignir í Nantes **21.00** Í hosíló **22.15** Lestur Passíusálma **22.21** Lóðrétt eða lárétt

**23.10** Rökkurrokk

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.26** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **20.00** Útvarp Samfés **21.00** Konsert **22.10** Rokkland **0.10** Glefsur **1.03** Næturtónar **2.03** Auðlindin **2.10** Næturtónar

**6.05** Einn og hálfur m. Magnúsi R. Einarssyni

## BYLGJAN FM 98,9

**05:00** Reykjavík Síðdegis endurflutt **07:00** Ísland í bítið **09:00** Ívar Guðmundsson

**12:00** Hádegisfréttir **12:20** Óskalaga hádegi **13:00** Íþróttir Eitt **13:05** Bjarni Arason **16:00** Reykjavík Síðdegis

**18:30** Kvöldfréttir Stöðvar 2 **19:30** Bragi Guðmundssonf **22:00** Þórhallur miðill - Lífsaugað.

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**06:00** Kolbrún Bergþórsd.(e.) **07:00** Gústaf Níelsson (e.) **08:00** Óskar Bergsson (e.) **09:03** Ólafur Hannibalsson **10:03** Rósa Ingólfsd. **11:03** Arnþrúður Karlsd.

**12:00** Fréttir **12:25** Ingibjörg Sólrún Gíslad. (e.) **12:45** Gunnar Örlygsson **13:05** Jörundur Guðmundsson **14:03** Kolbrún Bergþórsd. **15:03** Óskar Bergsson **16:03** Arnþrúður Karlsd. **17:05** Gústaf Níelsson

**18:00** Gunnar Örlygsson (e.) **18:30** Fréttir/Ísland í dag **19:40** Ingibjörg Sólrún Gíslad. (e.) **20:00** Ólafur Hannibalsson (e.) **21:00** Rósa Ingólfsd. (e.) **22:00** Jörundur Guðmundsson (e.) **23:00** Kolbrún Bergþórsd. (e.)

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



▶ **20.40** *Íþróttir*

**NBA – Bestu leikirnir. Hér verður sýndur þriðji leikur í úrslitaeinvígi Chicago Bulls og Phoenix suns árið 1993.**

## SÝN

**7.00** Olíssport

**18.30 David Letterman**
**19.15 Bandaríska mótaröðin í golfi** (Nissan Open)
**20.10 UEFA Champions League**
▶ **20.40 NBA – Bestu leikirnir** (Chicago Bulls – Phoenix Suns 1993) Chicago Bulls og Phoenix Suns mættust í úrslitum NBA árið 1993. Þriðji leikurinn í úrslitaeinvíginu verður lengi í minnum hafður en þríframlengja þurfti til að knýja fram úrslit. Chicago Bulls var ótvírætt lið tíunda áratugarins en þetta kvöld mættu þeir jafnokum sínum. Michael Jordan var allt í öllu hjá Bulls en með honum voru Scottie Pippen, Horace Grant, BJ Armstrong og Bill Cartwright. Liðsmenn Suns voru Charles Barkley, Dan Majerle, Kevin Johnson, Richard Dumas og Mark West.
**22.00 Olíssport**

**22.30 David Letterman** Það er bara einn David Letterman og hann er konungur spjallþáttanna. Góðir gestir koma í heimsókn og Paul Shaffer er á sínum stað. **23.15** World Supercross

## POPP TÍVÍ

**7.00** Jing Jang **12.00** Íslenski popp listinn (e) **17.00** Jing Jang **18.00** Fríða og dýrið (e) **19.00** Crank Yankers **20.00** Gary the Rat **20.30** I Bet You Will **21.00** Real World: San Diego **22.03** Jing Jang **22.40** Idol Extra (e) **23.10** Headliners (e)

**1.05** Father's Little Dividend **2.30** High Wall **4.10** No Guts, No Glory: 75 Years of Blockbusters

### HALLMARK

**12.00** Boyfriend For Christmas **13.45** Christy: Return to Cutter Gap **15.30** A Place Called Home **17.00** Touched by an Angel **18.00** Tidal Wave: No Escape **19.30** Law & Order **20.15** Don't Look Down **22.00** Reversible Errors

### BBC FOOD

**12.00** Tales from River Cottage **12.30** Friends for Dinner **13.30** Ready Steady Cook **14.00** Rick Stein's Food Heroes **14.30** The Tanner Brothers **15.00** Can't Cook Won't Cook **15.30** Nancy Lam **16.30** Ready Steady Cook **17.00** Jancis Robinson's Wine Course **17.30** The Thirsty Traveller **18.00** Food Source New Zealand **18.30** Island Harvest **19.30** Ready Steady Cook **20.00** A Cook's Tour **20.30** Kitchen Takeover **21.00** Can't Cook Won't Cook **21.30** Gondola On the Murray **22.30** Ready Steady Cook

### DR1

**12.00** Smagsdommerne **12.40** Sommerminder fra ¢en **12.55** High 5 **13.20** Hunde på job **13.50** Lægens bord **14.20** Når storken svigter **14.50** Nyheder på tegnsprog **15.00** Boogie **15.30** Ungefair **16.00** Vores vilde verden **16.05** Jagten på ilden **16.30** All About Animals **17.00** Biernes By **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Nyhedsmagasinet **18.30** Hvad er det værd? **19.00** Ryd op i dit liv **19.30** Arven **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Inspector Morse **22.45** Lad mig leve – henrettelsen af Wanda Jean **0.15** Boogie **0.45** Ungefair

### SV1

**13.15** Barnens ö **15.00** Rapport **15.05** Babyfarsa **16.00** Zapp me [Sápmi] **16.30** Krokodill **17.00** BoliBompa **17.01** Lilla röda traktorn **17.10** Klara färdiga gå! **17.20** Amandas Mexico **17.30** Fixat **18.00** Stallkompisar **18.25** Tracks video **18.30** Rapport **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Orka! Orka! **20.45** 24 Nöje **21.00** Debatt **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Sverige! **22.50** P.S. **23.20** Sändningar från SVT24





## HRÓSIÐ

*...fær Eiður Smári Guðjohnsen sem varð á sunnudag fyrstur Íslendinga til að hampa enska deildarbikarnum. Eiður Smári kom inn á sem varamaður hjá Chelsea og átti stóran þátt í 3-2 sigri liðsins á Liverpool.*

## DÓTAKASSINN

**Dótið?** Prodrive eða Borgarhjólið.

**Sem er?** Bifhjól sem sameinar kosti reiðhjóla, bifhjóla og smábíla. Hjólið er aðeins tveir og hálfur metri á lengd, eins og Smartbíllinn, en álíka breitt og mótorhjól. Hægt er að tvímenna á hjólið en það er með fjögur dekk. Því er stýrt eins og öðrum reiðhjólum, það er að halla þarf sér í beygjum, en að öðru leyti hefur það öll önnur þægindi bifreiða.

Borgarhjólið vegur um 300 kíló, aðeins um þriðjung þess sem litlir borgarbílar vega, og gengur fyrir lítilli bensín- eða dísilvél. Hjólið er þó í þróun og er hugmynd uppi um að gera hjól sem gengur einnig fyrir vetni svo borgarhjólin verði algjörlega umhverfisvæn. Hjólið er aðallega hugsað til þess að nota innan borgarmarkanna en hönnuðirnir ætla að reyna að gera það fjölbreytt svo það verði einnig hægt að nota það á þjóðvegunum.



Fjölmörg fyrirtæki hafa þegar sýnt Borgarhjólinu áhuga en það er fyrirtækið The Narrow Car Company sem vinnur að þróun þess. Mikil vinna er þó fyrir höndum og því má búast við að það fari ekki strax í framleiðslu.

„Fyrri borgarhjól hafa verið of lág og það hefur reynst erfitt að halda jafnvægi á þeim. Á borgarhjólinu okkar er ekki um slíkt að ræða þar sem hjólið er á fjórum dekkjum,“ segir Damian Harty einn af aðalhönnuðum Borgarhjólsins. Borgarhjólið þykir einnig hafa mikla kosti er varða öryggi og vilja hönnuðirnir meina að það sé álíka öruggt og meðal smábíll.

Sem fyrr segir er hjólið enn í hönnun en þegar framleiðslan verður komin á fullt má búast við að það rjúki út enda fátt betra en að komast í vinnuna á auðveldan, umhverfisvænan og örruggan hátt.



**Lárétt:** **1** svöl, **5** labb, **6** drykkur, **7** í röð, **8** skartgripur, **9** frægur bróðir, **10** tímabil, **12** títt, **13** nam, **15** sérhljóðar, **16** muldra, **18** biðji.

**Lóðrétt:** **1** fer um undirdjúpin, **2** gröm, **3** öfug röð, **4** fræddi, **6** gleðskapur, **8** formaður, **11** borg, **14** nögl, **17** tónn.

**Lausn**

**Lárétt:** **1** köld, **5** ark, **6** te, **7** fg, **8** men, **9** kain, **10** ár, **12** ótt, **13** tók, **15** ía, **16** umla, **18** óski.

**Lóðrétt:** **1** kafbátur, **2** örg, **3** lk, **4** menntaði, **6** teiti, **8** maó, **11** róm, **14** kló, **17** as.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




**TIL HAMINGJU, SJÓN!** Yndisfríð og brosmild börnin í 7-C í Melaskóla óskuðu nágranna sínum Sjón til hamingju með bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs með því að klippa út marglita stafi og líma kveðjuna á gluggann. Sjón svaraði að sjálfsögðu snortinn á móti: Takk, 7-C!

**BÖRNIN Í 7-C Í MELASKÓLA:** SKRIFUÐU SJÓN HAMINGJUÓSKIR Á SKÓLAGLUGGANN

# Fegursta kveðjan og þakkir

Þetta eru krakkarnir í 7-C í Melaskóla. Glugginn á skólastofu þeirra snýr út að heimili Sjóns. Þegar frétt barst sem eldur í sinu um að skáldið hefði unnið bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs vildu hjörtu æskunnar samgleðjast nágranna sínum.

„Við vissum að við myndum ekki hitta hann í eigin persónu svo við ákváðum að gera þetta í staðinn,“ segir Edda Pétursdóttir, umsjónarkennari 7-C, spurð um fallegu kveðjuna á rúðunni: Til hamingju, Sjón.

„Sjón sá þetta strax sama dag og veifaði til okkar, en morguninn eftir hafði hann sett sína eigin kveðju á móti: Takk 7-C!“ segir Edda brosmild og lýsir gleði barnanna yfir útspili verðlaunaskáldsins, en í framhaldi lásu þau ljóðin Haust og Borgarblús eftir Sjón úr bókinni Ljóðspor sem skólabörn á miðstigi fá.

Sjón segir kveðjuna eina þá fegurstu af öllum þeim kveðjum sem hann hefur hlotið undanfarna daga.




**TAKK, 7-C!** Sjón lét krakkana ekki bíða eftir svari og gladdi þau mjög.

Dóttir hans er í sama árgangi Melaskólans, en ekki sama bekk. Edda segir kveðjuna í raun hafa verið frá öllum árganginum, en eftir viku hafi verið kominn tími til að taka hana niður því ekki vilji börnin auglýsa um of heimkynni Sjóns.

„Jahá, ég segi það,“ segir Sjón skellihlæjandi. „Svo að bókmenntagrúppíurnar fari ekki að hanga í kringum húsið!“

Hann segir dóttur sína hafa kallað til sín daginn sem fréttin var kunngjörð að líta út um gluggann, sem og hann gerði.

„Og þá var þessi skemmtilega kveðja komin í gluggann og mikið afskaplega þótti mér vænt um það. Þetta var svo virkilega fallegt af þeim og yljar mínum gömlu hjartarótum. Ég vildi að þau sæju svar mitt strax morguninn eftir. Við vorum þarna að skrifast á yfir götuna á gluggunum. Þetta var alveg ný tegund af samskiptamáta,“ segir Sjón glaður og þakklátur í bragði. **thordis@frettabladid.is**



**tíska** o.fl.

**Á FIMMTUDÖGUM**

**✓ Auglýsingasíminn er 550 5000**

**auglysingar@frettabladid.is**

FRÉTTABLAÐIÐ - mest lesna blað landsins -




# Heldur áfram að hjálpa Strákunum

Hugi Halldórsson, sem margir þekkja sem Ofur-Huga úr 70 mínútum, hætti nýverið sem stjórnandi spurningaþáttarins Jing Jang sem hefur verið sýndur á Popptíví. Í hans stað hafa þeir Svali og Bjarni, úr útvarpsþættinum Zúber á FM957, stýrt þættinum.

Hugi segir það erfitt að vera einn með sjónvarpsþátt á hverju kvöldi. „Ég var einn með þáttinn algjörlega. Ég byrjaði með samstarfsfélaga, Eyvind Karlsson, sem hætti og það kom enginn annar í staðinn. Við vorum sammála um það ég og Steinn Kári dagskrárstjóri að þetta væri komið gott hjá okkur.“

Hugi segir að vinnan við þáttinn hafi engu að síður verið mjög skemmtileg. „Popptíví er frábær vinnustaður og mjög góður skóli. Það er aldrei að vita nema ég geri eitthvað meira í sjónvarpi.“ Hugi er þó ekki með öllu horfinn úr sjónvarpsgeiranum því hann fór nýverið til Boston til að taka upp liðinn Fríkað úti með Strákunum á Stöð 2. „Þetta var hefðbundna glens og grín. Sumir tóku því vel en aðrir ekki. Ætli ég verði ekki eitthvað að dunda með þeim og fá einhverjar hugmyndir. Ég mun hjálpa þeim eins og forðum.“ ■



**HUGI HALLDÓRSSON**
Hugi sló í gegn sem Ofur-Hugi í 70 mínútum. Hann er hættur á sjónvarpsstöðinni Popptíví.

CIVIC

HONDA
The Power of Dreams

# Veldu af skynsemi




Álfelgur aukabúnaður á mynd

VERÐLAUN: 5 STJÖRNUR Í ÁREKSTRARPRÓFUN NHTSA
4 STJÖRNUR Í ÁREKSTRARPRÓFUN EURO NCAP´S

HÉR & NÚ / SÍA

Snaggaralegur, 4 dyra, sjálfskiptur á Honda-góðu verði frá

**1.895.000** kr.

**19.922** á mánuði*

* Bílasamningur Lýsingar - 30% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum

honda.is

Í Honda Civic finnurðu allt sem þú leitar að í góðum bíl: Sparneytni, kraft, lipurð og einstaklega gott verð. Það fer vel um fjölskylduna í þessum snaggaralega bíl. Honda Civic er samnefnarinn fyrir hagsýni - og verkfræðingar Honda hafa sannað að ekki þurfi að fórna ánægju í akstri fyrir hagsýni. **Honda Civic - skynsamlegt val á Honda-góðu verði.**

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
**www.bernhard.is**

Umboðsaðilar: Bílavík, Reykjanesbær,sími 421 7800 - Bílver, Akranes, sími 431 1985 - Höldur, Akureyri, sími 461 6020 - Bragginn, Vestmannaeyjar, sími 481 1535

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000




event

Síðustu forvöð
að tryggja sér miða á atburð ársins!
**11 dagar** í sýningu
MIÐASALA: Skífan • Event.is • 575 1522
**20% afsláttur á Pilobolus fyrir Vörðufélaga**
Landsbankinn




BAKÞANKAR

KRISTÍNAR HELGU GUNNARSDÓTTUR


# Svo mannlífið blómstri...

Í fjallaþorpi hátt í svissneskum ölpum eru eingöngu rafmagnsbílar leyfilegir og rafmagnsstrætó heldur áætlun um bæinn. Fólk og farangur kemur og fer með einni lest sem gengur upp og niður dalinn. Byggingarstíll í gamalgrónu þorpinu er hefðbundinn og til að halda honum eru strangar reglur um nýbyggingar. Þær verða að tala sama tungumál og aldagömul húsin sem tengja fortíð við framtíð. Jafnvel ótal geitakofar sem standa skakkir á milli gistihúsa og glæstra hótela eru friðaðir til að halda svip liðins tíma. Þar hafa geitur enn aðsetur og gestir og gangandi gauka að þeim brauðmolum úr strigapokum sem hanga þar hjá.

**MARKMIÐ** friðunar í bænum er ekki endilega að varðveita ómetanlegan byggingarstíl, verk þekktra húsameistara, einstakt handverk eða rústir landnámsmanna. Stefnan í litla bænum er að geyma svipi fortíðar, stemmningu og tíðaranda. Líklega hefðu bændur fyrri tíma vandað sig betur við byggingu geitaskúranna ef þeir hefðu vitað að kofaskriflin yrðu friðuð – en engu að síður eru kofarnir ómetanlegir drættir í andliti þessa litla bæjar.

**NÚ BÍÐA** tuttugu og fimm hús aftöku við Laugaveg. Þau eru ekkert spes, bætt og stöguð líkt og gamlar vinnubuxur, engir ódauðlegir húsameistarar standa þeim að baki og þau eru ekki einu sinni þess virði að drösla þeim upp í Árbæ. Aldamótahús stendur til dæmis við Laugaveg 67. Samúel snikkari átti það fyrstur. Það er þarna eins og gamalt bútasaumsteppi og gæti muldrað: Hér er ég, hundrað árum síðar, hef staðið af mér konungsveldið, heimsstyrjaldirnar, rokkið og diskóið. Nei, nú skal losna við lúðasvipinn – skrýtin lítil húsaskrípi og skrautleg þök. Menn með framtíðarsýn vilja „tryggja nauðsynlega uppbyggingu nýs verslunar- og atvinnuhúsnæðis, en varðveita um leið yfirbragð og karakter gömlu húsanna við Laugaveg“.

**SKUGGAHVERFIÐ** er í meira lagi skondið dæmi um samræður gamalla og nýrra bygginga – súrrealískt dæmi úr uppskriftarbókinni sem stuðst er við nú um stundir. Samkvæmt uppskriftinni þrífst iðandi mannlíf illa í hundrað ára gömlum, augnstungnum og púkalegum kofaskriflum. Mögulega væri hægt að hafa geitur í skúrunum við Laugaveg, en augljóslega þrífst þar ekki fólk ef marka má nýjustu uppskriftir. ■


**Nýjasta tækni getur verið auðveld í rekstri**
**Fáðu meira út úr fyrirtækinu**



**Dell™ mælir með Microsoft® Windows® XP Professional.**



Dell™ OptiPlex™ GX280 er búin Intel® Pentium® 4 örgjörva með Hyper-Threading tækni sem getur aukið vinnsluhraða um allt að 25% án nokkurra breytinga á hugbúnaði. Þú færð öflugri tölvu, sem auk þess er sérhönnuð til að vinna á stóru innraneti með lágmarksviðhaldi og hámarkshagkvæmni.

| Dell™ OptiPlex™ GX280 |
|---|
| Intel® Pentium® 4 örgjörvi 3.0GHz með Hyper-Threading tækni, 1MB Cache/800MHz FSB |
| Microsoft® Windows® XP Professional |
| 512MB 400MHz DDR2 vinnsluminni (2X256MB) |
| 17" E173FP TFT flatur skjár |
| 80GB (7,200 rpm) SATA harður diskur |
| Intel® GMA 900 skjákort |
| Innbyggt Broadcom 10/100/1000 netkort |
| Verð **124.400,-** m/vsk |

**EJS er umboðsaðili Dell á Íslandi. Komdu til okkar á Grensásveg 10, Reykjavík eða Tryggvabraut 10 á Akureyri og við finnum réttu lausnina fyrir þig.**

DELL™

©2004 Dell Computer Corporation. Þessi auglýsing er með fyrirvara um birgðastöðu, verð og prentvillur. Verð einstakra íhluta er einungis gilt þegar varan er keypt í auglýstu pakkatilboði. Dell, Dell lógóið og Latitude eru annað hvort vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Dell Computer Corporation. Intel, Intel Inside lógóið, Intel Centrino, Intel Centrino lógóið, Pentium, Pentium III Xeon, Intel Xeon, Itanium, Intel SpeedStep, og Celeron eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Intel Corporation eða útibúa þess í Bandaríkjum Norður Ameríku og öðrum löndum. Önnur nöfn og vörumerki geta verið í eigu annarra. Microsoft og Windows eru skrásett vörumerki í eigu Microsoft Corporation. Dell gerir ekki tilkall til vörumerkja annarra. Ákveðinn Microsoft® hugbúnaður meðfylgjandi þessari tölvu getur notað afritunarvarnartækni. Í þeim tilvikum er ekki hægt að nota hugbúnaðinn nema hugbúnaðurinn sé sérstaklega virkjaður af notanda. Virkjun hugbúnaðarins og notkunarskilmálar Microsoft verður skýrt við fyrstu ræsingu hugbúnaðarins, við endurinnsetningu eða ákveðnar breytingar sem gerðar eru á stillingum tölvunnar. Virkjun er hægt að framkvæma yfir internetið eða með því að hringja í þjónustunúmer Microsoft 510 6920.

**Það er til lausn á öllu**
www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000




Skráning í síma 550 1200, hjá þjónustuveri í síma 550 1400, á www.spron.is eða í næsta útibúi SPRON.

**Þau fengu endurgreitt**

Í janúar endurgreiddum við skilvísum viðskiptavinum í fjölskylduþjónustu SPRON helming allra debetkortaárgjalda þeirra og hluta af greiddum vöxtum vegna skuldabréfa, íbúðalána, yfirdráttar eða víxla.

Má bjóða þér í hópinn?

Fjölskyldan

spron – fyrir allt sem þú ert